

# Stjórnartíðindi

## 2003 - B-deild - B142-144

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 2882 og 2888.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# ***Stjórnartíðindi***

**B 142-144**

**Nr. 963-1013**

**2003**

## Efnisyfirlit B 142–144 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
963	19. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Bessastaðahreppi .....	2797
964	18. des.	Reglur um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2003-2007 .....	2797-2803
965	27. nóv.	Gjaldskrá um holræsagjald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Ölfusi	2804
966	19. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Reykjavík .....	2805
967	19. des.	Reglur um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2003-2004 .....	2805-2811
968	15. des.	Reglur um ráðstöfun 400 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	2812
969	11. des.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar .....	2813-2826
970	30. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ .....	2826
971	12. des.	Reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2004 .....	2826-2829
972	12. des.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 460/2003 um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja .....	2829-2831
973	17. des.	Auglýsing um útvarpsgjald .....	2831
974	11. des.	Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 435/2003 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa .....	2832
975	12. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2004 .....	2832
976	12. des.	Gjaldskrá fyrir hundahald á Hellu árið 2004 .....	2833
977	16. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 316/2003, um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði .....	2833
978	10. des.	Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Súðavíkurreppi .....	2834
979	15. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðaustur Hvaleyrraholt“ í Hafnarfirði .....	2834
980	15. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar .	2835
981	16. des.	Reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu .....	2835-2848
982	5. des.	Reglugerð um skylduskil til safna .....	2849-2854
983	16. des.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins .....	2854-2855
984	16. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði .....	2855-2856
985	18. des.	Auglýsing um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2004 .....	2856
986	15. des.	Skipulagsskrá Styrktarsjóðs Guðmundu Andrésdóttur .....	2856-2858
987	11. nóv.	Gjaldskrá gatnagerðagjalda, byggingarleyfisgjalda og tengigjalda vatnsveitu í Skeggjastaðahreppi .....	2859-2861
988	19. des.	Reglugerð um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2004 .....	2861-2862
989	18. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá um greiðslur fyrir auka- verk presta þjóðkirkjunnar nr. 668 9. september 2003 .....	2862

Framhald á 3. kápusíðu.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 142 – 2003

19. desember 2003

2797

Nr. 963

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

*Hvoll.*

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 18. nóvember 2003 breytingu á deiliskipulagi við Hvol í Bessastaðahreppi. Í deiliskipulagi er nú gert ráð fyrir átta einbýlishúsum við Fálkastíg í stað þriggja í eldra deiliskipulagi, auk Hvols. Lóð fyrir dreifistöð rafveitu verður staðsett við Jörfaveg og bætt er við stíg frá Fálkastíg að Jörfavegi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 19. desember 2003.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

18. desember 2003

Nr. 964

## REGLUR

### um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2003-2007.

1. gr.

*Markmið o.fl.*

Ríkissjóður greiðir andvirði árlegra beingreiðslna af 7500 ærgildum sem keypt voru samkvæmt ákvæði 2.3 í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða dags. 11. mars 2000 í þeim tilgangi að styrkja svæði á landinu sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir. Grunnfjárhæð er miðuð við beingreiðslur í desember 2001.

2. gr.

*Heildargreiðslur.*

Heimilt er að verja allt að 37 milljónum króna á ári 2003-2007 til greiðslna samkvæmt 1. gr. Fjárhæðirnar skulu breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu í desember 2003, 230 stig.

## 3. gr.

*Sauðfjársvæði.*

Svæði sem eru háð sauðfjárrækt og með takmarkaða möguleika á annarri tekjuöflun samkvæmt 1. gr. hafa verið skilgreind samkvæmt forsendum í viðaukum I-II og eru eftirfarandi sveitarfélög:

- |                               |                              |
|-------------------------------|------------------------------|
| 1. Dalasýsla.                 | b) Öxarfjarðarhreppur.       |
| a) Saurbæjarhreppur.          | c) Raufarhafnarhreppur.      |
| b) Dalabyggð.                 | d) Svalbarðshreppur.         |
| 2. Norður-Ísafjarðarsýsla.    | e) Þórshafnarhreppur.        |
| a) Súðavíkurreppur.           | 9. Norður-Múlasýsla.         |
| 3. Austur-Barðastrandarsýsla. | a) Seyðisfjörður.            |
| a) Reykhólahreppur.           | b) Skeggjastaðahreppur.      |
| 4. Vestur-Barðastrandarsýsla. | c) Vopnafjarðarhreppur.      |
| a) Vesturbyggð.               | d) Fljótsdalshreppur.        |
| 5. Strandasýsla.              | e) Fellahreppur.             |
| a) Árneshreppur.              | f) Borgarfjarðarhreppur.     |
| b) Kaldrananeshreppur.        | g) Norður-Hérað.             |
| c) Hólmavíkurreppur.          | 10. Suður-Múlasýsla.         |
| d) Bæjarhreppur.              | a) Mjóafjarðarhreppur.       |
| e) Broddaneshreppur.          | b) Fáskrúðsfjarðarhreppur.   |
| 6. Vestur-Húnavatnssýsla.     | c) Búðahreppur.              |
| a) Húnaþing vestra.           | d) Stöðvarhreppur.           |
| 7. Austur-Húnavatnssýsla.     | e) Breiðdalshreppur.         |
| a) Áshreppur.                 | f) Djúpavogshreppur.         |
| b) Skagabyggð.                | 11. Vestur-Skaftafellssýsla. |
| 8. Norður-Þingeyjarsýsla.     | a) Skaftárhreppur.           |
| a) Kelduneshreppur.           |                              |

Þótt mælihlutföll og stigagjöf samkvæmt viðaukum I-II breytist svæðisbundið fyrir sýslu eða sveitarfélag hefur það ekki áhrif á áframhaldandi úthlutun greiðslna á tímabilinu 2003-2007.

## 4. gr.

*Rétthafar greiðslna.*

- Rétthafar greiðslna geta verið sauðfjárframleiðendur sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
- áttu 200 ær eða meira samkvæmt forðagæsluskýrslum veturinn 2002-2003,
  - eru búsettir á lögbýli á sauðfjársvæði samkvæmt 3. gr.

Sauðfjárframleiðendur í Árneshreppi teljast þó uppfylla skilyrði 1. mgr. ef þeir eiga 100 ær eða fleiri.

Sauðfjárframleiðandi getur því aðeins átt rétt til áframhaldandi greiðslna á gildistíma þessara reglna að fjárfjöldi fari ekki niður fyrir 75% af viðmiðunarmarki samkvæmt 1. mgr., 150 ær samkvæmt forðagæsluskýrslum staðfestum af búfjárefirtirlitsmanni og að hann hafi búsetu á lögbýli samkvæmt 1. mgr. Réttur til greiðslna er bundinn við það lögbýli sem hann stofnaðist á samkvæmt 1. mgr. Ef eigendaskipti verða að lögbýlinu öðlast nýr eigandi rétt til greiðslna enda uppfylli hann önnur skilyrði þessara reglna. Flytji rétthafi á annað lögbýli á sauðfjársvæði samkvæmt 3. gr. getur hann þó flutt með sér rétt til greiðslna enda sé slíkur réttur ekki fyrir á því lögbýli.

Ef sauðfjárframleiðandi selur greiðslumark sauðfjár að hluta eða öllu leyti sem fylgir lögbýli hans fellur niður réttur hans til greiðslna eftir þann tíma.

## 5. gr.

*Fjárhæðir.*

Fjárhæðir samkvæmt 2. gr. skulu skiptast milli rétthafa á hverjum tíma, sbr. 4. gr. og taka breytingum miðað við breytingar á fjölda rétthafa og vísitölu neysluverðs, sbr. 2. gr.

Sauðfjárframleiðendur í Arneshreppi skulu fá greitt 50% álag á fjárhæð samkvæmt 1. mgr.

## 6. gr.

*Gjalddagar.*

Fjárhæðir samkvæmt 5. gr. skulu greiddar með einni árlegri greiðslu eigi síðar en 1. júní ár hvert. Greiðsla fyrir árið 2003 skal þó fara fram eigi síðar en 31. desember 2003. Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslna skulu greiðslur fara fram eigi síðar en 30 dögum eftir að ákvörðun eða úrskurður um rétt til greiðslna liggur fyrir.

## 7. gr.

*Skráning rétthafa.*

Ákvarðanir um rétthafa greiðslna skulu byggðar á opinberum upplýsingum, m.a. upplýsingum úr forðagæsluskýrslum Bændasamtaka Íslands veturinn 2002-2003, greiðslumarksskrá í vörslu Bændasamtaka Íslands, sbr. lög nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins og þjóðskrá Hagstofu Íslands.

## 8. gr.

*Tilkynningar.*

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna öllum sauðfjárframleiðendum á sauðfjársvæðum samkvæmt 3. gr. um rétt til greiðslna samkvæmt 5. gr. fyrir 20. janúar 2004. Athugasemdir við tilkynningar skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands innan 30 daga frá dagsetningu þeirra. Bændasamtök Íslands skulu hafa svarað öllum athugasemdum um rétt til greiðslna eigi síðar en 31. mars 2004.

Einnig skulu Bændasamtök Íslands kynna fyrir sauðfjárframleiðendum úthlutunarreglur þessar og vekja athygli á rétti þeirra til athugasemda ef þeir telja sig uppfylla skilyrði fyrir framlögum en fá ekki tilkynningu samkvæmt 1. mgr.

## 9. gr.

*Uppgjör.*

Bændasamtök Íslands annast útreikning, skráningu og uppgjör greiðslna.

## 10. gr.

*Réttur til greiðslna fellur niður.*

Ef réttur til greiðslna fellur niður skulu Bændasamtök Íslands tilkynna sauðfjárframleiðanda það eigi síðar en 1. júní ár hvert. Athugasemdir skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar og skulu Bændasamtök Íslands hafa svarað athugasemdum eigi síðar en 15. ágúst.

## 11. gr.

*Kæruheimild.*

Ágreining um rétt til greiðslna samkvæmt reglum þessum er heimilt að kæra til landbúnaðarráðuneytisins.

12. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 18. desember 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

VIÐAUKI I

**Skilgreining svæða.**

Við skilgreiningu svæða er m.a. byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands og er miðað við búsetu 1. október 2001 og staðgreiðslu í þeim mánuði. Landbúnaður er skilgreindur sem deildir 01 og 02 (ÍSAT-95) og sauðfjárrækt er skilgreind sem grein 01221, þ.e. blandaður búskapur telst ekki með. Taldar voru einstakar kennitölur í viðmiðunarmánuði.

Grunngögnin eru bráðabirgðaupplýsingar frá Hagstofu Íslands um svæðabundna atvinnuskiptingu en einungis á eftir að gera á þeim minniháttar leiðréttingar.

Við skilgreiningu svæða voru notaðir eftirfarandi 3 mælikvarðar:

- vægi landbúnaðar á viðkomandi svæði
- hlutfall sauðfjárræktar í landbúnaði
- hlutfall sauðfjárræktar af heild.

Eftirfarandi tafla sýnir stigagjöf einstakra mælikvarða.

Hlutfall landbúnaðar	Stig	Hlutfall sauðfjárræktar af landbúnaði	Stig	Hlutfall sauðfjárræktar af heild	Stig
< 30%	0	< 25%	0	< 25%	0
30 – 39,9%	0,5	25 – 29,9%	0,5	25 – 29,9%	1
40 – 49,9%	0,75	30 – 34,9%	1	30 – 34,9%	2
50 – 59,9%	1	35 – 39,9%	1,5	35 – 39,9%	3
=> 60%	1,25	40 – 44,9%	2	=> 40%	4
		45 – 49,9%	2,5		
		50 – 54,9%	3		
		=> 55%	3,5		

Miðað er við sýslur og að meðalskor allra sveitarfélaga í sýslu sé 1,5 eða hærra.

- Ef meðalskor sýslunnar er => 3,0 teljast öll sveitarfélög sýslunnar styrkhæf.
- Ef meðalskor sýslunnar er á bilinu => 1,5 - < 3,0 teljast þau sveitarfélög sem ná skori => 3,0 styrkhæf

Sú undantekning er gerð að til styrkhæfra svæða teljast jafnframt Súðavíkurreppur og Vesturbyggð. Forsenda þessa er sú að byggðin (utan þéttbýlisstaða) er afar dreifbýl og um er að ræða sérstaklega miklar vegalengdir og erfiðar til þjónustukjarna. Atvinnusókn til þéttbýlisins er því ekki valkostur í sama mæli og annars staðar á landinu.

## VIÐAUKI II

## Stigagjöf einstakra svæða.

Sveitar- félags nr.	Sveitarfélag	Heildar- höld	Land- binnur	Sauðfjár- rekt	Landb. % af heild	Sauðfjár- % af landb.	Sauðfjárrækt % af heild	Stigun 1 hituféll landb. af heild	Stigun 2 hituféll sauðfjár- af landb.	Stigun 3 hituféll sauðfjár- af heild	Samtals stígg	Skilyrði upplýtt
<b>Gullbringu- og Kjósarsýsla</b>												
0000	Reykjavík	58.092	266	5	0,5%	1,9%	0,0%	0	0	0	0	
1000	Kópavogur	12.993	62	2	0,5%	3,2%	0,0%	0	0	0	0	
1100	Seljavígar	2.504	7	1	0,3%	14,3%	0,0%	0	0	0	0	
1300	Garðabær	4.635	18	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
1400	Hafnarfjörður	10.645	38	2	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
1603	Bessastöðhreppur	910	4	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
1604	Mosfellshar	3.394	69	1	2,0%	1,4%	0,0%	0	0	0	0	
1606	Kjósarhreppur	78	32	6	41,0%	18,8%	7,7%	0,75	0	0	0,75	
2000	Reykjanesbær	5.854	36	0	0,6%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2300	Grindavík	1.251	4	0	0,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2503	Sandgerði	744	3	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2504	Gerðahreppur	649	1	0	0,2%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2506	Vainstöystrandahreppur	422	18	0	4,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
		<b>102.171</b>	<b>558</b>	<b>17</b>	<b>0,5%</b>	<b>3,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Borgarfjarðarsýsla</b>												
3501	Hvalfjarðarstrandahar.	85	18	5	21,2%	27,8%	5,9%	0	0,5	0	0,5	
3502	Skilmannahreppur	74	8	3	10,8%	37,5%	4,1%	0	1,5	0	1,5	
3503	Imri-Akerneshreppur	74	15	3	20,3%	20,0%	4,1%	0	0	0	0	
3504	Leirár- og Malahreppur	65	16	6	24,6%	37,5%	9,2%	0	1,5	0	1,5	
3506	Skorradalshreppur	30	7	2	23,3%	28,6%	6,7%	0	0,5	0	0,5	
3510	Borgarfjarðarsveit	344	106	27	30,8%	25,5%	7,8%	0,5	0,5	0	1	
		<b>672</b>	<b>170</b>	<b>46</b>	<b>25,3%</b>	<b>27,1%</b>	<b>6,8%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>Nei</b>
<b>Mýrasýsla</b>												
3601	Hvílarsbúahreppur	24	14	6	58,3%	42,9%	25,0%	1	2	1	4	
3609	Borgabyggð	1.373	127	34	9,2%	26,8%	2,5%	0	0,5	0	0,5	
		<b>1.397</b>	<b>141</b>	<b>40</b>	<b>10,1%</b>	<b>28,4%</b>	<b>2,9%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>Nei</b>
<b>Smerfellnes- og Hneppadalssýsla</b>												
3701	Kolbeinssabúahreppur	48	31	10	64,6%	32,3%	20,8%	1,25	1	0	2,25	
3709	Eyrarsveit	524	13	5	2,5%	38,5%	1,0%	0	1,5	0	1,5	
3710	Helgafellssveit	34	11	6	32,4%	54,5%	17,6%	0,5	3	0	3,5	
3711	Slykkishölmur	687	5	3	0,7%	60,0%	0,4%	0	3,5	0	3,5	
3713	Eyja- og Miklahöfðsh.	62	30	6	48,4%	20,0%	9,7%	0,75	0	0	0,75	
3714	Smerfellshar	974	25	8	2,6%	32,0%	0,8%	0	1	0	1	
		<b>2.329</b>	<b>115</b>	<b>38</b>	<b>4,9%</b>	<b>33,0%</b>	<b>1,6%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Dalssýsla</b>												
3809	Saurbæjarhreppur	42	22	12	52,4%	54,5%	28,6%	1	3	1	5	
3811	Dalabyggð	359	92	74	25,6%	80,4%	20,6%	0	3,5	0	3,5	
		<b>401</b>	<b>114</b>	<b>86</b>	<b>28,4%</b>	<b>75,4%</b>	<b>21,4%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Norður-Ísafjarðarsýsla</b>												
4100	Bolungarvík	596	7	2	1,2%	28,6%	0,3%	0	0,5	0	0,5	
4200	Ísafjarðarhar	2.423	63	21	2,6%	33,3%	0,9%	0	1	0	1	
4803	Sibovíkurbhreppur	125	12	5	9,6%	41,7%	4,0%	0	2	0	2	
		<b>3.144</b>	<b>82</b>	<b>28</b>	<b>2,6%</b>	<b>34,1%</b>	<b>0,9%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Austur-Barðastrandarsýsla</b>												
4502	Reykholahreppur	162	38	22	23,5%	57,9%	13,6%	0	3,5	0	3,5	
		<b>162</b>	<b>38</b>	<b>22</b>	<b>23,5%</b>	<b>57,9%</b>	<b>13,6%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Vestur-Barðastrandarsýsla</b>												
4604	Tálknafjarðahreppur	210	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
4607	Vesturbyggð	615	32	8	5,2%	25,0%	1,3%	0	0,5	0	0,5	
		<b>825</b>	<b>32</b>	<b>8</b>	<b>3,9%</b>	<b>25,0%</b>	<b>1,0%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>Nei</b>



Sveitar- félags nr.	Sveitarfélag	Heildar- földi	Land- búnaður	Sauðfjár- rekti	Landb. % af heild	Sauðfjár. % af landb.	Sauðfjárrækt. % af heild	Stigun 1 hiðfall landb. af heild	Stigun 2 hiðfall sauðfjár. af landb.	Stigun 3 hiðfall sauðfjár. af heild	Samtals stig	Skilyrði upplýtt
<b>Strandarsýsla</b>												
4901	Arneshreppur	34	14	14	41,2%	100,0%	41,2%	0,75	3,5	4	8,25	
4902	Kaldmannshreppur	79	6	5	7,6%	83,3%	6,3%	0	3,5	0	3,5	
4904	Hölmavíkureppur	262	26	25	9,9%	96,2%	9,5%	0	3,5	0	3,5	
4908	Bæjarhreppur	72	25	20	34,7%	80,0%	27,8%	0,5	3,5	1	5	
4909	Brodaneshreppur	44	17	15	38,6%	88,2%	34,1%	0,5	3,5	2	6	
<b>491</b>	<b>88</b>	<b>491</b>	<b>79</b>	<b>79</b>	<b>17,9%</b>	<b>89,8%</b>	<b>16,1%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Vestur-Húnavatnssýsla</b>												
5508	Húnaþing vestra	680	144	83	21,2%	57,6%	12,2%	0	3,5	0	3,5	<b>Já</b>
<b>680</b>			<b>144</b>	<b>83</b>	<b>21,2%</b>		<b>12,2%</b>		<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	
<b>Austur-Húnavatnssýsla</b>												
5601	Ashreppur	35	16	12	45,7%	75,0%	34,3%	0,75	3,5	2	6,25	Já
5602	Sveinastahreppur	48	22	3	45,8%	13,6%	6,3%	0,75	0	0	0,75	
5603	Torflækjastreppur	57	17	7	29,8%	41,2%	12,3%	0	2	0	2	
5604	Bíðubús	529	24	6	4,5%	25,0%	1,1%	0	0,5	0	0,5	
5605	Svinavannshreppur	65	29	8	44,6%	27,6%	12,3%	0,75	0,5	0	1,25	
5606	Bólstaðarhlíðahreppur	52	23	8	44,2%	34,8%	15,4%	0,75	1	0	1,75	
5609	Höfðahreppur	312	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
5611	Skagabyggð	56	29	14	51,8%	48,3%	25,0%	1	2,5	1	4,5	Já
<b>1.154</b>	<b>160</b>		<b>58</b>		<b>13,9%</b>	<b>36,3%</b>	<b>5,0%</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>Að hluta</b>
<b>Skagafjarðarsýsla</b>												
5000	Siglufjörður	788	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
5200	Sveitarf. Skagafjörður	2.290	243	89	10,6%	36,6%	3,9%	0	1,5	0	1,5	
5706	Akranhreppur	106	53	9	50,0%	17,0%	8,5%	1	0	0	1	
<b>3.184</b>	<b>296</b>		<b>98</b>		<b>9,3%</b>	<b>33,1%</b>	<b>3,1%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>												
6000	Akureyri	8.304	45	1	0,5%	2,2%	0,0%	0	0	0	0	
6200	Ólafsfjörður	528	3	1	0,6%	33,3%	0,2%	0	1	0	1	
6400	Dalvíkurbyggð	986	89	9	9,0%	10,1%	0,9%	0	0	0	0	
6501	Grimseyjarhreppur	55	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6504	Hríseyjarhreppur	104	1	0	1,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6506	Armaneshreppur	103	18	1	17,5%	5,6%	1,0%	0	0	0	0	
6513	Eyjafjarðarsveit	532	167	11	31,4%	6,6%	2,1%	0,5	0	0	0,5	
6514	Hörgarbyggð	228	91	12	39,9%	13,2%	5,3%	0,5	0	0	0,5	
<b>10.840</b>	<b>414</b>		<b>35</b>		<b>3,8%</b>	<b>8,5%</b>	<b>0,3%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Suður-Þingeyjarsýsla</b>												
6601	Svalbarðsströndardhr.	200	29	4	14,5%	13,8%	2,0%	0	0	0	0	
6602	Grytubakahreppur	235	36	9	15,3%	25,0%	3,8%	0	0,5	0	0,5	
6100	Húsavík	1.371	30	5	2,2%	16,7%	0,4%	0	0	0	0	
6612	Þingeyjarsveit	408	160	37	39,2%	23,1%	9,1%	0,5	0	0	0,5	
6607	Skútasáahreppur	240	30	11	12,5%	36,7%	4,6%	0	1,5	0	1,5	
6609	Aðaldalhreppur	156	43	9	27,6%	20,9%	5,8%	0	0	0	0	
6611	Tjörneshreppur	35	15	7	42,9%	46,7%	20,0%	0,75	2,5	0	3,25	
<b>2.645</b>	<b>343</b>		<b>82</b>		<b>13,0%</b>	<b>23,9%</b>	<b>3,1%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Norður-Þingeyjarsýsla</b>												
6701	Keldneshreppur	48	17	11	35,4%	64,7%	22,9%	0,5	3,5	0	4	
6702	Oxarfjarðahreppur	204	49	43	24,0%	87,8%	21,1%	0	3,5	0	3,5	
6705	Raufarháahreppur	168	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6706	Svalbarðshreppur	63	24	22	38,1%	91,7%	34,9%	0,5	3,5	2	6	
6707	Þorshafnarhreppur	236	9	8	3,8%	88,9%	3,4%	0	3,5	0	3,5	
<b>719</b>			<b>99</b>		<b>13,8%</b>	<b>84,8%</b>	<b>11,7%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>

Sveitar- félags nr.	Sveitarfélag	Heildar- földi	Land- búnaður	Sauðfjá- rekt	Landb. % af heild	Sauðfjarr. % af landb.	Sauðfjarrékt % af heild	Stigun 1 húrfall landb. af heild	Stigun 2 húrfall sauðfjarr. af landb.	Stigun 3 húrfall sauðfjarr. af heild	Samtals stig.	Skilyrði uppýlitt
<b>Norður-Múlasýsla</b>												
7000	Seyðisfjörður	461	6	2	1,3%	33,3%	0,4%	0	1	0	1	
7501	Skeggjasauðhreppur	89	5	5	5,6%	100,0%	5,6%	0	3,5	0	3,5	
425	Vopnafjarðarhreppur	425	45	22	10,6%	48,9%	5,2%	0	2,5	0	2,5	
7505	Fjölsoðlahreppur	41	22	16	53,7%	72,7%	39,0%	1	3,5	3	7,5	
7506	Fellahreppur	255	23	12	9,0%	52,2%	4,7%	0	3	0	3	
7509	Borgarfjarðarhreppur	89	12	10	13,5%	83,3%	11,2%	0	3,5	0	3,5	
7512	Norður-Hérað	190	67	54	35,3%	80,6%	28,4%	0,5	3,5	1	5	
		<b>1.550</b>	<b>180</b>	<b>121</b>	<b>11,6%</b>	<b>67,2%</b>	<b>7,8%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Subur-Múlasýsla</b>												
7300	Fjarðabyggð	1.687	18	7	1,1%	38,9%	0,4%	0	1,5	0	1,5	
	Mjorfarðarhreppur	17	2	2	11,8%	100,0%	11,8%	0	3,5	0	3,5	Já
7610	Fáskrúðfjarðarhreppur	34	12	11	35,3%	91,7%	32,4%	0,5	3,5	2	6	Já
7611	Búðahreppur	333	1	1	0,3%	100,0%	0,3%	0	3,5	0	3,5	Já
7612	Söðvarhreppur	144	5	3	3,5%	60,0%	2,1%	0	3,5	0	3,5	Já
7613	Breiðlahreppur	145	24	17	16,6%	70,8%	11,7%	0	3,5	0	3,5	Já
7617	Djúpvogshreppur	279	32	20	11,5%	62,5%	7,2%	0	3,5	0	3,5	Já
7618	Austur-Hérað	1.134	106	24	9,3%	22,6%	2,1%	0	0	0	0	
		<b>3.773</b>	<b>200</b>	<b>85</b>	<b>5,3%</b>	<b>42,5%</b>	<b>2,3%</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>Að hluta</b>
<b>Austur-Skaftafellssýsla</b>												
7708	Sveitarf. Hornafjörður	1.285	104	45	8,1%	43,3%	3,5%	0	2	0	2	Að hluta
		<b>1.285</b>	<b>104</b>	<b>45</b>	<b>8,1%</b>	<b>43,3%</b>	<b>3,5%</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>Að hluta</b>
<b>Vestur-Skaftafellssýsla</b>												
8308	Myrdalshreppur	288	46	7	16,0%	15,2%	2,4%	0	0	0	0	
8509	Skaftárhreppur	283	98	50	34,6%	51,0%	17,7%	0,5	3	0	3,5	Já
		<b>571</b>	<b>144</b>	<b>57</b>	<b>25,2%</b>	<b>39,6%</b>	<b>10,0%</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>Að hluta</b>
<b>Rangárvallasýsla</b>												
8610	Áshreppur	79	40	4	50,6%	10,0%	5,1%	1	0	0	1	
8613	Rangárhéttur	859	191	18	22,2%	9,4%	0,0%	0	0	0	0	
8614	Rangárhéttur	767	191	18	24,9%	9,4%	2,3%	0	0	0	0	
		<b>1.705</b>	<b>422</b>	<b>40</b>	<b>24,8%</b>	<b>9,5%</b>	<b>2,3%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Árnessýsla</b>												
8000	Vesmannaejar	2.538	2	0	0,1%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
8200	Sveitarfélagið Akborg	3.215	40	1	1,2%	2,5%	0,0%	0	0	0	0	
8701	Gautverjabæjarhreppur	73	38	1	52,1%	2,6%	1,4%	1	0	0	1	
8706	Hraungróðshreppur	88	32	2	36,4%	3,1%	1,1%	0,5	0	0	0,5	
8707	Villingahölsahreppur	91	33	2	36,3%	6,1%	2,2%	0,5	0	0	0,5	
8720	Skerba- og Gnúpsverjahlr.	266	103	7	38,7%	6,8%	2,6%	0,5	0	0	0,5	
8710	Hrunamannahreppur	369	150	9	40,7%	6,0%	2,4%	0,75	0	0	0,75	
8721	Bláskógabyggð	461	121	12	26,2%	9,9%	2,6%	0	0	0	0	
8716	Hveragerði	910	59	0	6,5%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
8717	Sveitarfélagið Ölfus	920	37	5	4,0%	13,5%	0,5%	0	0	0	0	
8719	Grímsnes- og Grafingshr.	202	51	16	25,2%	31,4%	7,9%	0	1	0	1	
		<b>9.133</b>	<b>666</b>	<b>54</b>	<b>7,3%</b>	<b>8,1%</b>	<b>0,6%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>

## GJALDSKRÁ

### um holræsagjald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Ölfusi.

#### 1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í þéttbýli í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Ölfuss eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarstjóðs. Holræsagjaldi skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu Sveitarfélagsins Ölfuss.

Álagningarstofn holræsagjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,17% af fasteignamati samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekkert holræsagjald.

#### 2. gr.

Holræsagjald greiðist af skráðum hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni gjaldskyldu eign án til-lits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 3. gr.

Gjalddagar holræsagjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn Ölfuss ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimta holræsagjaldið með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss, 27. nóvember 2003.*

**Ólafur Áki Ragnarsson** bæjarstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 143 – 2003

19. desember 2003

2805

Nr. 966

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Reykjavík.

*Fiskislóð 1, 3 og 5-9.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 25. nóvember 2003, deiliskipulag fyrir Fiskislóð 1, 3 og 5-9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 19. desember 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

19. desember 2003

Nr. 967

## REGLUR

### um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2003–2004.

1. gr.

*Markmið o.fl.*

Ríkissjóður greiðir andvirði árlegra beingreiðslna af 7500 ærgildum sem keypt voru samkvæmt ákvæði 2.3 í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða dags. 11. mars 2000 í þeim tilgangi að styrkja svæði á landinu sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir. Grunnfjárhæð er miðuð við beingreiðslur í desember 2001.

2. gr.

*Heildargreiðslur.*

Heimilt er að verja allt að 37 milljónum króna á ári 2003-2004 til greiðslna samkvæmt 1. gr. Fjárhæðirnar skulu breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu í desember 2003, 230 stig.

## 3. gr.

*Sauðfjársvæði.*

Svæði sem eru háð sauðfjárrækt og með takmarkaða möguleika á annarri tekjuöflun samkvæmt 1. gr. hafa verið skilgreind samkvæmt forsendum í viðaukum I-II og eru eftirfarandi sveitarfélög:

- |                               |                              |
|-------------------------------|------------------------------|
| 1. Dalasýsla.                 | b) Öxarfjarðarhreppur.       |
| a) Saurbæjarhreppur.          | c) Raufarhafnarhreppur.      |
| b) Dalabyggð.                 | d) Svalbarðshreppur.         |
| 2. Norður-Ísafjarðarsýsla.    | e) Þórshafnarhreppur.        |
| a) Súðavíkurhreppur.          | 9. Norður-Múlasýsla.         |
| 3. Austur-Barðastrandarsýsla. | a) Seyðisfjörður.            |
| a) Reykhólahreppur.           | b) Skeggjastaðahreppur.      |
| 4. Vestur-Barðastrandarsýsla. | c) Vopnafjarðarhreppur.      |
| a) Vesturbyggð.               | d) Fljótsdalshreppur.        |
| 5. Strandasýsla.              | e) Fellahreppur.             |
| a) Árneshreppur.              | f) Borgarfjarðarhreppur.     |
| b) Kaldraneshreppur.          | g) Norður-Hérað.             |
| c) Hólmavíkurhreppur.         | 10. Suður-Múlasýsla.         |
| d) Bæjarhreppur.              | a) Mjóafjarðarhreppur.       |
| e) Broddaneshreppur.          | b) Fáskrúðsfjarðarhreppur.   |
| 6. Vestur-Húnavatnssýsla.     | c) Búðahreppur.              |
| a) Húnaþing vestra.           | d) Stöðvarhreppur.           |
| 7. Austur-Húnavatnssýsla.     | e) Breiðdalshreppur.         |
| a) Áshreppur.                 | f) Djúpavogshreppur.         |
| b) Skagabyggð.                | 11. Vestur-Skaftafellssýsla. |
| 8. Norður-Þingeyjarsýsla.     | a) Skaftárhreppur.           |
| a) Kelduneshreppur.           |                              |

Þótt mælihlutföll og stigagjöf samkvæmt viðaukum I-II breytist svæðisbundið fyrir sýslu eða sveitarfélag hefur það ekki áhrif á áframhaldandi úthlutun greiðslna á tímabilinu 2003-2004.

## 4. gr.

*Rétthafar greiðslna.*

Rétthafar greiðslna geta verið sauðfjárframleiðendur sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- áttu 200 ær eða meira samkvæmt forðagæsluskýrslum veturinn 2002-2003,
- eru búsettir á lögbýli á sauðfjársvæði samkvæmt 3. gr.

Sauðfjárframleiðendur í Árneshreppi teljast þó uppfylla skilyrði 1. mgr. ef þeir eiga 100 ær eða fleiri.

Sauðfjárframleiðandi getur því aðeins átt rétt til áframhaldandi greiðslna á gildistíma þessara reglna að fjárfjöldi fari ekki niður fyrir 75% af viðmiðunarmarki samkvæmt 1. mgr., 150 ær samkvæmt forðagæsluskýrslum staðfestum af búfjárefirtirlitsmanni og að hann hafi búsetu á lögbýli samkvæmt 1. mgr. Réttur til greiðslna er bundinn við það lögbýli sem hann stofnaðist á samkvæmt 1. mgr. Ef eigendaskipti verða að lögbýlinu öðlast nýr eigandi rétt til greiðslna enda uppfylli hann önnur skilyrði þessara reglna. Flytji réttthafi á annað lögbýli á sauðfjársvæði samkvæmt 3. gr. getur hann þó flutt með sér rétt til greiðslna enda sé slíkur réttur ekki fyrir á því lögbýli.

Ef sauðfjárframleiðandi selur greiðslumark sauðfjár að hluta eða öllu leyti sem fylgir lögbýli hans fellur niður réttur hans til greiðslna eftir þann tíma.

## 5. gr.

*Fjárhæðir.*

Fjárhæðir samkvæmt 2. gr. skulu skiptast milli rétthafa á hverjum tíma, sbr. 4. gr. og taka breytingum miðað við breytingar á fjölda rétthafa og vísitölu neysliverðs, sbr. 2. gr.

Sauðfjárframleiðendur í Árneshreppi skulu fá greitt 50% álag á fjárhæð samkvæmt 1. mgr.

## 6. gr.

*Gjalddagar.*

Fjárhæðir samkvæmt 5. gr. skulu greiddar með einni árlegri greiðslu. Greiðsla fyrir árið 2003 skal fara fram eigi síðar en 31. desember 2003 en greiðsla fyrir árið 2004 skal fara fram eigi síðar en 1. júní 2004. Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslna skulu greiðslur fara fram eigi síðar en 30 dögum eftir að ákvörðun eða úrskurður um rétt til greiðslna liggur fyrir.

## 7. gr.

*Skráning rétthafa.*

Ákvarðanir um rétthafa greiðslna skulu byggðar á opinberum upplýsingum, m.a. upplýsingum úr forðagæsluskýrslum Bændasamtaka Íslands veturinn 2002-2003, greiðslu-marksskrá í vörslu Bændasamtaka Íslands, sbr. lög nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins og þjóðskrá Hagstofu Íslands.

## 8. gr.

*Tilkynningar.*

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna öllum sauðfjárframleiðendum á sauðfjársvæðum samkvæmt 3. gr. um rétt til greiðslna samkvæmt 5. gr. fyrir 20. janúar 2004. Athugasemdir við tilkynningar skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands innan 30 daga frá dagsetningu þeirra. Bændasamtök Íslands skulu hafa svarað öllum athugasemdum um rétt til greiðslna eigi síðar en 31. mars 2004.

Einnig skulu Bændasamtök Íslands kynna fyrir sauðfjárframleiðendum úthlutunarreglur þessar og vekja athygli á rétti þeirra til athugasemda ef þeir telja sig uppfylla skilyrði fyrir framlögum en fá ekki tilkynningu samkvæmt 1. mgr.

## 9. gr.

*Uppgjör.*

Bændasamtök Íslands annast útreikning, skráningu og uppgjör greiðslna.

## 10. gr.

*Réttur til greiðslna fellur niður.*

Ef réttur til greiðslna fellur niður skulu Bændasamtök Íslands tilkynna sauðfjárframleiðanda það eigi síðar en 1. júní 2004. Athugasemdir skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar og skulu Bændasamtök Íslands hafa svarað athugasemdum eigi síðar en 15. ágúst.

## 11. gr.

*Kæruheimild.*

Ágreining um rétt til greiðslna samkvæmt reglum þessum er heimilt að kæra til landbúnaðarráðuneytisins.

12. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt fjárheimildum í fjárlögum fyrir árin 2003 og 2004 öðlast þegar gildi, en frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 964/2003 um sama efni.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 19. desember 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Sigríður Nordmann.*

VIÐAUKI I

**Skilgreining svæða.**

Við skilgreiningu svæða er m.a. byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands og er miðað við búsetu 1. október 2001 og staðgreiðslu í þeim mánuði. Landbúnaður er skilgreindur sem deildir 01 og 02 (ÍSAT-95) og sauðfjárrækt er skilgreind sem grein 01221, þ.e. blandaður búskapur telst ekki með. Taldar voru einstakar kennitölur í viðmiðunarmánuði.

Grunngögnin eru bráðabirgðaupplýsingar frá Hagstofu Íslands um svæðabundna atvinnuskiptingu en einungis á eftir að gera á þeim minniháttar leiðréttingar.

Við skilgreiningu svæða voru notaðir eftirfarandi 3 mælikvarðar:

- vægi landbúnaðar á viðkomandi svæði
- hlutfall sauðfjárræktar í landbúnaði
- hlutfall sauðfjárræktar af heild.

Eftirfarandi tafla sýnir stigagjöf einstakra mælikvarða.

Hlutfall landbúnaðar	Stig	Hlutfall sauðfjárræktar af landbúnaði	Stig Stig	Hlutfall sauðfjárræktar af heild	Stig
< 30%	0	< 25%	0	< 25%	0
30 – 39,9%	0,5	25 – 29,9%	0,5	25 – 29,9%	1
40 – 49,9%	0,75	30 – 34,9%	1	30 – 34,9%	2
50 – 59,9%	1	35 – 39,9%	1,5	35 – 39,9%	3
=> 60%	1,25	40 – 44,9%	2	=> 40%	4
		45 – 49,9%	2,5		
		50 – 54,9%	3		
		=> 55%	3,5		

Miðað er við sýslur og að meðalskor allra sveitarfélaga í sýslu sé 1,5 eða hærra.

- Ef meðalskor sýslunnar er => 3,0 teljast öll sveitarfélög sýslunnar styrkhæf.
- Ef meðalskor sýslunnar er á bilinu => 1,5 - < 3,0 teljast þau sveitarfélög sem ná skori => 3,0 styrkhæf

Sú undantekning er gerð að til styrkhæfra svæða teljast jafnframt Súðavíkurreppur og Vesturbyggð. Forsenda þessa er sú að byggðin (utan þéttbýlisstaða) er afar dreifbýl og um er að ræða sérstaklega miklar vegalengdir og erfiðar til þjónustukjarna. Atvinnusókn til þéttbýlisins er því ekki valkostur í sama mæli og annars staðar á landinu.

## VIÐAUKI II

## Stígagjöf einstakra svæða.

Sveitar- félags nr.	Sveitarfélag	Heildar- fjöldi	Land- búnaður	Sauðfjar- rækt	Landb. % af heild	Sauðfjarr. % af landb.	Sauðfjarrækt % af heild	Stígung 1 hútafall landb. af heild	Stígung 2 hútafall sauðfjarr. af landb.	Stígung 3 hútafall sauðfjarr. af heild	Samtals stíg	Skilyrði upplýtt
<b>Gullbrúne- og Kjósarsýsla</b>												
0000	Reykjavík	58.092	266	5	0,5%	1,9%	0,0%	0	0	0	0	
1000	Kópavogur	12.993	62	2	0,5%	3,2%	0,0%	0	0	0	0	
1100	Seljavarnes	2.504	7	1	0,3%	14,3%	0,0%	0	0	0	0	
1300	Garðabær	4.635	18	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
1400	Hafnarfjörður	10.645	38	2	0,4%	5,3%	0,0%	0	0	0	0	
1603	Bessastabætur	910	4	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
1604	Mosfellsbær	3.394	69	1	2,0%	1,4%	0,0%	0	0	0	0	
1606	Kjósarsýslureppur	78	32	6	41,0%	18,8%	7,7%	0,75	0	0	0,75	
2000	Reykjanesbær	5.854	36	0	0,6%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2300	Grindavík	1.251	4	0	0,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2503	Sauðgerði	744	3	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2504	Gerðabætur	649	1	0	0,2%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2506	Vansleyststrandarþreppur	422	18	0	4,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
		<b>102.171</b>	<b>558</b>	<b>17</b>	<b>0,5%</b>	<b>3,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Borgarfjarðarsýsla</b>												
3501	Hvaffjarðarströndartr.	85	18	5	21,2%	27,8%	5,9%	0	0,5	0	0,5	
3502	Skilmannahreppur	74	8	3	10,8%	37,5%	4,1%	0	1,5	0	1,5	
3503	Inni-Akraneshreppur	74	15	3	20,3%	20,0%	4,1%	0	0	0	0	
3504	Leirár- og Melahreppur	65	16	6	24,6%	37,5%	9,2%	0	1,5	0	1,5	
3506	Skorráðalsreppur	30	7	2	23,3%	28,6%	6,7%	0	0,5	0	0,5	
3510	Borgarfjarðarsveit	344	106	27	30,8%	25,5%	7,8%	0,5	0,5	0	1	
		<b>672</b>	<b>170</b>	<b>46</b>	<b>25,3%</b>	<b>27,1%</b>	<b>6,8%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>Nei</b>
<b>Myrasýsla</b>												
3601	Hvítasólhreppur	24	14	6	58,3%	42,9%	25,0%	1	2	1	4	
3609	Borgarbyggð	1.373	127	34	9,2%	26,8%	2,5%	0	0,5	0	0,5	
		<b>1.397</b>	<b>141</b>	<b>40</b>	<b>10,1%</b>	<b>28,4%</b>	<b>2,9%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>Nei</b>
<b>Snaefellnes- og Hnappadalssýsla</b>												
3701	Kolbeinsstaðahreppur	48	31	10	64,6%	32,3%	20,8%	1,25	1	0	2,25	
3709	Fyrarsveit	524	13	5	2,5%	38,5%	1,0%	0	1,5	0	1,5	
3710	Helgafellssveit	34	11	6	32,4%	54,5%	17,6%	0,5	3	0	3,5	
3711	Svikkishömur	687	5	3	0,7%	60,0%	0,4%	0	3,5	0	3,5	
3713	Fýja- og Miklaholtshr.	62	30	6	48,4%	20,0%	9,7%	0,75	0	0	0,75	
3714	Snaefellsbær	974	25	8	2,6%	32,0%	0,8%	0	1	0	1	
		<b>2.329</b>	<b>115</b>	<b>38</b>	<b>4,9%</b>	<b>33,0%</b>	<b>1,6%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Dalssýsla</b>												
3809	Saurbæjarhreppur	42	22	12	52,4%	54,5%	28,6%	1	3	1	5	
3811	Dalabyggð	359	92	74	25,6%	80,4%	20,6%	0	3,5	0	3,5	
		<b>401</b>	<b>114</b>	<b>86</b>	<b>28,4%</b>	<b>75,4%</b>	<b>21,4%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Norður-Ísafjarðarsýsla</b>												
4100	Bolungarvík	596	7	2	1,2%	28,6%	0,3%	0	0,5	0	0,5	
4200	Ísafjarðarbær	2.423	63	21	2,6%	33,3%	4,9%	0	1	0	1	
4803	Stöðavíkurhreppur	125	12	5	9,6%	41,7%	4,0%	0	2	0	2	
		<b>3.144</b>	<b>82</b>	<b>28</b>	<b>2,6%</b>	<b>34,1%</b>	<b>0,9%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Austur-Barðastrandarsýsla</b>												
4502	Reykholahreppur	162	38	22	23,5%	57,9%	13,6%	0	3,5	0	3,5	
		<b>162</b>	<b>38</b>	<b>22</b>	<b>23,5%</b>	<b>57,9%</b>	<b>13,6%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Vestur-Barðastrandarsýsla</b>												
4604	Tálknafjarðahreppur	210	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
4607	Vesturbyggð	615	32	8	5,2%	25,0%	1,3%	0	0,5	0	0,5	
		<b>825</b>	<b>32</b>	<b>8</b>	<b>3,9%</b>	<b>25,0%</b>	<b>1,0%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>Nei</b>



Sveitar- félags nr.	Sveitarfélag	Heildar- földi	Land- búnaður	Sauðfjá- rekt	Landb. % af heild	Sauðfjár. % af landb.	Sauðfjárrekt. % af heild	Stigun 1 hurfall landb. af heild	Stigun 2 hurfall sauðfjár. af landb.	Stigun 3 hurfall sauðfjár. af heild	Samtals stig	Skilyrði upplýtt
<b>Strandassýsla</b>												
4901	Árneshreppur	34	14	14	41,2%	100,0%	41,2%	0,75	3,5	4	8,25	
4902	Kaldmanneshreppur	79	6	5	7,6%	83,3%	6,3%	0	3,5	0	3,5	
4904	Hölmavíkureppur	262	26	25	9,9%	96,2%	9,5%	0	3,5	0	3,5	
4908	Bejarhreppur	72	25	20	34,7%	80,0%	27,8%	0,5	3,5	1	5	
4909	Brodaneshreppur	44	17	15	38,6%	88,2%	34,1%	0,5	3,5	2	6	
		<b>491</b>	<b>88</b>	<b>79</b>	<b>17,9%</b>	<b>89,8%</b>	<b>16,1%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Vestur-Húnavatnssýsla</b>												
5508	Húmping vestra	680	144	83	21,2%	57,6%	12,2%	0	3,5	0	3,5	
		<b>680</b>	<b>144</b>	<b>83</b>	<b>21,2%</b>	<b>57,6%</b>	<b>12,2%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Austur-Húnavatnssýsla</b>												
5601	Ashreppur	35	16	12	45,7%	75,0%	34,3%	0,75	3,5	2	6,25	Já
5602	Sveinsdóshreppur	48	22	3	45,8%	13,6%	6,3%	0,75	0	0	0,75	
5603	Torfalekjarhreppur	57	17	7	29,8%	41,2%	12,3%	0	2	0	2	
5604	Bíldhóls	529	24	6	4,5%	25,0%	1,1%	0	0,5	0	0,5	
5605	Svinavannahreppur	65	29	8	44,6%	27,6%	12,3%	0,75	0,5	0	1,25	
5606	Bólstaðarhlíðareppur	52	23	8	44,2%	34,8%	15,4%	0,75	1	0	1,75	
5609	Höðahreppur	312	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
5611	Skagabyggð	56	29	14	51,8%	48,3%	25,0%	1	2,5	1	4,5	Já
		<b>1.154</b>	<b>160</b>	<b>58</b>	<b>13,9%</b>	<b>36,3%</b>	<b>5,0%</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>Ad hluta</b>
<b>Skagafjarðarsýsla</b>												
5000	Sigluflókur	788	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
5200	Sveitarf. Skagafjörður	2.290	243	89	10,6%	36,6%	3,9%	0	1,5	0	1,5	
5706	Akureppur	106	53	9	50,0%	17,0%	8,5%	1	0	0	1	
		<b>3.184</b>	<b>296</b>	<b>98</b>	<b>9,3%</b>	<b>33,1%</b>	<b>3,1%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>												
6000	Akurevri	8.304	45	1	0,5%	2,2%	0,0%	0	0	0	0	
6200	Ólafsfjörður	528	3	1	0,6%	33,3%	0,2%	0	1	0	1	
6400	Daðvíkurbyggð	986	89	9	9,0%	10,1%	0,9%	0	0	0	0	
6501	Grimseyjarhreppur	55	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6504	Hríseyjarhreppur	104	1	0	1,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6506	Armaneshreppur	103	18	1	17,5%	5,6%	1,0%	0	0	0	0	
6513	Eyjafjarðarsveit	532	167	11	31,4%	6,6%	2,1%	0,5	0	0	0,5	
6514	Hörgarbyggð	228	91	12	39,9%	13,2%	5,3%	0,5	0	0	0,5	
		<b>10.840</b>	<b>414</b>	<b>35</b>	<b>3,8%</b>	<b>8,5%</b>	<b>0,3%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Suður-Pingeyjarsýsla</b>												
6601	Svalbarðstrandarh.	200	29	4	14,5%	13,8%	2,0%	0	0	0	0	
6602	Gryttubakkahreppur	235	36	9	15,3%	25,0%	3,8%	0	0,5	0	0,5	
6100	Húsvík	1.371	30	5	2,2%	16,7%	0,4%	0	0	0	0	
6612	Pingeyjarsveit	408	160	37	39,2%	23,1%	9,1%	0,5	0	0	0,5	
6607	Skútasáðahreppur	240	30	11	12,5%	36,7%	4,6%	0	1,5	0	1,5	
6609	Ahaldalahreppur	156	43	9	27,6%	20,9%	5,8%	0	0	0	0	
6611	Tjörneshreppur	35	15	7	42,9%	46,7%	20,0%	0,75	2,5	0	3,25	
		<b>2.645</b>	<b>343</b>	<b>82</b>	<b>13,0%</b>	<b>23,9%</b>	<b>3,1%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Norður-Pingeyjarsýsla</b>												
6701	Keldneshreppur	48	17	11	35,4%	64,7%	22,9%	0,5	3,5	0	4	
6702	Óxarfjarðahreppur	204	49	43	24,0%	87,8%	21,1%	0	3,5	0	3,5	
6705	Raufarhúfahreppur	168	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6706	Svalbarðshreppur	63	24	22	38,1%	91,7%	34,9%	0,5	3,5	2	6	
6707	Borshafnarhreppur	236	9	8	3,8%	88,9%	3,4%	0	3,5	0	3,5	
		<b>719</b>	<b>99</b>	<b>84</b>	<b>13,8%</b>	<b>84,8%</b>	<b>11,7%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>

Sveitar- félags nr.	Sveitarfélag	Heildar- földi	Land- búnaður	Sauðfjá- rækt	Landb. % af heild	Sauðfjárr. % af landb.	Sauðfjárrækt % af heild	Stigun 1 hiðurfall landb. af heild	Stigun 2 hiðurfall sauðfjárr. af landb.	Stigun 3 hiðurfall sauðfjárr. af heild	Samtals stig.	Skilyrði upplýtt
<b>Norður-Múlasýsla</b>												
7000	Seyðisfjörður	461	6	2	1,3%	33,3%	0,4%	0	1	0	1	
7501	Skeggjastöðhreppur	89	5	5	5,6%	100,0%	5,6%	0	3,5	0	3,5	
7502	Vopnafjarðahreppur	425	45	22	10,6%	48,9%	5,2%	0	2,5	0	2,5	
7505	Fjölsdalshreppur	41	22	16	53,7%	72,7%	39,0%	1	3,5	3	7,5	
7506	Fellaþreppur	255	23	12	9,0%	52,2%	4,7%	0	3	0	3	
7509	Borgarfjarðarhreppur	89	12	10	13,5%	83,3%	11,2%	0	3,5	0	3,5	
7512	Norður-Hérað	190	67	54	35,3%	80,6%	28,4%	0,5	3,5	1	5	
		<b>1.550</b>	<b>180</b>	<b>121</b>	<b>11,6%</b>	<b>67,2%</b>	<b>7,8%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Suður-Múlasýsla</b>												
7300	Fjarðabyggð	1.687	18	7	1,1%	38,9%	0,4%	0	1,5	0	1,5	
7605	Mjóafjarðahreppur	17	2	2	11,8%	100,0%	11,8%	0	3,5	0	3,5	Já
7610	Fiskeribýfjarðahreppur	34	12	11	35,3%	91,7%	32,4%	0,5	3,5	2	6	Já
7611	Blöðhreppur	333	1	1	0,3%	100,0%	0,3%	0	3,5	0	3,5	Já
7612	Söðvarhreppur	144	5	3	3,5%	60,0%	2,1%	0	3,5	0	3,5	Já
7613	Bresidalshreppur	145	24	17	16,6%	70,8%	11,7%	0	3,5	0	3,5	Já
7617	Djúpavogshreppur	279	32	20	11,5%	62,5%	7,2%	0	3,5	0	3,5	Já
7618	Austur-Hérað	1.134	106	24	9,3%	22,6%	2,1%	0	2	0	2	Áð hliuta
		<b>3.773</b>	<b>200</b>	<b>85</b>	<b>5,3%</b>	<b>42,5%</b>	<b>2,3%</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>Áð hliuta</b>
<b>Austur-Skaftafellssýsla</b>												
7708	Sveitarf. Hornafjarður	1.285	104	45	8,1%	43,3%	3,5%	0	2	0	2	Áð hliuta
		<b>1.285</b>	<b>104</b>	<b>45</b>	<b>8,1%</b>	<b>43,3%</b>	<b>3,5%</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>Áð hliuta</b>
<b>Vestur-Skaftafellssýsla</b>												
8508	Mýrdalshreppur	288	46	7	16,0%	15,2%	2,4%	0	0	0	0	
8509	Skaftárhreppur	283	98	50	34,6%	51,0%	17,7%	0,5	3	0	3,5	Já
		<b>571</b>	<b>144</b>	<b>57</b>	<b>25,2%</b>	<b>39,6%</b>	<b>10,0%</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>Áð hliuta</b>
<b>Rangárvallasýsla</b>												
8610	Ásahreppur	79	40	4	50,6%	10,0%	5,1%	1	0	0	1	
8613	Rangárfing eystra	859	191	18	22,2%	9,4%	0,0%	0	0	0	0	
8614	Rangárfing ytra	767	191	18	24,9%	9,4%	2,3%	0	0	0	0	
		<b>1.705</b>	<b>422</b>	<b>40</b>	<b>24,8%</b>	<b>9,5%</b>	<b>2,3%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Árnessýsla</b>												
8000	Vestmannaeyjar	2.538	2	0	0,1%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
8200	Sveitarfélagið Árberg	3.215	40	1	1,2%	2,5%	0,0%	0	0	0	0	
8701	Gaulverjabæjarhreppur	73	38	1	52,1%	2,6%	1,4%	1	0	0	1	
8706	Hraungerðshreppur	88	32	1	36,4%	3,1%	1,1%	0,5	0	0	0,5	
8707	Villingabólshreppur	91	33	2	36,3%	6,1%	2,2%	0,5	0	0	0,5	
8720	Skeiða- og Gnúpsfjörður	266	103	7	38,7%	6,8%	2,6%	0,5	0	0	0,5	
8710	Hrunnammálhreppur	369	150	9	40,7%	6,0%	2,4%	0,75	0	0	0,75	
8721	Bláskógabyggð	461	121	12	26,2%	9,9%	2,6%	0	0	0	0	
8716	Hvergerði	910	59	0	6,5%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
8717	Sveitarfélagið Óllus	920	37	5	4,0%	13,5%	0,5%	0	0	0	0	
8719	Grimmsnes- og Grafingshr.	202	51	16	25,2%	31,4%	7,9%	0	1	0	1	
		<b>9.133</b>	<b>666</b>	<b>54</b>	<b>7,3%</b>	<b>8,1%</b>	<b>0,6%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>

## REGLUR

### um ráðstöfun 400 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

#### 1. gr.

Varið skal 250 millj. kr. til útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

#### 2. gr.

Varið skal 150 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði á árunum 2001–2003. Við úthlutunina skal byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 2000, 2001 og 2002 og bráðabirgðatölur 1. desember 2003.

Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef fækkun í sveitarfélagi hefur verið umfram þrjá íbúa á tímabilinu.

#### 3. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli fjárukalaga fyrir árið 2003, liðar 07-801 í sundurlíðun 2, og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 15. desember 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Hermann Sæmundsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 144 – 2003

11. desember 2003

2813

Nr. 969

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar.

#### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Blönduóssbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

##### 5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Blönduóssbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.

## II. KAFLI

**Um fundarsköp bæjarstjórnarinnar.**

## 7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skyld er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 8. gr.

Sá bæjarfulltrúi sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

## 9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

## 10. gr.

Íbúum bæjarins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiddan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

## 11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

## 12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

## 13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu á skrifstofu bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

## 14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

## 15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta bæjarfulltrúa skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu. Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

## 16. gr.

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

## 17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

## 18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

## 19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

## 20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

## 21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

## 23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin

fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

#### 24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

#### 25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

#### 26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigsjum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

#### 27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

#### 28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skrif-



legar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

#### 29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

#### 30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

#### 31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

#### 32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

### III. KAFLI

#### Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

##### 33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

##### 34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og samfæringu sinni.

##### 35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

##### 36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

##### 37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

## 38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldprotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

## 41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

## 42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

## IV. KAFLI

**Nefndir, ráð og stjórnir.**

## 43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Varamenn hins kjörna bæjarráðsmanns geta verið þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista. Gilda þá sömu reglur um varamenn áheyrnarfulltrúa skv. 4. mgr. og varamenn aðalmanna í bæjarráði.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

#### 45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku, hvern miðvikudag kl. 16.45. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

#### 46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um föll og boðar bæjarstjóri varamann hans á fund.

#### 47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara. Formaður stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

#### 48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnarsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórnar og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

#### 49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

## 50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

## 51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins eftir því sem við á.

## 54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

## 55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

## 56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráðið og/eða bæjarstjórnina.

## 57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldir nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

**A. Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

**B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Kosin er sameiginleg almannavarnarnefnd Húnvetninga í samráði við sýslumann Húnvetninga skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Félagsmálaráð*. Kosin er sameiginleg barnaverndarnefnd og félagsmálaráð af Félagsþjónustu Austur-Húnvetninga skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fulltrúafjöldi er samkvæmt samþykktum Félagsþjónustu Austur-Húnvetninga.
3. *Landbúnaðarnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002. Landbúnaðarnefnd fer með fjallskilamál og skipar einn búfjárefritsman og einn til vara.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer einnig með málefni umferðarnefndar, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og með umhverfismál.
5. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
6. *Gróðurverndarnefnd*. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga kýs í nefndina skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
7. *Heilbrigðisnefnd*. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga kýs í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
8. *Húsnæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
9. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
10. *Fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
11. *Náttúruverndarnefnd*. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga kýs í nefndina skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
12. *Sköðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
13. *Skólanefnd Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra*. Kosið er sameiginlega í nefndina á Norðurlandi vestra skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
14. *Skólanefnd Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga*. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga kýs í nefndina skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
15. *Stjórn Héraðsbókasafns Austur-Húnvetninga*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997. Hluti af fulltrúunum skal skipaður af samstarfsaðilum safnsins.
16. *Stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi*. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga kýs í nefndina skv. 21. og 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
17. *Hafnar- og veitunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. reglugerð nr. 421/1992 og orkulög nr. 58/1967, sbr. reglugerð setta á grundvelli þeirra. Nefndin fer með stjórn hafnarinnar skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
18. *Þjónustuhópur aldraðra*. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga kýs í nefndina skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

19. *Fulltrúar á ársþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.* Fjöldi fulltrúa er samkvæmt samþykktum SSNV.
20. *Fulltrúar í héraðsnefnd Austur-Húnavetninga.* Fjöldi fulltrúa er samkvæmt samþykktum héraðsnefndar Austur-Húnavetninga.
21. *Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 96/2000.
22. *Menningar- og safnanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
23. *Kjör fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Kjör samkvæmt samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## V. KAFLI

### Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögu-rétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjórnunum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjórnin er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjórnin ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

## 64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

## VI. KAFLI

**Um fjármálastjórn bæjarins.**

## 65. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bærarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bærarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bærarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hlíðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bærarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

## 66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bærarstjórninni.

Samþykki bærarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

## 67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bærarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bærarstjórn við eina umræðu á bærarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bærarstjórn með dagskrá viðkomandi bærarstjórnarfundar.

## 68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bærarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bærarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

## 69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bærarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.



70. gr.

Ársreikningur bæjarins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Blönduóssbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar, nr. 303/1988.

*Félagsmálaráðuneytinu, 11. desember 2003.*

F. h. r.

**Guðjón Bragason.**

---

*Guðmundur Ómar Hafsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. desember sl. var staðfest deiliskipulag yfir þann hluta Suðureyrar í Súgandafirði sem afmarkast af Túngötu, Sætúni og Þjóðvegi 65.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 30. desember 2003.*

**Stefán Brynjólfsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2004.

1. gr.

*Daggjöld.*

Daggjöldum á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2004:

**A. Hjúkrunarheimili.**

<b>Liður</b>	<b>Viðf.</b>	<b>Heiti stofnunar</b>	<b>Daggjald kr.</b>
401	113	Grenilundur, Grenivík	12.328
401	113	Hvammur, Húsavík	12.561
401	113	Helgafell, Djúpavogi	12.173
401	113	Blesastaðir, Blesastöðum	12.173
401	113	Sólvellir, Eyrarbakka	12.173
401	113	Roðasalur, Kópavogi	12.871
405	101	Hrafnista, Reykjavík	12.794
406	101	Hrafnista, Hafnarfirði	12.794
407	101	Grund, Reykjavík	12.794
408	101	Sunnuhlíð, Kópavogi	13.181
409	101	Hjúkrunarheimilið Skjól	13.026
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir	12.871
411	101	Garðvangur, Garði	12.871
412	101	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	12.871
413	101	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	13.181
414	101	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	12.949
415	101	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	12.328
416	101	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	12.561
417	101	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	12.561
418	101	Seljahlíð, Reykjavík	12.716
419	101	Sólvangur, Hafnarfirði	12.794
421	101	Víðines	12.638
423	101	Höfði, Akranesi	12.716
424	101	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	13.026
425	101	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	11.630
426	101	Fellaskjól, Grundarfirði	11.785
427	101	Jaðar, Ólafsvík	12.018
428	101	Fellsendi, Búðardal	11.863
429	101	Barmahlíð, Reykhólum	12.018
433	101	Dalbær, Dalvík	12.095
434	101	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	12.716
436	101	Uppsalar, Fáskrúðsfirði	12.716
437	101	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu	12.794
438	101	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	12.095
439	101	Hjallatún, Vík	13.104
440	101	Kumbaravogur, Stokkseyri	12.794
441	101	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	12.173
442	101	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	12.716
443	101	Holtsbúð, Garðabæ	12.018
444	101	Vífilstaðir, Garðabæ	13.181

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að vistmaður hverfi af stofnun í stuttan tíma svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar enda hafi heilbrigðisyfirvöld ekki aukakostnað af dvöl-  
inni. Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofn-  
unar í allt að 30 daga. Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fyrir fullt og allt af  
stofnun skal greiða fullt daggjald næstu 7 daga.

Daggjald skal greitt stofnun vegna krónískra nýrnasjúklinga þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á Landspítala-háskólasjúkrahús. Landspítali-háskólasjúkrahús greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á sjúkrahúsið.

Greiða skal 800 kr. á dag til viðbótar daggjaldi stofnunar fyrir hvern krónískan nýrnasjúkling sem dvelst á stofnun og þarf blóðskilun á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt A-lið 1. gr.

## B. Daggjöld á öðrum stofnunum.

Stofn.	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
441	117	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	7.535
470	110	Vesturhlíð, Reykjavík	7.557
472	110	Hlíðabær, Reykjavík	7.235
473	110	Lindargata, Reykjavík	7.235
474	110	MS-félag Íslands, Reykjavík	6.600
475	110	Múlabær, Reykjavík	4.511
476	110	Fríðuhús, Reykjavík	7.235
434	110	Samningur við Akureyrarbæ v/minnissjúkra	7.235

Tryggingastofnun skal greiða daggjöld samkvæmt B-lið 1. gr.

### 2. gr.

#### *Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.*

Daggjöld á dvalarheimilum fyrir aldraða og fyrir dagvistun aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2004:

	kr.
1. Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða	5.554
2. Gjald á dagvistun fyrir aldraða	3.287

Innifalið í dagvistunargjaldi er nauðsynlegur flutningskostnaður vistmanna. Þeir sem þjónustu dagvistar njóta skulu greiða 550 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999 um mál-efni aldraðra, með síðari breytingum.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt þessari grein.

### 3. gr.

Innifalið í daggjöldum samkvæmt reglugerð þessari er hvers konar þjónusta, sem vistmönnum er látin í té á stofnunum.

### 4. gr.

#### *Húsnæðisgjald vegna viðhalds.*

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimili nýta við rekstur á dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarrýmum. Gjaldið árið 2004 er 2.050 kr. á m<sup>2</sup> á ári og reiknast að hámarki á 60 m<sup>2</sup> á hvert hjúkrunar- og vistrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m<sup>2</sup> á dagvistarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

## 5. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 921/2002 um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 460/2003 um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpertækja.

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu „Hjálpertæki frá Tryggingastofnun ríkisins“ með reglugerðinni:

Í flokknum **04 Hjálpertæki til meðferðar og þjálfunar** verða eftirfarandi breytingar:  
a. **0403 Hjálpertæki við öndunarmeðferð.**

TR hefur gert samning um framkvæmd og rekstur súrefnisþjónustu (súrefni á þrýstihylkjum, súrefnissíur og fylgihluti) fyrir einstaklinga í heimahúsum. Þá hefur TR gert samkomulag um ráðgjöf varðandi súrefnisþjónustu fyrir einstaklinga í heimahúsum. Einnig hefur TR gert samning um öflun, umsjón og rekstur CPAP-, BIPAP- og rúmmálsstýrðra öndunarvéla og ráðgjöf fyrir einstaklinga í heimahúsum. Eru öndunarvélar greiddar að fullu. Skiptanlegir fylgihlutir og rekstrarvörur fyrir vélarar ásamt þjónustu er einnig greidd að fullu nema fyrir notendur CPAP-öndunarvéla, en þar er kostnaður greiddur fyrir lífeyrisþega og börn/unglinga umfram kr. 250 af mánaðarlegum meðalkostnaði og fyrir aðra umfram kr. 1.500.

Gómur vegna kæfisvefns er samþykktur að undangenginni svefnrannsókn. Er hann þá greiddur 70%, þó aldrei meira en kr. 25.000.

Veitt er hjálpertækjaskírteini vegna fylgihluta við sogtæki. Við kaup þarf að framvísa skírteininu fyrir viðkomandi vöru. Lífeyrisþegar þurfa auk þess að framvísa viðeigandi skírteini/skilríkjum.

04 03 03 Lofthitarar 70% (til að hita innöndunarloft)

04 03 06 Innöndunartæki 70% (m.a. gómar vegna kæfisvefns með hámarki kr. 25.000, sbr. að ofan)

04 03 12 Öndunarvélar 100%, þ. á m. CPAP og BIPAP og skiptanlegir fylgihlutir, þjónusta og rekstrarvörur, þó þannig að skiptanlegir fylgihlutir, þjónusta og rekstrarvörur eru ekki greidd að fullu fyrir notendur CPAP, sbr. hér að ofan.

04 03 18 Súrefnisbúnaður 100%

04 03 21 Sogtæki 100%

04 03 27 Tæki til að bæta öndun 70% (m.a. grímur með inn- og útöndunarmótstöðu)

- 04 03 30 Öndunarmælar 70%
- 04 03 90 Viðgerðir á öndunartækjum 100%
- 04 03 91 Varahlutir (vegna bilana) í öndunartæki 100%
- 04 03 92 Fylgihlutir v/sogtækja 100%

b. Flokkurinn **0427 Raförvunartæki** orðast svo:

TR greiðir fyrir takmarkaðan fjölda af verkjastillandi raförvunartækjum og raförvunartækjum til að meðhöndla þvag- og hægðaleka. Hefur TR gert samkomulag um vörslu og úthlutun tiltekinna tækja (sem getur verið til lengri eða skemmri tíma) svo og um rekstur þeirra.

Heimilt er að krefjast tryggingarábyrgðar fyrir skilvísi notanda tækis og má hún nema allt að kostnaðarverði nýs tækis.

- 04 27 06 Verkjastillandi raförvunartæki (TNS-tæki, Transcutan Nerve Stimulation) 100%
- 04 27 09 Raförvunartæki til að meðhöndla þvag- og hægðaleka 100%
- 04 27 90 Kónar (rafskauf) fyrir raförvunartæki 70%

c. Fyrsti málsliður í flokknum 0448 orðist svo:

Standgrindur og standbretti eru greidd vegna mikillar lömunar, s.s. vegna heilalægrar lömunar eða mænusköddunar til varnar vöðvastyttingu eða blóðþrýstingsfalli.

d. Við flokkinn 0448 bætist nýr flokkur 04 48 92 sem orðast svo:

- 04 48 92 Stuðningshjól (hjálpardekk á hjól) 50%, þó að hámarki kr. 12.500.  
Eru greidd þegar ekki er hægt að nota hjálpardekk sem eru á almennum markaði.

Í flokknum **09 Hjálpartæki við persónulega aðhlyningu og fatnaður** fellur eftirfarandi brott:

- 09 27 09 Þvagflöskur 100%
- 09 42 06 Rafmagnstannburstar 50%

Í flokknum **12 Ferlihjálpartæki og hjálpartæki við flutning** orðast flokkurinn 12 18 21 svo:

- 12 18 21 Fylgihlutir á hjól 100%  
(sérstakir hnakkar, fótabönd, fótstig o.fl.)

Í flokknum **15 Hjálpartæki við heimilishald** verða eftirfarandi breytingar:

a. Á eftir 1. másl. í 1. mgr. í flokki **15 Hjálpartæki við heimilishald** kemur nýr másl. er orðast svo: Að jafnaði greitt á mest 5 ára fresti fyrir hvern einstakling.

b. Flokkur 1509 orðast svo:

**1509 Hjálpartæki við borðhald.**

- 15 09 03 Framreiðsluhjálpartæki, t.d. bakkar fyrir einhenta 50%
- 15 09 13 Sérhönnuð hnífapör og sogrör 50% (m.a. þung hnífapör og gafflar fyrir einhenta)
- 15 09 16 Sérhannaðar drykkjarkönnur, bollar og glös 50%
- 15 09 18 Sérhannaðir diskar og smurbretti 50%
- 15 09 21 Diskakantar 50%
- 15 09 24 Eggjabikarar með festingu 50%

Í flokknum **18 Húsbúnaður** verða eftirfarandi breytingar:

a. Flokkarnir 18 18 03, 18 21 03, 18 21 06, 18 21 91, 18 21 92 og 18 30 92 orðast svo:

- 18 18 03 Handrið/stuðningsgrip 70%
- 18 21 03 Dyraopnarar/lokarar 90%
- 18 21 06 Gluggaopnarar/lokarar 90%
- 18 21 91 Uppsetning á dyra- og gluggaopnurum/lokurum 90%
- 18 21 92 Viðgerð á dyra- og gluggaopnurum/lokurum 90%
- 18 30 92 Viðgerðir á lyftum 90%

b. Eftirfarandi flokkar falla brott:

- 18 03 06 Lesbörð 100%
- 18 18 06 Handföng 100%

Í flokknum **21 Hjálpartæki til tjáskipta, upplýsinga og viðvörunar** fellur eftirfarandi brott:

- 21 27 06 Bókagrindur og haldarar 100%

Í flokknum **24 Hjálpartæki til að meðhöndla tæki eða hluti** fellur eftirfarandi brott:

**2436 Hjálpartæki til að flytja hluti.**

- 24 36 09 Farangurs-/innkaupavagnar 50%
- 24 36 12 Hjólaborð 100%

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 3. mgr., sbr. a-lið 1. mgr., 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122/2000, hefur verið ákveðið kr. 2.528 á mánuði, að meðtöldum virðisaukaskatti, frá og með 1. janúar 2004 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

*Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Árnason.*

## AUGLÝSING

### um breyting á auglýsingu nr. 435/2003 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa.

#### 1. gr.

- Við 1. mgr. 1. gr. bætast þrír nýir töluliðir og eru þeir svohljóðandi:
4. Argentína
  5. Guernsey
  6. Mön

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001, öðlast þegar gildi.

*Persónuvernd, 11. desember 2003.*

**Valtýr Sigurðsson** stjórnarformaður.

*Sigrún Jóhannesdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2004.

#### 1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárþingi ytra, sbr. samþykkt nr. 44/2002 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2004, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	Kr.
a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli, m.v. 1 poka á viku	9.430
b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	4.715
c) Sumarhús	3.143
d) Fyrirtæki, m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)	9.430
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald fyrir förgun sorps (annast sjálf leigu gáma og flutning á förgunarstað)	35.279

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 1. desember 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2004 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 10. desember 2003.

*Hellu, 12. desember 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,  
**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu árið 2004.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 45/2002, skal á árinu 2004 vera kr. 9.300. Gjaldldagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 1. desember 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2004 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 10. desember 2003.

*Hellu, 12. desember 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,  
**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 316/2003, um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði.**

1. gr.

Eftir orðunum „eru með heimild í“ í B-lið 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 58. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

2. gr.

Ný málsgrein bætist við 5. gr. reglugerðarinnar, svohljóðandi:

Ákvörðun skattstjóra um að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur fjármálaráðherra kveða á um, sbr. 58. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, hefur engin áhrif á matið skv. 1. mgr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. og 27. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Hermann Sæmundsson.*



## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun rotþróa í Súðavíkurbreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að innheimta gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins, samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

#### 2. gr.

Árlegt gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera kr. 7.000.

#### 3. gr.

Heimilt er að innheimta aukagjald ef hreinsun rotþróa er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró er að ræða við útihús eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar hreinsunar. Gjald þetta skal þó aldrei vera hærra en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurbrepps og staðfestist hér með, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og samkvæmt samþykkt Súðavíkurbrepps um fráveitur og notkun og hreinsun rotþróa í Súðavíkurbreppi og öðlast gildi 1. janúar 2004.

Þannig samþykkt á 28. fundi hreppsnefndar Súðavíkurbrepps þann 27. nóvember 2003.

*Súðavík, 10. desember 2003.*

**Ómar Már Jónsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðaustur Hvaleyrarholt“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar á fundi sínum þann 3. júlí 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðaustur Hvaleyrarholt“ í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 15. desember 2003.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar ehf., er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar ehf., nr. 759 3. október 2001, breytist þannig:

Allir gjaldskrárlíðir hækka um 9%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 15. desember 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## REGLUGERÐ

### um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, á bráðamóttöku og göngu- og slysadeild sjúkrahúsa og fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gert samning við skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og sérfræðilæknum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærrí eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar.

##### 2. gr.

##### *Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna.*

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur sem kemur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá læknum. Sérfræðilæknirinn skal ávallt senda lækna- bréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðilæknis án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðilæknir þó ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins lækna- bréf. Komi sjúklingur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu annars sérfræðilæknis skal síðari sérfræðilæknirinn ávallt senda lækna- bréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðilæknis sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

3. gr.

*Hverjir eru sjúkratryggðir.*

Sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði telst sjúkratryggður nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 32. gr. og 9. gr. a. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn og unglingar yngri en 16 ára eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fösturbörn.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður. Að öðru leyti gildir, um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi, reglugerð nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

II. KAFLI  
**Heilsugæsla.**

4. gr.

*Komugjöld á dagvinnutíma.*

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 600.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 300.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 200.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar, heilsugæsla í skólum og unglíngamóttaka í heilsugæslu sem veitir ráðgjöf og fræðslu um forvarnir. Með mæðra- og ungbarnavernd er átt við mæðra- og ungbarnavernd eins og hún er skilgreind í tilmælum landlæknis um áherslur í mæðra- og ungbarnavernd og ung- og smábarnavernd.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

5. gr.

*Komugjöld utan dagvinnutíma.*

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e.a.s. milli kl. 17.00 og 08.00 og á laugardögum og helgidögum, skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.500.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 700.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 450.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt samkvæmt 4. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

## 6. gr.

*Gjöld vegna vitjana lækna.*

Fyrir vitjun læknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.600.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 600.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 450.

Fyrir vitjun læknis utan dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.300.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 850.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 600.

Með vitjun samkvæmt þessari grein er átt við þjónustu læknis utan heilsugæslustöðvar.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma skv. 1. mgr.

Heimilt er að ákveða að ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiði sama vitjanagjald og aðrir, en fái mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Í vitjanagjaldi eru innifaldar kr. 100 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis.

Vitjanagjald greiðist lækni og dregst frá samningsbundinni þóknun hans fyrir vitjanir.

## 7. gr.

*Gjöld fyrir aðra þjónustu.*

Sjúkratryggðir skulu greiða fyrir bólusetningar (hvern skammt) á heilsugæslustöð sem hér segir:

1. Blóðmauraheilabólga, kr. 3.400.
2. Heilahimnubólga (meningococca)
  - a. fjölvirkt fjölsykrubóluefni, kr. 3.500.
  - b. prótínbóluefni gegn stofni C (18 ára og eldri), kr. 3.200.
3. Hettusótt, kr. 4.700.
4. Hlaupabóla, kr. 6.100.
5. Hundaeði, kr. 6.500.
6. Inflúensa, kr. 600.
7. Japönsk heilabólga, kr. 2.900.
8. Kólera (bóluefni til inntöku), kr. 2.100.
9. Lifrabólga A 720 ein/ml, kr. 2.700.
10. Lifrabólga A 1400 ein/ml, kr. 4.100.
11. Lifrabólga B, kr. 2.700.
12. Lifrabólga B fyrir börn, kr. 2.100.
13. Lifrabólga A og B, kr. 5.300.
14. Lifrabólga A og B fyrir börn, kr. 3.800.

15. Lungnabólga, kr. 1.500.
16. Mislingar, kr. 1.500.
17. Stífkrampi og barnaveiki fyrir fullorðna, kr. 700.
18. Taugaveiki, kr. 2.300.

Gjöld skv. 1. mgr. skulu greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 4. og 5. gr. Gjöldin skulu einnig greidd í heimahjúkrun. Ekkert gjald er greitt fyrir ungbarnavernd og heilsugæslu í skólum, sbr. 2. mgr. 4. gr. Þá er ekki greitt gjald fyrir bólusetningar við stífkrampa, mænusótt, rauðum hundum og MMR (mislingar+hettusótt+rauðir hundar).

Auk komugjalda skv. 4. og 5. gr. skulu sjúkratryggðir greiða gjald fyrir aðra þjónustu en greinir í 1. mgr. sem hér segir:

1. Pungunarpróf, kr. 400.
2. Streptokokkarannsóknir, kr. 500.
3. Lyfjaleit í þvagi, kr. 1.600.
4. Lykkja (t), kr. 2.000.
5. Hormónalykkja, kr. 14.300.
6. Foreldrafraeðsla, kvöldnámskeið, kr. 6.000.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar.

#### 8. gr.

##### *Gjöld vegna krabbameinsleitar.*

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal sjúkratryggður greiða kr. 2.500 fyrir hverja komu.

Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris greiða kr. 900.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfs.

### III. KAFLI

#### **Sjúkrahús.**

#### 9. gr.

##### *Komugjöld.*

Fyrir komu og endurkomu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 3.210.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 1.280.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 410.

Fyrir komu og endurkomu á göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.721.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 717.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 412.

Fyrir sjúkra- og talþjálfun á sjúkrahúsum skal þrátt fyrir 2. mgr. þó aldrei greiða hærra eða lægra gjald en kveðið er á um í gildandi samningum samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og Félag talkennara og talmeinafræðinga. Gjöld fyrir sjúkra- og talþjálfun á sjúkrahúsum veita rétt til þjálfunarkorts frá Tryggingastofnun ríkisins.

Aldraðir sem þjónustu dagvistar njóta í tengslum við sjúkrahús skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni skv. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og 4. gr. reglugerðar nr. 45/1990 um dagvist aldraðra.

Sjúkratryggðir skulu greiða gjöld fyrir meðferð húðsjúkdóma veitta á sjúkrahúsi af öðrum en læknum í samræmi við reglugerð nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma veitta af öðrum en læknum, með síðari breytingu.

Gjöld fyrir þjónustu skv. VI. kafla greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 1. mgr., þó skulu komugjald og gjöld skv. VI. kafla takmarkast við það hámarksgjald sjúkratryggs sem tilgreint er í VI. kafla.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu renna til reksturs sjúkrahúss.

#### 10. gr.

##### *Gjöld vegna meðferðar og rannsókna við ófrjósemi.*

Fyrir meðferð á tæknifrjóvgunardeild Landspítala-háskólasjúkrahúss skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

	Glasafrjóvgun (IVF)	Smásjárfrjóvgun (ICSI)
1. Par sem ekki á barn saman:		
a. fyrsta meðferð	kr. 137.000	kr. 164.000
b. önnur til fjórða meðferð	kr. 77.000	kr. 93.000
c. fimmta meðferð eða fleiri	kr. 256.000	kr. 307.000
2. Par sem á eitt barn saman:		
a. fyrsta til fjórða meðferð	kr. 202.000	kr. 243.000
b. fimmta meðferð eða fleiri	kr. 256.000	kr. 307.000
3. Par sem á fleiri börn saman:	kr. 256.000	kr. 307.000

Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, heimsókna til sérfræðinga á tæknifrjóvgunardeildinni og lyfja, annarra en örvunarlyfja eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar skal greitt 20% af áætl-uðu heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

4. Uppsetning frystra fósturvísa, kr. 42.000.
5. Geymsla frystra fósturvísa kr. 11.000 fyrir hvert byrjað geymsluár. Frysting fósturvísa er að öðru leyti innifalin í meðferðargjaldi.
6. Tæknisæðing, aðeins ef uppsetning er framkvæmd, kr. 21.000.

Fyrir aðrar rannsóknir á tæknifrjóvgunardeild sem ekki tengjast tæknifrjóvgunarmeðferð skulu greiðslur fara skv. V. og VI. kafla.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu renna til reksturs sjúkrahúss.

#### 11. gr.

##### *Gjald fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð.*

Fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð skal sjúkratryggður greiða kr. 142.000.

Gjald samkvæmt þessari grein rennur til reksturs sjúkrahúss.

## IV. KAFLI

**Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.**

## 12. gr.

*Gjöld fyrir læknisvottorð í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.*

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
2. Fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga, kr. 350.
3. Fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (upp-bót vegna reksturs bifreiðar), vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinganefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands, kr. 700.
4. Fyrir læknisvottorð vegna umsóknar um styrk og uppbót til kaupa á bifreið fyrir fatlaða, kr. 800.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

1. Fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum, kr. 350.
2. Fyrir vottorð vegna sjúkranuðs, kr. 700.
3. Fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisaðgerðir og alþjóðaónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarbúða, undanþágu til bílbeltanotkunar, vegna veitingar ökuleyfis, dagmóðurstarfa og endurgreiðslu ferðakostnaðar, svo sem ferðarofs, og til skattfyrivalda, kr. 1.200.
4. Fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum, umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða, andláts (dánarvottorð), fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðar, kr. 1.700.
5. Fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla erlendis, og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda, kr. 3.000.
6. Fyrir vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafélaga vegna líftrygginga eða umsókna um örorkubætur, lögreglu, sýslumanna, vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi og dvalar eða starfa erlendis skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 2.500 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð samkvæmt þessari grein skulu renna til stofnunar.

## V. KAFLI

**Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa og á göngudeildum sjúkrahúsa.**

## 13. gr.

*Gjöld fyrir sérfræðilæknishjálp.*

Fyrir hverja komu til sérfræðilæknis utan sjúkrahúsa og á göngudeild sjúkrahúsa, sbr. þó 10. og 11. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu kr. 2.700 og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.  
Fyrir komu til sérfræðings í augnlækningum til sjónmælingar vegna gleraugna greiða sjúkratryggðir almennt á aldrinum 18 - 70 ára fullt verð samkvæmt gjaldskrá sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins sbr. þó 2. og 3. tölul. 1. mgr.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu

örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára kr. 900 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.

3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. þó að lágmarki kr. 450 og að hámarki kr. 18.000.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða kr. 5.100 fyrir keiluskurðaðgerðir. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára skulu greiða kr. 1.700 fyrir keiluskurðaðgerðir.

Við komu skv. 1. tölul. 1. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 18.000 í heild.

Þegar reikningur er gerður til Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sérfræðilæknishjálpi skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Tryggingastofnunar ríkisins vegna sérfræðilæknisþjónustu (ferliverk) sem veitt er á sjúkrahúsum.

Með umsömdu og ákveðnu heildarverði, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr., er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við sérfræðilækna skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Innifalið í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á göngudeild sjúkrahúsa skulu renna til reksturs sjúkrahússins.

## VI. KAFLI

### Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu, á sjúkrahúsum og utan sjúkrahúsa.

14. gr.

*Gjöld fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttnimælingar.*

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsóknar á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 10. og 11. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 300.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 100.

Fyrir hverja komu til geisla- og myndgreiningar og beinþéttnimælingar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, 1.500 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. þó að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 18.000.



Sjúkratryggðir almennt skulu greiða kr. 5.100 fyrir kransæða- og hjartaþræðingu. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára skulu greiða kr. 1.700 fyrir kransæða- og hjartaþræðingu.

Þegar reikningur er gerður til Tryggingastofnunar ríkisins fyrir geisla- og myndgreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Tryggingastofnunar ríkisins vegna geisla- og myndgreininga og beinþéttmælinga sem gerðar eru í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.

Með umsömdu og ákveðnu heildarverði, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr., er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við sérfræðilækna skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar eða verð sem tilgreint er í fylgiskjali I með þessari reglugerð. Innifalið í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á heilsugæslustöð og á sjúkrahúsum skulu renna til reksturs stofnananna.

## VII. KAFLI

### Afsláttarskírteini.

15. gr.

#### *Réttur til afsláttarskírteinis.*

Þegar sjúkratryggður einstaklingur á aldrinum 18 - 70 ára hefur greitt kr. 18.000 á sama almanaksári vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, koma á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsókna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreiningu og beinþéttmælinga skal hann eiga rétt á afsláttarskírteini.

Börn undir 18 ára aldri með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast einn einstaklingur. Þegar greiddar hafa verið á sama almanaksári kr. 6.000 vegna heimsókna barna undir 18 ára aldri í sömu fjölskyldu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, heimsókna á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsókna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreiningu og beinþéttmælinga, eiga forsjármenn barnanna rétt á afsláttarskírteini vegna þeirra.

Þegar ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, hafa greitt kr. 4.500 á sama almanaksári vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, heimsókna á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsókna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreiningu og beinþéttmælinga, skulu þeir eiga rétt á afsláttarskírteini.

Greiðslur samkvæmt 7. gr., 8. gr., 2., 4. og 5. mgr. 9. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr. og 18. gr. veita ekki rétt til afsláttarskírteinis samkvæmt þessari grein.

16. gr.

#### *Gjöld þeirra sem eru með afsláttarskírteini.*

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 4.-6. gr., 1. mgr. 9. gr., 13. og 14. gr. skal Tryggingastofnun ríkisins afhenda sjúkratryggðum afsláttarskírteini skv. 15. gr., sem lækkar greiðslu vegna heilbrigðisþjónustu út almanaksárið. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag, nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggður fengið afsláttarskírteini samkvæmt þessari grein skal hann greiða sem hér segir fyrir heilbrigðisþjónustu það sem eftir er almanaksársins:

1. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 4. gr. á dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 300.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, og börn yngri en 18 ára, kr. 200.
2. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 5. gr. utan dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, og börn yngri en 18 ára, kr. 450.
3. Fyrir vitjun læknis skv. 1. mgr. 6. gr. á dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 450.
4. Fyrir vitjun læknis skv. 2. mgr. 6. gr. utan dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.500.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 600.
5. Fyrir komu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skv. 1. mgr. 9. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.280.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 410.
6. Fyrir komu til sérfræðilæknis utan sjúkrahúsa og til sérfræðilæknis á göngudeild sjúkrahúsa skv. 13. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir, kr. 900 + 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000. Fyrir keiluskurðaðgerð skal greiða að hámarki kr. 1.700.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. þó að lágmarki kr. 450 og að hámarki kr. 18.000. Fyrir keiluskurðaðgerð skal greiða að hámarki kr. 567.
7. Fyrir rannsóknir skv. 1. mgr. 14. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 400.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 100.
8. Fyrir geisla- og myndgreiningu og beinþéttmælingu skv. 2. mgr. 14. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000. Fyrir kransæða- og hjartaþræðingu skal greiða að hámarki kr. 1.700.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. þó að

lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 18.000. Fyrir kransæða- og hjartaþræðingu skal greiða að hámarki kr. 567.

Við komu skv. 6. tölul. 2. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 18.000 í heild.

Heimilt er að ákveða að afsláttarskírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fá síðan mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis. Gjöld sem greidd eru á heilsugæslustöð og sjúkrahúsi renna til reksturs stofnananna. Vitjanagjald dregst frá samningsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir, sbr. og 6. gr.

## VIII. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 17. gr.

#### *Sérreglur fyrir atvinnulausa.*

Einstaklingur sem verið hefur samfelld atvinnulaus í sex mánuði eða lengur samkvæmt staðfestingu Vinnumálastofnunar á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris. Staðfestingu Vinnumálastofnunar skal endurnýja á þriggja mánaða fresti. Réttur til afsláttarskírteinis fer samkvæmt 1. mgr. 15. gr.

### 18. gr.

#### *Gjald fyrir sjúkraflutninga.*

Hámarksfjárhæð sem sjúkratryggður skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. h-lið 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, er kr. 3.400.

### 19. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, 20. gr. og 35. gr. a. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 328/2003 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

**Fylgiskjal I.**

Ákveðið heildarverð fyrir geisla- og myndgreiningar til viðmiðunar við útreikning á greiðsluhluta sjúklings fyrir komu á heilsugæslustöð og sjúkrahús þar sem ekki er um innlögn að ræða, sbr. 2. og 5. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar.

Flokkar	Einingar	Verð (144,5 kr./ein.)	Flokkar	Einingar	Verð (144,5 kr./ein.)
1. flokkur	21	3.035	9. flokkur	140	20.230
2. flokkur	28	4.046	10. flokkur	150	21.675
3. flokkur	45	6.503	11. flokkur	200	28.900
4. flokkur	70	10.115	12. flokkur	210	30.345
5. flokkur	90	13.005	13. flokkur	510	73.695
6. flokkur	100	14.450	14. flokkur	1100	158.950
7. flokkur	115	16.618	15. flokkur	1580	228.310
8. flokkur	120	17.340			

- Einungis er gjaldfært fyrir einn flokk í hverri komu í flokkum 13 - 15 og er þá miðað við hæsta verðflokk þess sem gert er.
- Gjaldfært er sérstaklega fyrir hjartagangráða, stent og regnhlífar, a.ö.l. eru einnota vörur innifaldar í verðskrá.
- Við ómskoðun gildir einu hve mörg líffæri innan flokksins eru skoðuð, hámarksgreiðsla fyrir sjúklingakomu eru tveir flokkar.  
Ef rannsókn er í VIII. flokki er það hámarksgreiðsla fyrir ómun.

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
	<b>1. flokkur</b>		641-00	Lærleggur	21
301-00	Epipharynx	21	642-00	Hnéliður	21
304-00	Mjúkpartar á hálsi / barki / skjaldkirtill	21	645-00	Fótleggur	21
401-00	Munnvatnskirtlar	21	646-00	Ökkli	21
600-09	Rannsókn á sýni	21	648-00	Fótur/hæll/tær	21
601-00	Cranium	21		<b>2. flokkur</b>	
602-00	Sinusar	21	320-00	Lungu	28
603-00	Andlitsbein/nefbein	21	320-09	Lungu/rekkjumynd á röntgendeild	28
608-00	Neðri kjálki/kjálkaliðir	21	460-00	Kviðarhol, yfirlit	28
609-00	Kjálkaliðir (bitrannsókn)	21	501-00	Þvagfærafirlit	28
620-00	Sternum	21	6xx-32	Bein og liðir - álagsrannsóknir, liggjandi eða standandi	28
621-00	Hálsiðir	21	6xx-33	Bein og liðir - hornamæling	28
622-00	Brjóstliðir	21	611-00	Orthopantomografia	28
623-00	Lendarliðir	21	617-00	Leguákvörðun aðskotahluts í auga	28
624-00	Rif	21	626-10	Mjaðmargrind-skyggnaðstoð	28
625-00	Sternoclavicularliðir	21	626-11	Mjaðmargrind rannsókn á skurðst.	28
626-00	Mjaðmagrind	21	629-00	Hryggskekkjurannsókn	28
627-00	Sacroiliacaliðir	21	655-00	Lengdarákvörðun/ hornamæling á útlimum	28
628-00	Spjaldbein/rófubein	21		<b>3. flokkur</b>	
631-00	Axlarl./viðbein/herðablað	21	199-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
632-00	Sérmynd af acromion, Bigliani	21	302-00	Talmeinafræðileg rannsókn	45
633-00	Upphandleggur	21	320-07	Lungu/ rekkjumynd utan röntgendeildar	45
634-00	Olnbogi	21	399-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
636-00	Framhandleggur	21	443-00	Anal fistulografia	45
637-00	Úlnliður	21	499-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
638-00	Hönd/fingur	21			
639-00	Mjaðmarliðir	21			

	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
	511-00	Retrograd pyelografia	45	3-VIII 9xx-01	Ómun m/skuggaefni	70
	512-00	Antegrad pyelografia	45		<b>5. flokkur</b>	
	540-00	Grindarmál	45	8xx-01	TS-rannsókn með skuggaefnis- gjöf	90
	599-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	869-33	Tölvusneið-mjaðmargrind +hornamæling	90
	600-36	Fistulografia	45	870-33	TS-fótleggur+hornamæling	90
	607-00	Dakrocystografia	45	895-00	TS-dental einföld vegna tit- anion implantationar	90
	656-00	Ákvörðun beinaldurs	45		<b>6. flokkur</b>	
	699-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	3-VIII 9xx-60	Æðaómskoðun án skuggaefnis- gjafar/flæðisrannsóknir	90
3-I	91x-00	Ómun höfuð og heili	45		<b>6. flokkur</b>	
3-I	912-07	Ómun heili - mobil	45	402-00	Sialografia	100
3-I	912-11	Ómun heili á skurðstofu	45	410-00	Vélinda	100
3-II	92x-00	Ómun hjarta og brjósthol	45	431-00	Mjógirmi-tvíkontrast (sondu- passage)	100
3-III	93x-00	Ómun háls og brjósthol	45	440-00	Ristill	100
3-IV	94x-00	Ómun kviðarhol og kviðarhols- líffæri	45	441-00	Ristill-tvíkontrast	100
3-IV	94x-07	Ómun kviðarhol og kviðarhols- líffæri - mobil	45	442-00	Defecografia	100
3-IV	94x-11	Ómun kviðarhol og kviðarhols- líffæri á skurðstofu	45	449-00	Herniografia	100
3-V	95x-00	Ómun þvagfæri, eistu og nýrnahettur	45	510-00	Þvagfærarannsókn með skuggaefni, urografia	100
3-V	95x-07	Ómun þvagfæri - mobil	45	530-00	Urethrocystografia	100
3-V	95x-11	Ómun þvagfæri á skurðstofu	45	531-00	Mictionsurethrocystografia	100
3-VI	960-00	Ómun bein- liðir-liðþófar	45	533-00	Vesiculografia	100
3-VI	961-00	Ómun mjúkparta á útlimum	45	534-00	Rannsókn á Brickersblöðru (loopografia)	100
3-VI	962-00	Ómun bláæða á útlimum m.t.t. blóðsega (DVT)	45	560-00	Hysterosalpingografia	100
3-VI	963-00	Ómun mamme	45	686-00	Ganglimsplebografia	100
3-VI	964-00	Ómun mjúkpantar aðrir	45		<b>7. flokkur</b>	
3-VII	97x-00	Ómun: leg, eggjaleiðarar, eggja- stokkar og fóstur	45	131-00	Lumbal myelografia	115
		<b>4. flokkur</b>		132-00	Thoracal / Cervical / Total myelografia	115
	320-10	Lungu - skyggnaðstoð	70	304-05	Mjúkpantar á hálsi - ástunga/ sýnistaka	115
	420-00	Magi	70	320-05	Lungu - ástunga/sýnistaka	115
	430-00	Mjógirmi	70	350-00	Bronchografia	115
	450-00	Gallvegir um dren (cholangio- grafia)	70	450-50	Gallvegir, skipt um slöngu	115
	453-00	Gallvegir í aðgerð	70	460-05	Kviðarhol - ástunga/sýnistaka	115
	460-10	Kviðarhol, skyggnng	70	463-00	Ductografia choled. (ERC)	115
	501-10	Þvagfæri, skyggnng	70	464-00	Ductografia pancreas (ERP)	115
	586-00	Cavernografia	70	590-50	Skipt um nefrostomiuslöngu	115
	589-00	Bláæðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	70	685-00	Bláæðarannsókn á handlegg	115
	6xx-35	Skuggaefnisrannsókn á liðum - arthrografia	70	688-00	Lymfografia	115
	600-10	Skyggnng	70	6xx-05	Ástunga/sýnistaka	115
	600-38	Rannsókn á líki	70	715-00	Nýrnabarkar og safnkerfis- skann (gluco eða DTPA/DMSA)	115
	800-77	Plönun / eftirhleðslu	70	720-00	Nýru, Renografia-MAG3 eða DTPA	115
	8xx-00	TS-rannsókn án skuggaefnis- gjafar	70	725-00	Heilaskönnun með DTPA (blood-brain-barrier)	115
	821-04	TS-háls hryggur með skugga- efni í mænugang (myelogr.)	70	734-00	Ísótóparannsókn beinayfirlit	115
	822-04	TS-brjóst hryggur m/skuggaefni í mænugang (myelogr.)	70	734-03	Ísótóparannsókn beinayfirlit- SPECT	115
	823-04	TS-lend hryggur með skugga- efni í mænugangi (myelogr.)	70	735-00	Lungnaskönnun, blóðflæði (per- fusion)	115

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
736-00	Lungnaskönnun, loftfylling (ventilation)	115		<b>11. flokkur</b>	
740-00	Ísotóparannsókn munnvatns-kirtlar	115	Mxx-01	Segulómrannsóknir án og með skuggaefnisgjöf	200
750-00	Nýrnabarkarskann (DMSA)	115	Mxx-61	Segulómun - æðaskoðun með skuggaefnisgjöf	200
755-00	Ísotóparannsókn skjaldkirtill	115		<b>12. flokkur</b>	
763-00	Thrombosugreining (ísótópa- flebografía)	115	704-00	Shuntfunction (ventriculo peritoneal eða önnur)	210
766-00	Eistnaskann	115	709-00	Skjaldkirtilsskönnun og upp- tökumæling 131-I	210
773-00	Gallrennsli (HIDA-skönnun)	115	710-00	Skjaldkirtilskrabbamein, með- ferð með 131-I	210
779-00	Táragangaskönnun	115	718-00	Ísotóp-lifur og lifrablóðflæði	210
783-00	Æviskeið rauðra blóðkorna (red cell survival, RCS)	115	726-00	Mænuvökvarennli (cisterno- grafía, intrathecal skann)	210
784-00	Ísotóparannsókn lifur/milta	115	728-00	Mænuvökvaleki	210
784-03	Ísotóparannsókn lifur/milta- SPECT	115	737-00	Hjartavirkni (MUGA)	210
787-00	Bakflæði magi-vélinda (mjólkurskann, salivagram)	115	742-00	Hjartavöðvablóðfæði m. alagi (Cardiolite, Myoview)	210
788-00	Magatæming - vökví	115	744-00	Ísotóparannsókn liðir	210
789-00	Magatæming - föst fæða	115	745-00	Liðbólga, meðferð með 90-Y	210
791-00	Meltingarfærablæðingarskann með sulfur colloid	115	747-00	Bris	210
792-00	Meckelskann	115	748-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.)	210
793-00	Bakflæði þvagblaðra-þvag- leiðari (ísótópa-MUCG)	115	754-00	Ísotóparannsókn heila með Ceretec	210
3-VIII 9xx-05	Ómstýrð ástunga/sýnistaka	115	756-00	Kalkkirtlaskönnun (parathyre- oidea)	210
	<b>8. flokkur</b>		757-00	Nýrnahettuskönnun (75-Se- norcholesterol)	210
8xx-02	Tölvusneiðmyndarannsókn án og með skuggaefni/ fjölfasa	120	761-00	Ísotóparannsókn beinmergur	210
896-00	TS-dental tvöföld vegna titanium implantantar	120	765-00	Lymfueitlar	210
3-VIII 9xx-61	Æðaómskoðun með skugga- efnisgjöf/flæðisrannsókn	120	767-00	Æxlisskann með gallium eða jöð 131	210
	<b>9. flokkur</b>		768-00	Nýrnaskann með lasix eða captopril	210
320-06	Lungu - ástunga/dren	140	774-00	Gallrennsli (HIDA-skönnun) m. CCK eða fitumáltíð	210
460-06	Kviðarhol - ástunga/dren	140	775-00	Frásog á gallsíru í þörmum (SeHCAT, 75-Se)	210
6xx-06	Ástunga/dren	140	776-00	Beinaskönnun, þrífasa + tví- fasa (liðir)	210
721-00	Nýru, Króm-EDTA-clearance (51-Cr)	140	777-00	Beinaskönnun, tvífasa	210
741-00	Hjartavöðvablóðfæði í hvíld (Cardiolite, Myoview)	140	781-00	Polycytaemia vera, meðferð með 32-P	210
743-00	Ísotóparannsókn myocardium	140	782-00	Æviskeið rauðra blóðkorna, sequestration (eyðingarstað)	210
762-00	Blóðrúmmál (rauð blóðkorn, 51-Cr)	140	790-00	Meltingarfærablæðingarskann með rauðum blóðkornum	210
778-00	Beinaskönnun, þrífasa	140	795-00	Æxlisskann með monoclonal antibodies	210
3-VIII 9xx-06	Ómstýrð ástunga/dren	140	796-00	Sýkingarskann með merktum hvítum blóðkornum	210
	<b>10. flokkur</b>		797-00	Sýkingarskann með gallium	210
711-00	Ofstarfsemi skjaldkirtils, með- ferð með 131-I	150	798-00	Skjaldkirtilskrabbamein, mein- varpaleit, 131-I	210
785-00	Schillingspróf I	150			
786-00	Schillingspróf II	150			
Mxx-00	Segulómrannsóknir án skugga- efnisgjafar	150			
Mxx-60	Segulómun - æðaskoðun án skuggaefnisgjafar	150			

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
8xx-61	Tölvusneiðmyndir - æða- skoðun	210	577-00	Sérþræðing í Art. testicularis/ ovarica	510
	<b>13. flokkur</b>		578-00	Slagæðarannsókn á ígræddu nýra	510
170-00	Carotis angiografia	510	579-00	Æðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	510
171-00	Carotis interna angiografia	510	580-00	Flebografi á renalis	510
172-00	Sérþræðing á carotis externa ang.	510	581-00	Nýrnabláæðar, sérþræðing og blóðsýni tekin	510
173-00	Arteriografia aa. vertebr.	510	582-00	Flebografia af gl. supraren.	510
174-00	Aorta-cervical angiografia	510	584-00	Sérþræðing í vena spermatica	510
175-00	Superselectiv angiografia	510	584-43	Lokun á vena spermatica (embolisation)	510
176-00	Spinal angiografia	510	585-00	Bláæðarannsókn grindarholslíf- færa	510
180-00	Orbital flebografia	510	590-00	Ástunga á nýrnaskjöldu (percutan nefropyelostom)	510
181-00	Jugularis flebografia	510	592-52	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction)-stent	510
182-00	Spinal flebografia	510	593-00	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction)	510
195-00	Deyfing á ganglion semilun- are (Gasseri)	510	675-00	Slagæðarannsókn á handlegg	510
372-00	Thoracal aortografia	510	676-00	Ganglimsangiografia	510
376-00	Æðarannsókn háslíffæra (t.d. skjaldkirtils)	510	677-00	Aorto-femoral angiografia	510
377-00	Þræðing á bronchial æðum	510	679-00	Rannsókn annarra slagæða	510
382-00	Skuggaefnisinnndæling í lungnaslagæð	510	729-00	Basal ganglia (BETA - CIT - 123 - I)	510
383-00	Thoracal cavografia	510	8xx-05	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/sýnistaka	510
395-00	Non-invasiv raflífeðlisfræði- leg rannsókn	510	8xx-06	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/dren	510
410-40	Vélinda-útvíkkun	510	Mxx-05	Segulómstýrð ástunga/sýnis- taka	510
440-40	Ristill-útvíkkun	510	Mxx-06	Segulómstýrð ástunga/dren	510
470-00	Kviðarholshæðar-inndæling í aorta	510		<b>14. flokkur</b>	
471-00	Kviðarholshæðar, sérþræðing	510	780-00	Æxliskönnun (Octreotide, 111-In)	1100
480-00	Cavografia inf.með v.iliaca	510		<b>15. flokkur</b>	
498-00	Víkkun þrengsla í vélinda	510	758-00	Beinameinvörp, meðferð með 89-Sr (Metastron)	1580
570-00	Æðarannsókn á æðum í mjáðmagrind	510			
571-00	Sérþr. í æðar grindarholslíf- færa	510			
573-00	Renal aortografia	510			
574-00	Renal angiografia	510			
576-00	Nýrnahettuslagæðar, sérþræð- ing	510			

# REGLUGERÐ

## um skylduskil til safna.

### I. KAFLI

#### Almennt.

##### 1. gr.

#### *Tilgangur.*

Tilgangur reglugerðar þessarar er að kveða á um framkvæmd skylduskila til safna og ýmsa þætti þeirra.

### II. KAFLI

#### Skilaskyld verk.

##### 2. gr.

#### *Verk gefin út á pappír.*

Af verkum sem gefin eru út á pappír skal afhenda fjögur eintök. Séu verk framleidd hér á landi hvílir skilaskyldan á framleiðsluaðila, þ.e. þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki, prentsmiðju, fjölföldunarstofu eða bókbandsstofu. Sé ekki ljóst hver sá aðili er eða skil bregðast hjá honum getur móttökusafn farið fram á að útgefandi eða sá sem sér um dreifingu verka inni skilaskylduna af hendi. Þegar um er að ræða verk sem framleitt er erlendis hvílir skilaskyldan á útgefanda þess.

Verk gefin út á pappír geta verið prentuð, fjölrituð eða fjölfölduð á annan hátt, svo sem:

- Bækur*, þar með taldar barnabækur, kennslubækur, kennsluhefti og nótur.
- Tímarit, ritraðir og blöð*, þ.e. öll rit sem eru tölumerkt eða með tímasetningu, þar með talin dagblöð, héraðsblöð, kosningablöð, skólablöð, myndablöð, blöð stofnana og félaga (t.d. starfsmannablöð), tímarit, árbækur, fréttabréf, sjónvarpsdagskrár, ársskýrslur og ársreikningar.
- Skýrslur og álitsgerðir*, þar með teljast vísindalegar og fræðilegar skýrslur, skýrslur og álitsgerðir nefnda og stofnana.
- Landakort, uppdrættir, veggspjöld*, hér undir falla jarðfræðikort, sjúkort, vegakort og ferðakort; einnig upphleypt kort og hnattlíkön.
- Smáprent*, svo sem sérprentanir, kynningarbæklingar, ferðabæklingar, ferðaáætlanir, leiðarvísar, auglýsingar, framleiðslulýsingar, söluskrár, verðlistar, ljóð, útfararprent, einblöðungar, leikskrár, sýningarskrár, tónleikaskrár, póstkort, jólakort, myndir, teikningar, spil, dagbækur, vasabækur, bókmerki og dagatöl (ritstýrð og með texta).

Efni sem fylgir verkum á pappír, svo sem hljóddiskar, mynddiskar, disklingar, snældur, örgögn, kort og myndbönd, er skilaskyldt og skal það efni sem saman á afhendast í einu lagi.

Afhenda ber nýjar prentanir þegar tilgreint er í verki að um endurprentun sé að ræða eða þegar ný prentun felur í sér að breyting hefur orðið á búnaði verks, t.d. að því er varðar kápu, bókband eða gerð pappírs. Nýtt upplag af prentun þar sem engar breytingar hafa orðið á verki telst ekki til endurprentunar skv. ákvæði þessu og er því ekki skilaskyldt.

Prentun eftir pöntun lýtur sömu ákvæðum um skylduskil og önnur verk sem gefin eru út á pappír. Af slíkri útgáfu er aðeins fyrsta prentun skilaskyld ef endurteknar prentanir eru óbreyttar eða með lítils háttar leiðréttingum.

Verk gefin út í litlu upplagi, þ.e. innan við 50 eintök, eru skilaskyld í tveimur eintökum.



## 3. gr.

*Örgögn og skyggjur.*

Af verkum sem gefin eru út sem örgögn, á skyggjum eða á samsvarandi miðlum skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Örgögn, þ.e. örfilmur og örfisjur, eru skilaskyld þó að verkin séu jafnframt gefin út í öðru formi. Ekki eru þó skilaskyld örgögn sem eru framleidd í opinberum söfnum, m.a. til þess að hlífa frumgögnum, þó að þeim sé dreift í nokkrum eintökum til annarra viðlíka stofnana, enda er litið svo á að ekki sé um birtingu verks að ræða í skilningi 2. mgr. 3. gr. laga um skylduskil til safna nr. 20/2002.

## 4. gr.

*Hljóðrit.*

Af útgefnum hljóðritum, þ.e. hvers konar tal- og tónupptökum, þ.m.t. hljóðbókum, hljómplötum, hljóðsnældum og hljóðdiskum skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Hafi hljóðupptökur verið gefnar út á fleiri en einum miðli eru allar gerðirnar skilaskyldar. Ákvæði þetta felur í sér að afhenda ber útgáfur í formi hljóðbóka og hljóðblaða, þ.e. lesna texta á hljóðriti.

Hljóðrit sem dreift er á almennu tölvuneti eru skilaskyld svo sem önnur verk á rafrænu formi á neti. Afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín stafrænt eintak af verkinu.

## 5. gr.

*Verk útgefin á stafrænu formi.*

Af stafrænum verkum til notkunar í tölvu, sem gefin eru út á hljóðdiskum, mynddiskum, disklingi eða sambærilegu formi, skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda. Til skilaskyldra verka samkvæmt þessu ákvæði telst m.a. skrifaður texti, tal, tónlist og önnur hljóðverk, myndlist, ljósmyndir kvikmyndir, tölvugrafík, tölvuleikir, annað gagnvirkt efni og samsetningar framangreindra verka, þ.e. margmiðlunarefni. Verk útgefin á stafrænu formi eru skilaskyld, þrátt fyrir að þau kunni jafnframt að vera gefin út á pappír eða öðru hliðrænu formi.

Tölvuforrit svo sem ritvinnsluforrit, töflureiknar, stýrikerfi og sérhæfð forrit eru ekki skilaskyld. Þó ber að afhenda forrit ef þau eru gefin út sem hluti af eða til notkunar með stafrænum bókum, uppláttarritum, margmiðlunardiskum, tölvuleikjum og öðrum gagnvirkum verkum.

## 6. gr.

*Verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti.*

Undir þennan flokk falla vefsíður og önnur gögn – sem birt eru eða gerð aðgengileg almenningi á hinum íslenska hluta veraldarvefsins, þ.e. þjóðarléninu .is, svo og efni sem birt er á öðrum lénom á íslensku eða af íslenskum aðilum.

Sá sem birtir verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti skal veita móttökusafni aðgang að verkinu og láta í té aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að safnið fái aðgang að verkinu. Afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín stafrænt eintak af verkinu.

Móttökusafn skal leita eftir nánú samstarfi við þann aðila sem annast skráningu og stjórnun á þjóðarléninu .is, m.a. í því skyni að fá reglulega upplýsingar um hvaða lén eru skráð undir þjóðarléninu. Sama gildir um önnur lén á íslensku og þau sem birt eru af íslenskum aðilum.

Móttökusafn skal eiga viðtækt samstarf um framkvæmd og tilhögun söfnunar þeirra verka sem birt eru á vefnum, sérstaklega við rekstraraðila stærstu léna sem skylduskil taka til. Móttökusafn skal enn fremur leita eftir samstarfi við aðila sem birta verk á almennu tölvuneti um að þeim fylgi sem best lýsigögn.

Um forrit gildir sama regla og tilgreind er í 2. mgr. 5. gr.

7. gr.

*Samsettar útgáfur.*

Af samsettum útgáfum, svo sem prentuðu efni, skyggnum, myndböndum, hljóðritum, hljóðdiskum, mynddiskum, disklingum o.fl., skal afhenda fjögur eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda. Gildir einu hvort hið afhendingarskylda birtist á tvenns konar miðlum eða fleiri tegundum miðla.

Skylduskil ná ekki yfir efni sem framleitt er í einu eða fáum eintökum í því skyni að sýna það á sýningum, ráðstefnum, fyrirlesturum, í kennslu o.s.frv.

8. gr.

*Útvarpsefni.*

Útsendar dagskrár Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps – ásamt hæfilegu sýnishorni uppfyllingarefnis fyrir og eftir auglýsta dagskrá, skulu afhentar í einu eintaki og varðveittar í heild sinni. Með útsendri dagskrá er hér átt við skipulagða flutningsröð viðfangsefna sem undirbúin eru eða flutt af starfsmönnum hljóðvarps- eða sjónvarpsstöðvar og miðlað er til hlustenda eða áhorfenda. Með varðveislu dagskrár í heild sinni er hér átt við óslitna röð dagskrárliða frá upphafi til loka útsendrar dagskrár hvers útsendingardags. Aðrar íslenskar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar skulu láta í té eitt eintak af þeim hlutum dagskrár sem móttökusafn kallar eftir. Skilaskylda útvarpsefnis hvílir á rekstraraðila.

Útvarpsstöðvar skulu senda móttökusafni skráningarupplýsingar um dagskrár sínar, bæði í útgefnu prentuðu formi og í tölvutæku formi, samkvæmt reglum sem rekstraraðilar og móttökusafn koma sér saman um.

Eintak útsendrar dagskrár skv. 1. mgr. skal afhent móttökusafni á stafrænum miðli í þeirri útgáfu og gæðum sem hún birtist í viðtækjum notenda í upphaflegri útsendingu. Ákvæði þessarar greinar fela í sér lágmarkskröfur um gæði skilaskylds eintaks og er skilaskyldum aðila heimilt að inna af hendi skyldu sína með eintaki í betri gæðum en hér er tilgreind. Móttökusafn setur nánari reglur um tímasetningu, form og afhendingu skilaskylds efnis skv. þessari grein.

9. gr.

*Kvikmyndir.*

Kvikmynd merkir hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt. Hér er t.d. átt við bíómyndir, stuttmyndir, heimildarmyndir, fræðslumyndir, teiknimyndir, auglýsingamyndir og sýnishorn úr kvikmynd.

Af íslenskum kvikmyndum, sem gefnar eru út eða sýndar opinberlega og framleiddar eru á filmu, skulu afhent tvö eintök. Skal annað eintakið vera frumeintak (hljóð og mynd) eða ígildi þess. Hitt eintakið má vera notað en gallalaust sýningareintak. Ef kvikmynd er birt í öðru formi skal afhenda eitt frumeintak (master) og annað sambærilegt sýningareintak (afrit frumeintaks nothæft til sýningar í kvikmyndahúsi og sjónvarpi). Af eintökum sem fara á almennan neytendamarkað (verslanir, myndbandaleigur o.s.frv.) skal afhenda tvö eintök af hverri gerð.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út á myndböndum, mynddiskum eða öðru sambærilegu formi skal til viðbótar afhenda eitt sýningareintak til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Af kvikmynd sem birt er í fleiri en einni útgáfu, t.d. stytt gerð, breytt gerð fyrir erlendan markað eða útgáfa með erlendum texta, eru allar gerðir skilaskyldar.

Skilaskylda íslenskrar kvikmyndar hvílir á framleiðanda hennar. Skilaskylda erlendrar kvikmyndar hvílir á dreifingaraðila hér á landi.

Framleiðendur íslenskra kvikmynda og dreifingaraðilar erlendra kvikmynda skulu senda móttökusafni upplýsingar um helstu aðstandendur kvikmyndar, frumsýningarstað og dagsetningu samkvæmt nánari reglum sem móttökusafn setur. Móttökusafn setur nánari reglur um tímasetningu, form og afhendingu skilaskylds efnis skv. þessari grein.

### III. KAFLI

#### **Framkvæmd skylduskila.**

##### 10. gr.

##### *Hlutverk móttökusafna.*

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur umsjón með viðtöku skilaskylds efnis sem því ber að varðveita, jafnframt því sem safnið hefur milligöngu um viðtöku skilaskylds efnis sem varðveitt er í Amtsbókasafninu á Akureyri. Kvikmyndasafn Íslands hefur umsjón með viðtöku þess efnis sem því ber að varðveita. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Amtsbókasafnið á Akureyri og Kvikmyndasafn Íslands, bera hvert um sig ábyrgð á framkvæmd þess hluta skylduskila sem þau veita viðtöku. Þetta á við þrátt fyrir að Kvikmyndasafn Íslands geri samkomulag við Ríkisútvarpið um að það varðveiti sjálft dagskrár sínar.

Hlutverk móttökusafna felst m.a. í því að halda uppi samskiptum við skilaskylda aðila, veita viðtöku skilaskyldu efni, athuga hvort skil séu fullnægjandi og í samræmi við lög og gera skilaskyldum aðila viðvart ef út af bregður í því efni.

Móttökusöfn veita upplýsingar um skylduskil og kynna þessa starfsemi út á við. Þau halda tölulegar upplýsingar um skilin.

Móttökusafni ber að senda eintök, sem samkvæmt ákvæðum laga um skylduskil til safna nr. 20/2002 eru einnig varðveitt annars staðar, til viðkomandi varðveislusafna.

##### 11. gr.

##### *Skilafrestur.*

Efni sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri veita viðtöku skal afhent sem fyrst eftir útkomu verks en í síðasta lagi 1. febrúar og 1. ágúst ár hvert að því er varðar þau verk sem gefin eru út á undanförunum sex mánuðum.

Erlendar kvikmyndir með íslenskum texta eða íslensku tali, sem sýndar eru í kvikmyndahúsum, skulu afhentar Kvikmyndasafni Íslands í sýningareintaki innan árs eftir að síðustu sýningu þeirra í fyrstu sýningarlotu lýkur. Með sýningareintaki er átt við það eintak sem notað var til frumsýningar kvikmyndarinnar í kvikmyndahúsi. Erlendum kvikmyndum sem eru með íslenskum texta og/eða íslensku tali og dreift er til almennings á myndböndum, mynddiskum eða öðru formi ber að skila innan árs frá útgáfudegi.

Skilaskyld eintök kvikmynda skulu afhent eigi sjaldnar en tvisvar á ári, þ.e. í janúar og maí.

Umsókn um lengri skilafrest íslenskra kvikmynda skal send Kvikmyndasafni Íslands með bréfi þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir beiðinni.

Móttökusafni er heimilt að víkja frá reglum um skilafrest ef sérstakar ástæður gefa tilfni til þess.

## 12. gr.

*Skilaskrár.*

Með hverri sendingu skyldueintaka skal fylgja skrá yfir það efni sem sent er. Að því er varðar smáprent og veggspjöld nægir þó að gefa upp fjölda eininga. Skilaskrá skal gefa rétta mynd af því efni sem afhenda ber hverju sinni og skal hún vera undirrituð af þeim aðila sem hefur þá skyldu að afhenda eintökin. Ef í sendingunni er samsett efni eða fylgiefni skal það sérstaklega tekið fram í skránni.

Móttökusafn skal senda skilaskyldum aðila staðfestingu þess að skilaskyld efni hafi verið mótttekið.

Móttökusafn skal gefa út eyðublöð fyrir skilaskrár, veita nánari leiðbeiningar um útfyllingu þeirra og varðveita frumrit af skilaskrám.

## 13. gr.

*Frágangur efnis.*

Skilaskyld verk skal afhenda í endanlegri gerð og á því formi sem þau birtast notendum. Með skilaskyldum verkum skal afhent það efni sem er framleitt til þess að fylgja þeim í dreifingu. Hér er m.a. um að ræða öskjur, kassa eða hylki, hlífðarkápur og aðrar umbúðir, bæklinga og viðlíka efni.

Afritun á útvarpsefni vegna skylduskila skal gerð á stafrænt form. Við afritun dagskrár þarf að tryggja að hún afritist heil (þ.e. án samsetningarskila).

## 14. gr.

*Kostnaður af skylduskilum.*

Skilaskyldur aðili ber kostnað af skylduskilum. Þó ber útgefandi kostnað af skilum verka sem gefin eru út á pappír. Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og Amtsbókasafninu á Akureyri er heimilt að greiða framleiðslukostnað að hluta eða að fullu vegna skilaskyldra verka sem þau veita viðtöku ef kostnaður hins skilaskylda aðila telst óvenju mikill.

Kvikmyndasafni Íslands er heimilt að láta gera eintök af skilaskyldu frumeintaki íslenskrar kvikmyndar, sem það hefur öðlast aðgangsheimild að, á eigin kostnað, til að fullnægja skilaskyldu í þeim tilvikum þar sem fyrirséð er að skilaskyldur aðili getur ekki staðið við skilaskyldu, s.s. vegna gjaldþrots eða andláts, eða í þágu eintakagerðar vegna samstarfs við erlend kvikmyndasöfn.

## IV. KAFLI

**Varðveisla og meðferð skilaskyldra verka.**

## 15. gr.

*Meðferð skyldueintaka.*

Varðveislusöfnin skulu taka sérstakt tillit til skyldunnar að varðveita eintökin til fram-búðar. Þeim ber að tryggja öryggi og viðhald eintakanna með viðeigandi umbúnaði, aðhlynningu, geymsluskilyrðum og notkunarháttum. Þetta felur m.a. í sér að þau beiti viðurkenndum aðferðum við varðveislu gagna, eftir því sem við á í hverju tilviki, svo sem bókbandi, viðgerðum og yfirfærslu eða afritun á annan miðil, t.d. filmu eða stafrænt form. Skyldueintök verða hluti af safnkosti varðveislusafna.

Ef móttökusafn gerir samkomulag við Ríkisútvarpið um að það varðveiti dagskrár sínar, skal efnið varðveitt ásamt skráningargögnum aðgreint frá öðru safnefni stöðvarinnar, enda nýti dagskrárgerðarfólk stöðvarinnar sér ekki skylduskilasafnið í störfum sínum.

Framleiðendur og dreifingaraðilar kvikmynda sem gefnar eru út á myndböndum, mynddiskum og á öðru sambærilegu formi hafa ekki aðgangsheimild að þessu efni umfram það sem kveðið er á um í almennum reglum sem varðveislusöfnin setja um notkun.

Framleiðendur og dreifingaraðilar kvikmynda sem gefnar eru út á filmu hafa aðgangsrétt að afhentum kvikmyndum. Aðgangsrétturinn er háður samþykki Kvikmyndasafns Íslands.

16. gr.  
*Skráning.*

Safn skal gera skrár um þau verk sem það varðveitir. Þegar um er að ræða efni sem er þess eðlis að það er varðveitt í flokkum eða heildum er ekki skylt að skrá hverja einingu. Þetta á t.d. við um ýmislegt smáprent og veggspjöld. Efni þetta skal þó vera aðgengilegt notendum.

V. KAFLI  
**Gildistaka.**  
17. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 20. gr. laga nr. 20/2002 um skylduskil til safna og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 5. desember 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Árnason.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

1. gr.

2. mli. c. liðar 3. gr. falli niður og í staðinn komi:

Leyfður er innflutningur á gæludýrafóðri sem meðhöndlað hefur verið þannig að:

- nagbein úr skinum eða leðri hafi verið hituð nægilega til að drepa smitandi lífverur (þ.m.t. salmonellu),
- niðursoðið fóður hafi verið hitað að lágmarki 3.0 í Fc gildi í loftþéttum umbúðum,
- annað gæludýrafóður en nefnt er hér að ofan hafi verið hitað upp í kjarnahita a.m.k. 90°C,

og að því tilskyldu að hráefnið innihaldi ekki eftirtalin dýr og dýraafurðir:

2. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, að leyfa innflutning á vörum, sem taldar eru upp í 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum og þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir innflutningnum séu uppfyllt.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, með síðari breytingum, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, með síðari breytingum, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. desember 2003*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

## 1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði	kr. 7.700
Sorphirðugjald á ílát, sumarhús	kr. 2.640

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

## 2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

## I.

Flokkur 1	kr.	6.000
Flokkur 2	-	36.000
Flokkur 3	-	108.000
Flokkur 4	-	216.000
Flokkur 5	-	432.000

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

## II.

Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr.	7.500
Þjónustubýli	-	3.500
Sumarbústaðir	-	1.750

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

## 3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

## 4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2004.

*Sauðárkróki, 16. desember 2003.*

**Ársæll Guðmundsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2004.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2004 verður 25,75%. Meðalútsvar á árinu 2004, samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,83%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2004 verður því 38,58%.

*Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2003.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Guðmundsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### Styrktarsjóðs Guðmundu Andrésdóttur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er arfur skv. erfðaskrá Guðmundu Andrésdóttur, kt. 031122-2449. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við hann og ávaxtast með sama hætti (sbr. 3. gr.).

## 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í ríkistryggðum skuldabréfum, ríkisvíxlum, bankabréfum, innstæðum í bönkum eða sparisjóðum. Tekjur sjóðsins eru raunvextir af stofnfé og öðrum framlögum til hans.

## 4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja og hvetja unga og efnilega myndlistarmenn til náms.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa safnstjóri Listasafns Íslands ásamt safnráði þess. Safnstjóri Listasafns Íslands er formaður stjórnar. Stjórnin skipti að öðru leyti með sér verkum.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum annað hvert ár í apríl, í fyrsta skipti ári eftir andlát arfláta. Stjórnin ákvarðar hvernig staðið skuli að úthlutun hverju sinni. Verja skal vaxta-tekjum sjóðsins til styrkja. Höfuðstól sjóðsins, verðtryggðan má ekki skerða.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tilnefndum endurskoðanda.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting fær þó gildi, nema stjórn sjóðsins sé einhuga um hana.

## 9. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki stjórnar Listasafn Íslands.

## 10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal andvirði hans varið til listaverkakaupa fyrir Listasafn Íslands.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum er verða kunna á henni, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi ásamt fylgiskjali staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 2003.*

F. h. r.  
**Drífa Pálsdóttir.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*



**Fylgiskjal.**

**Eignir dánarbús Guðmundu Andrésdóttur, kt. 031122-2449,  
er ganga til stofnunar minningarsjóðs, skv. ákvæðum erfðaskrár frá 14. maí 1998.**

**Bankainnstæður:**

	<b>Bankabók nr.</b>		<b>Innstæða kr.</b>	<b>Áunnir vextir kr.</b>
Búnaðarbanki Íslands hf.	306-13-905186	Eignalífeyrisbók	11.987.673	119.666
Íslandsbanki hf.	512-18-792032	Sparileið 36	12.809.116	585.923
SPRON	1151-18-680122		<u>6.420.029</u>	<u>239.414</u>
			31.216.818	945.003
		<b>Samtals kr.</b>		<b>32.161.821</b>

**Verðtrygð spariskírteini, gjalddagi 10. apríl 2005.**

1995 1. fl. D 10 ár	Nr. C 0004827	5.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. E 0002612	50.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0005081	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. H 0005521	1.000.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. H 0005522	1.000.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. H 0005523	1.000.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. J 0001003	<u>10.000.000</u>
		13.155.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. E 0000573	50.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001329	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001330	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001331	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001332	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001333	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001334	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. H 0001039	<u>1.000.000</u>
		1.650.000

**Markaðsverð samtals 29.161.571**

Húsbréf 82052 andvirði bréfs kr. 2.885.948 **3.064.000**

**Eignir samtals 64.387.392**

Ofangreind verðmæti eru í vörslum undirritaðs skiptastjóra.

Reykjavík, 13. október 2003.

Kristján Stefánsson hrl.

## GJALDSKRÁ

### gatnagerðagjalda, byggingarleyfisgjalda og tengigjalda vatnsveitu í Skeggjastaðahreppi.

#### 1. gr.

Af öllum lóðum, nýbyggingum, stækkunum eldri húsa svo og annarra mannvirkja, hvort sem er á leigu- eða eignarlóðum, skal greiða eftirtalin gjöld til hreppssjóðs samkvæmt samþykkt þessari:

- 1.1 Gatnagerðargjald
- 1.2 Byggingarleyfisgjald
- 1.3 Tengigjald vatnsveitu

#### 2. gr.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í Skeggjastaðahreppi. Skal nota það til greiðslu alls kostnaðar við að fullgera gatnakerfi, þ.e. að skipuleggja, hanna og undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, götulýsingu, slitlagi, kantsteinum, gangstéttum og gangbrautum, umferðareyjum, gangstígum og opnum svæðum. Innifalið í fullu gatnagerðargjaldi er ein mæling fyrir staðsetningu og hæðarútsetningu byggingar og ein staðsetning lóðarmarka.

Um gatnagerðargjald, fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

#### 3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá flatarmáli lóðar og stærð allra bygginga á henni í rúmmetrum. Rúmmál húsa skal reikna skv. ÍST 50 um flatarmál og rúmmál bygginga og skal miðað við brúttóstærðir. Gjald á rúmmetra skal tilgreint í heilum krónum.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lagt á bundið slitlag skal greiða gatnagerðargjald af viðkomandi byggingu.

Gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og/eða viðbyggingar skal miða við ákveðinn hundradshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í vísitöluhúsi Hagstofu Íslands, fjölbýlishúsi, svo sem hér segir:

1. Einbýlishús	3,75%
2. Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	3,00%
3. Fjölbýlishús 2 hæðir eða meira	2,50%
4. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	3,75%
5. Iðnaðarhús, vörugymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,50%
6. Tankar og geymar stærri en 50 rúmmetrar	1,00%

Af hverjum fermetra lóðar skal greiða kr. 50 að auki.

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum þar sem lofthæð er undir 1,80 m og sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar, svo og bifreiðageymslum skal greiða hálf gjald.

Gjald skal miða við brúttórúmmál húss, samkvæmt samþykktum uppdrátti og af lóð skv. þinglýstum grunnleigusamningi. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við skráningu fasteignamats eða eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 rúmmetra
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400 rúmmetra hver íbúð
Fjölbýlishús	300 rúmmetra
Lóðir	750 fermetra

Fyrir önnur hús skal áætla nýtingarhlutfall lóðar 0,2 - 0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, þ.e. ef samþykkt deiliskipulag kveður ekki á um nýtingarhlutfallið. Meðalhæð skal reikna 3,5 metra. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

Hreppsnefnd er heimilt í sérstökum tilvikum að hækka eða lækka gatnagerðargjald á einstökum lóðum eða svæðum (allt að 25%). Hreppsnefnd er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en hér að ofan greinir ef aðstæður eru fyrir hendi sem metnar eru óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar enda hafi viðkomandi lóðir ekki gengið út við lóðarúthlutun eins og aðrar lóðir.

#### 4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

Við lóðarúthlutun skal greiða 50% gatnagerðargjalds. Hafi ekki verið lagt bundið slitlag á viðkomandi götu við lóðarúthlutun skal einungis greiða 20% gjaldsins við lóðarúthlutun og 30% við lagningu bundins slitlags.

Við útgáfu byggingarleyfis skal greiða 25%.

Þegar hús er fokhelt skal greiða 25%.

#### 5. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hvert útgefið byggingarleyfi sem afgreitt er í byggingarnefnd. Innfalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblað, yfirferð teikninga, útsetning húss og eftirlit byggingarfulltrúa skv. reglugerð.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa eru:

Byggingarleyfisgjald er lágmarksgjald kr. 5000 og að auki kr. 50 á rúmmetra húss.

Leyfisveitingar, úttektir og vottorð kr. 4.800

Íbúðaskoðun v/samþykktar á áður gerðum íbúðum kr. 7.500

Lokaúttekt, stöðuúttekt, úttekt vegna byggingastjóranskrá kr. 9.600

Umsýslugjald vegna lóðarúthlutunar, fokheldisvottorð kr. 15.000

Gjöld skv. 5. gr. eru óendurkræf þó lóðarúthlutun og byggingarleyfi falli úr gildi.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og er innheimt við útgáfu byggingarleyfis sbr. 29. gr. byggingarreglugerðar.

#### 6. gr.

Tengigjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru vatnsveitu Skeggjastaðahrepps. Til að tenging við vatnsveitu fáist skal vera búið að tengja fasteign við fráveitu. Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis eða afhendingu heimaugar. Sama gjald skal greiða við endurnýjun heimauga sem ekki eru í eigu vatnsveitunnar.

Gjald fyrir lagningu heimæðar frá götuæð í stofnkрана húss og uppsetningu hans skal vera:

Fyrir hús allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 100.000

Fyrir hverja 10 m<sup>3</sup> umfram 400 m<sup>3</sup> kr. 1.400

Tengigjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991

#### 7. gr.

Öll gjöld í samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 287,8 stig (nóv. 2003) og reiknast á hverjum tíma samkvæmt gildandi byggingarvísitölu.

Falli gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í gjalddaga skal reikna dráttarvexti skv. lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

## 8. gr.

Samþykkt þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 17/1996, 73/1997 og 81/1991 öðlast gildi við birtingu.

*Samþykkt af sveitarstjórn Skeggjastaðahrepps, 11. nóvember 2003.*

**Áki Guðmundsson**, oddviti hreppsnefndar.

## REGLUGERÐ

### um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2004.

## 1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2003 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu og jöfnunargjald vegna alþjónustu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2004. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar.

Við skiptingu greiðslu skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

## 2. gr.

Þar til álagning ársins 2004 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 10% af þinggjöldum ársins 2003 og 10% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu sem greiða bar á árinu 2003.

Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald og eignarskatt.

## 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda eða jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2004 skv. 2. gr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra til úrskurðar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra en úrskurður ríkisskattstjóra er endanlegur.

## 4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um ræðir fyrir tekjuárið 2003 séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2002. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

## 5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

## 6. gr.

Um greiðslur þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2004 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112., 115. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 19. desember 2003.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Jón Guðmundsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá um greiðslur fyrir  
aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 668 9. september 2003.**

## 1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar hljóði svo:

Ef prestur er sérstaklega kvaddur til að vinna aukaverk, greiðir sá ferðakostnað prestins er beiðist verksins, samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og í samræmi við þau viðmið sem fram koma í þessari grein. Ber presti að upplýsa greiðendur fyrirfram um aksturskostnaðinn. Viðkomandi kirkjugarður greiðir þó aksturskostnað vegna kistulagninga, útfara og frágangs duftkerja, sbr. lið c) og d).

- a) Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í þéttbýli sé að hámarki 12 km.
  - b) Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í dreifbýli sé að hámarki 30 km.
  - c) Akstur vegna greftrunar í þéttbýli sé 12 km. Við bætast 12 km ef kistulagning er sérstök athöfn og ennfremur ef prestur kemur að frágangi duftkers í grafreit.
  - d) Aksturskostnaður vegna greftrunar í dreifbýli sé að hámarki 1/3 af kostnaði vegna þóknunar prests skv. gjaldskrá, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 9/1994.
- Eigi er heimilt að innheimta aksturskostnað vegna fermingarstarfa.

## 2. gr.

Breyting þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað og aukaverk presta öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2013.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. desember 2003.*

**Björn Bjarnason.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1. gr.

Í 1. gr. reglugerðarinnar falla brott orðin „sérstaka heimilisuppbót“.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Heiti 7. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

4. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný setning er orðast svo: Við útreikning á tekjum örorkulífeyrisþega samkvæmt þessari grein skal ekki taka tillit til aldurstengdrar örorkuuppbótar, sbr. 15. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

5. gr.

2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 11. gr., sbr. reglugerð nr. 907/2000, orðist svo:

Verð hlutamiða er 900 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 10.800 kr. Ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrirfram fyrir þá drætti, sem eftir eru. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verðmæti 1/9 hluta miðaverðsins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu. Ef menn hafa ekki greitt fyrir hlutamiða í einum eða fleiri flokkum sem liðnir eru innan happdrættisárs en vilja gera hlutamiðann gildan í næsta útdrætti skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í þeim flokki sem næst á að draga í, samanlagt verðmæti 1/9 hluta miðaverðsins í þeim flokkum sem liðnir eru frá því hann var síðast gildur.

## 2. gr.

14. gr., sbr. reglugerð nr. 688/1998, orðist svo:

Vinningar í happdrættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal fjárhæð vinninga nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum. Vinningar í hverjum flokki skiptast í tvo hluta, almennan hluta og sjóðshluta.

Stjórn happdrættisins ákveður, að fengnu samþykki happdrættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hinum almenna hluta vinninga hvers flokks. Til almennra vinninga skal verja 8/9 hlutum af heildarfjárhæð vinninga ársins. Vinningaskráin vegna almenna hlutans skal samin fyrirfram fyrir hvert ár. Til vinninga í sjóðshluta skal verja 70% af 1/9 hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Falli sjóðsvinningur í flokki á óseldan miða skal hann leggjast við heildarfjárhæð sjóðsvinninga í næsta flokki. Í 12. flokki skal útdrætti sjóðsvinninga haldið áfram með þeim hætti að einn seldur miði í hverri útgefni miðaröð happdrættisins hljóti vinning. Fjárhæð sjóðsvinninga í 12. flokki skal ákvörðuð þannig að þeirri fjárhæð sem varið var á árinu til vinninga í sjóðshluta verði að fullu ráðstafað sem vinningum á selda miða.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. desember 2003.*

**Björn Bjarnason.**

*Björn Friðfinnsson.*

## REGLUGERÐ

### **um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 5. mgr. 12. gr. og 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. janúar 2004 að telja um 14,7% frá því sem þau voru í desember 2003.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 8. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. janúar 2004 að telja um 50% frá því sem þau voru í desember 2003.

Neðra frítekjumark (tekjumark) aldurstengdrar örorkuuppbótar sem tiltekið er í 15. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sem tekur gildi 1. janúar 2004 skal vera það sama og efra tekjumark örorkulífeyris skv. 5. mgr. 12. gr. sömu laga.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., 15. gr., 17. gr. og 43. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

### 1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður .....	3.928
2. Sérfræðingur I .....	5.695
3. Sérfræðingur II .....	7.365
4. Sérfræðingur III .....	8.876

### 2. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að nauðsynleg sé vinna utan dagvinnutíma.

### 3. gr.

Stofnuninni er heimilt að veita afslátt af útseldri þjónustu.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast gildi 1. janúar 2004. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast nr. 928, 17. desember 2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 19. desember 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Norðmann.*

## AUGLÝSING

um deiliskipulag í Súðavík.

*Deiliskipulag fyrir Langeyri.*

Á fundi hreppsnefndar sem haldinn var þann 4. september 2003, var samþykkt tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og athafnasvæði á Langeyri.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

*Súðavík, 10. desember 2003.*

**Ómar Már Jónsson** sveitarstjóri.



## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum sem hér segir frá og með 1. janúar 2004 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
Gasolía	0,73 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,35 kr. á kg
Flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt mótttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

*Samkeppnisstofnun, 17. desember 2003.*

**Georg Ólafsson.**

*Gunnar G. Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald í Bessastaðahreppi.

#### 1. gr.

Af öllum húseignum í Bessastaðahreppi skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. samþykktar um fráveitu í Bessastaðahreppi.

#### 2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,15% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til

eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 16. desember 2003, sbr. samþykkt um fráveitu í Bessastaðahreppi frá 16. febrúar 2003, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Bessastaðahreppi, 17. desember 2003.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar auglýsir hér með deiliskipulag fyrir íbúðar- og athafnasvæði í Reykárhverfi sbr. eftirfarandi:

*a. Íbúðarbyggð sunnan Reykár.*

Hluti opins svæðis er tekinn undir íbúðarbyggð fyrir 5 einbýlishús og leiksvæði fyrir börn. Hluti opins svæðis áfram óhreyfður.

*b. Svæði umhverfis Laugarborg.*

Á svæði norðan og vestan Laugarborgar er gert ráð fyrir 21 einbýlishúsi og tveimur 4ra íbúða fjölbýlishúsum. Svæði sunnan Laugarborgar er skýrgreint sem þjónustusvæði. Þá er gatnakerfi og veltengingum breytt frá eldra deiliskipulagi þessa svæðis samþykktu af sveitarstjórn 14. september 1999. Það skipulag er fellt úr gildi.

*c. Athafnasvæði.*

Athafnasvæði verður austan þjóðvegur 821 meðfram landamerkjum Grísarár. Gert er ráð fyrir 4 lóðum fyrir léttan iðnað og aðra starfsemi, sem ekki fylgir mikið umfang eða mengun.

Deiliskipulag þetta, sem kynnt hefur verið með þeim hætti sem lög ákveða, var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 11. nóvember 2003 og öðlast þegar gildi.

*Eyjafjarðarsveit, 16. desember 2003.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir hirðu og eyðingu sorps í Súðavíkurhreppi.

#### 1. gr.

Súðavíkurhreppur skal innheimta gjald vegna sorphirðu og sorpförgunar samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

#### 2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega sem hér segir:

- A) *Sorphirðu og eyðingargjald, íbúðarhúsnæði, lögbýli, sumarhús:*
- |   |           |
|---|-----------|
| a) Íbúðarhúsnæði og lögbýli í Álftafirði    | 9.785 kr. |
| b) Sumarhús í Álftafirði og lögbýli í Djúpi | 4.893 kr. |
| c) Sumarhús innan Kambsness                 | 3.090 kr. |
- B) *Fyrirtæki, stofnanir, félög, og aðrir lögaðilar:*
- B.1. Sorphirðu og eyðingargjald 0 kr.
- |   |  |
|---|--|
| a) Félagasamtök án skrifstofu.                          |  |
| b) Fyrirtæki sem ekki eru í rekstri.                    |  |
| c) Fyrirtæki í samrekstri með öðrum er greiðir gjaldið. |  |
- B.2. Sorphirðu og eyðingargjald 19.570 kr.
- |   |  |
|---|--|
| a) Félagasamtök með pappírúrgang og fyrirtæki með einn starfsmann, einyrkjar. |  |
|---|--|
- B.3. Sorphirðu og eyðingargjald 31.930 kr.
- |  |  |
|--|--|
| a) Minni skrifstofur.                          |  |
| b) Lítil þjónustufyrirtæki og litlar útgerðir. |  |
| c) Litlar verslanir.                           |  |
- B.4. Sorphirðu og eyðingargjald 58.710 kr.
- |                                     |  |
|-------------------------------------|--|
| a) Litlar fiskverkanir.             |  |
| b) Matvöruverslun .                 |  |
| c) Litlir veitingastaðir.           |  |
| d) Lítil iðn- og þjónustufyrirtæki. |  |
- B.5. Sorphirðu og eyðingargjald 136.475 kr.
- |                              |  |
|------------------------------|--|
| a) Fyrirtæki með efnaúrgang. |  |
| b) Stærri söluskálar.        |  |
| c) Minni vélsmiðjur.         |  |
| d) Stærri skrifstofur.       |  |
- B.6. Sorphirðu og eyðingargjald 32 kr. á kg.

Sérstakur úrgangur frá ofangreindum fyrirtækjum sem ekki er eðlilegt að rúmist innan ofangreindra gjaldflokka. Sé um óvenjulegan úrgang að ræða skal hann innheimtur sérstaklega.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og samkvæmt samþykkt Súðavíkurhrepps um meðhöndlun úrgangs í Súðavíkurhreppi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 2004.

Pannig samþykkt á 28. fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps þann 27. nóvember 2003.

*Súðavík, 10. desember 2003.*

**Ómar Már Jónsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brekku, Borgarbyggð.

Breytingin felst í því að lóðirnar verða samtals níu í stað fjögurra áður.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulaginu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Náttúruvernd ríkisins (Umhverfisstofnun) gerði athugasemd við deiliskipulagið vegna náttúruverndarsjónarmiða, m.a. vegna nálægðar fyrirhugaðra frístundahúsa við Grábrókargíga. Skipulagsstofnun hefur á grundvelli þessari sjónarmiða andmælt fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulaginu.

Bent skal á að lóðarmörk fyrirhugaðrar frístundabyggðar er 10 m frá þeirri línu er afmarkar náttúruvættið Grábrókargíga. Töluverð byggingastarfsemi á sér nú þegar stað í Grábrókarhrauni sbr. Bifröst.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 22. desember 2003.*

**Sigurður Páll Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

#### 1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Landamærastöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Eskifirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Njarðvík, Reykjavík og Þorlákshöfn. Fiskmjöl má aðeins fara um landamærastöðvar á Akureyri, í Hafnarfirði, Njarðvík og Reykjavík. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. desember 2003.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Snorri Rúnar Pálmason.*

# GJALDSKRÁ

## Siglingastofnunar Íslands.

### I. KAFLI

#### Gjöld skv. 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

##### 1. gr.

*Gjöld fyrir skoðanir Siglingastofnunar á skipum og búnaði þeirra.*

Fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess sem Siglingastofnun framkvæmir skal eigandi skips greiða samkvæmt útseldum taxa skoðunarmanns Siglingastofnunar kr. 4.500 á klst. vegna undirbúnings skoðunar, skoðunar og frágangs skjala að skoðun lokinni. Gjald fyrir útgáfu haffærisskírteinis skal vera kr. 2.000. Jafnframt skal eigandi skips greiða fargjöld skoðunarmanns Siglingastofnunar, dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins og útselda vinnu á ferðatíma skoðunarmanns. Ef fleiri en eitt skip eru skoðuð í hverri ferð skoðunarmanns skiptist sameiginlegur kostnaður hlutfallslega.

Fyrir skoðun á notuðum skipum sem fyrirhugað er að flytja til landsins og skrá á íslenska skipaskrá fer með sama hætti og skv. 1. mgr. Fari skoðun fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

Siglingastofnun skal endurkrefja skipseiganda um útlagðan kostnað vegna sérfræðipjónustu sem stofnunin kaupir vegna skoðunar og eftirlits með skipum og búnaði þeirra.

Fyrir fljótandi ekjubrýr, flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá sem ekki eru háð árlegu eftirliti sem og skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

##### 2. gr.

*Gjöld vegna útgáfu skírteina.*

Fyrir útgáfu eftirtalinna skírteina skal greiða kr. 5.000, en fyrir framlengingu eða áritun þeirra greiðist kr. 3.000, en fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess sem Siglingastofnun framkvæmir í tengslum við útgáfu skírteina greiðist skv. 1. mgr. 1. gr.:

**Skírteini skv. rg. 26/2000:**

Öryggisskírteini fyrir fiskiskip  
Undanþáguskírteini fyrir fiskiskip  
Önnur skírteini

**Skírteini skv. rg. 666/2001:**

Öryggisskírteini fyrir farþegaskip  
Önnur skírteini

**Skírteini skv. rg. 743/2001:**

Öryggisskírteini fyrir farþegaskip í millilandasiglingum  
Undanþáguskírteini fyrir farþegaskip í millilandasiglingum  
Önnur skírteini

**Skírteini skv. alþjóðasamningum um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS):**

Öryggisskírteini farþegaskips  
Öryggisskírteini flutningaskips (smíði og búnaður, öryggisbúnaður, fjarskiptabúnaður)  
Undanþáguskírteini  
ISM DOC skírteini  
ISM SMC skírteini  
Öryggisskírteini fyrir flutningaskip  
Undanþáguskírteini  
Önnur skírteini

**Önnur skírteini:**

Haffærisskírteini með farþegaleyfi  
 Alþjóðahleðslumerkjaskírteini  
 Undanþáguskírteini vegna hleðslumerkja  
 Alþjóðlegt olíumengunarvarnarskírteini  
 FESI skírteini  
 SOPEP samþykkt öryggisáætlun  
 SOPEP samþykki á endurgerðri öryggisáætlun

## 3. gr.

*Gjöld vegna útgáfu leyfa.*

	kr.
Útgáfa leyfis til farþegaflutninga með skipum skv. 1. gr. laga nr. 47/2003	4.800
Starfsleyfi	6.000
Viðurkenningarskírteini skipsbúnaðar	12.600
Endurnýjun viðurkenningarskírteinis skipsbúnaðar	6.000

Fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess og annan undirbúning sem Siglingastofnun framkvæmir í tengslum við útgáfu leyfa og viðurkenningarskírteina greiðist skv. 1. mgr. 1. gr. gjaldskrár þessarar.

## 4. gr.

*Gjöld vegna eftirlits.*

Fyrir skoðun brunaviðvörðunarkerfa skipa greiðast eftirtalin gjöld<sup>1)</sup>:

	kr.
0 – 8 metra skip	1.400
8 – 24 metra	2.300
24 – 30 metra	4.600
30 – 45 metra	8.500
45 metra og lengri	12.500

<sup>1)</sup> átt er við skráningarlengd

Eftirlit með þjónustustöðvum gúmmíbjörgunarbáta – allt að 500 bátar	85.100
– gjald fyrir hverja 200 báta þar fram yfir	61.200

Eftirlit með öðrum þjónustustöðvum skipsbúnaðar	7.500
---	-------

## 5. gr.

*Nýsmíðagjald.*

Vegna skipa sem eru í smíðum skal greiða nýsmíðagjald. Fyrir yfirferð og samþykkt smíðalýsinga og teikninga, skipamælingar, yfirferð stöðugleikagagna og hleðslu- og stöðugleikaprófun, eftirlit með smíði skipsins, skoðun á skipi og búnaði þess og skráningu skips skal greiða nýsmíðagjald. Gjaldið skal miðast við framlagða vinnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands samkvæmt útseldum taxa stofnunarinnar. Jafnframt skal greiða ferðakostnað og dagpeninga starfsmanna Siglingastofnunar Íslands vegna ferðalaga vegna nýsmíðinnar. Auk nýsmíðagjalds skal greiða fyrir skírteini og önnur skipsskjöl í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

Gjaldið er innheimt að loknum hverjum verkþætti skv. framangreindri upptalningu.

Fari nýsmíði fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skírteina skipsins og skipsskjala. Verkkaupi skipasmíðar og eigandi skips að smíði lokinni eru sameiginlega ábyrgir fyrir greiðslu nýsmíðagjalds.

## 6. gr.

*Eftirlit með viðgerðum.*

Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

## 7. gr.

*Hleðslumerki.*

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	kr.
Skip til og með 500 bt. (brúttótonn)	13.400
Skip 501 bt. til og með 1.000 bt.	17.700
Skip 1.001 bt. til og með 2.000 bt.	22.200
Skip 2.001 bt. til og með 5.000 bt.	26.700

Hleðslumerkjaútreikningar skipa stærri en 5.000 bt. greiðast eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands.

## II. KAFLI

**Gjöld skv. 20. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985.**

## 8. gr.

*Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.*

Fyrir skráningu skips og útgáfu skipsskjala skal greiða:

1. Íslenskt mælibréf og skráningarskírteini fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd	kr. 6.100
2. Þjóðernisskírteini	10.100
3. Mælibréf	6.100
4. Staðfest afrit af mælibréfi, skírteini	1.200
5. Einkaleyfi á skipsnafni	34.600
6. Viðurkenningarskírteini og skilti	1.000
7. Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá	1.600

Við eigendaskipti og umskráningu skips skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. gjaldskrá þessari greidd að fullu.

Heimilt er að taka hálf gjald fyrir endurútgáfu íslensks mælibréfs og skráningarskírteinis fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd ef um eina breytingu er að ræða er varðar mælinguna og útreikninga er ekki þörf.

## III. KAFLI

**Gjöld skv. 9. gr. laga um skipamælingar, nr. 146/2002.**

## 9. gr.

*Mæling skipa.*

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu skal greiða:

<b>Samkvæmt Oslóarsamþykkt:</b>	kr.
Fyrir opna báta	10.800
Þilfarsskip allt að 25 brl.	17.600
Þilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl.	24.500
Þilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl.	39.000
Þilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl.	59.600
Þilfarsskip 501 brl. til og með 1.600 brl.	84.700
Þilfarsskip 1.601 brl. til og með 5.000 brl.	112.200

Þilfarsskip 5.001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands.

**Samkvæmt íslenskum mælingarreglum og Lundúnasamþykkt frá 1969:**

Flokkur	kr.
I. Fyrir skip allt að 15 m mestu lengd	10.800
II. A Skip 15,01 m mesta lengd – 24,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa skírteinis	50.400
II. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningum og öðrum teikningum	35.300
III. A Skip 24,01 m – 45,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa mælibréfs	91.700
III. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línuteikningu eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	61.200
IV. A Skip 45,01 m – 60,0 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs	127.800
IV. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	91.700
V. Skip 60,01 m skráningarlengd og lengri. Greiðsla samkvæmt reikningi.	

Fyrir endurskoðun á mæliskýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingastofnun Íslands samkvæmt Lundúnasamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

	kr.
1. Fyrir skip til og með 45 m skráningarlengd	21.100
2. Fyrir skip yfir 45 m skráningarlengd	35.000

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.



## IV. KAFLI

**Gjöld skv. 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.**

## 10. gr.

*Skírteini vegna farþegaskipa og flutningaskipa.*

	kr.
1. Útgáfa alþjóðlegs atvinnuskírteins (STCW) til starfa á farþega- skipum og flutningaskipum	8.200
Hafi umsækjandi gilt íslenskt atvinnuskírteini skal greiða	2.700
2. Útgáfa áritunar vegna viðurkenningar á erlendu alþjóðlegu at- vinnuskírteini (STCW) á farþegaskipum og flutningaskipum	8.200
3. Útgáfa undanþágu til starfa á farþegaskipum og flutningaskip- um til allt að 6 mánaða	8.200
4. Útgáfa öryggismönnunarskírteinis fyrir farþegaskip og flutninga- skip	10.400
5. Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða	4.100

## V. KAFLI

**Gjöld skv. 6. gr. laga um köfun, nr. 31/1996.**

## 11. gr.

*Gjöld fyrir skráningu og skoðun köfunarbúnaðar.*

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftir-  
talin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	kr.
1. Grunnjald skráðs köfunarbúnaðar (Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	7.300
2. Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	4.700
3. Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	1.600

## 12. gr.

*Gjöld vegna próftöku til köfunarréttinda.*

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Fyrir próf til A-réttinda	25.100
2. Fyrir próf til B-réttinda	25.100
3. Fyrir próf til C-réttinda (froskköfun)	12.600
4. Fyrir önnur próf	8.200
5. Fyrir endurtökupróf	8.200

Próftaki skal greiða kostnað vegna próftöku eða hluta hennar sem fram fer utan stofn-  
unarinnar og lækka próftökugjöld skv. 1. mgr. til samræmis við þann kostnað.

## 13. gr.

*Gjöld vegna atvinnukafaraskírteina.*

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Fyrir útgáfu atvinnukafaraskírteinis	8.200
2. Fyrir endurnýjun atvinnukafaraskírteinis	4.100

## 14. gr.

*Gjöld fyrir annað eftirlit og þjónustu.*

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

## VI. KAFLI

**Gjöld skv. 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.**

## 15. gr.

*Frestur.*

Fyrir veittan frest til þess að gangast undir öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila skal greiða kr. 2.100.

## VII. KAFLI

**Gjöld skv. 2. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.**

## 16. gr.

*Gjöld fyrir skírteini leiðsögumanns og hafnsögumanns.*

Vegna skírteina leiðsögumanns og hafnsögumanns greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Leiðsögumannsskírteini	8.200
2. Hafnsögumannsskírteini	8.200
3. Endurnýjun leiðsögu- og hafnsögumannsskírteina	4.100

## VIII. KAFLI

**Önnur gjöld o.fl.**

## 17. gr.

*Önnur þjónusta.*

Fyrir aðra þjónustu Siglingastofnunar Íslands skal greitt skv. reikningi stofnunarinnar.

Siglingastofnun Íslands framkvæmir skoðun á fjarskiptabúnaði smábáta a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metra og lengri og fiskiskip með mestu lengd allt að 15 metrum, enda hafi þessi skip eingöngu VHF-talstöðvar, en ekki milli-bylgju- og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigli á hafsvæði STK og A1, sbr. 2. gr. reglugerðar um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa nr. 53/2000.

Gjöld fyrir skoðun skv. 2. gr. hjá bátum með VHF rásir eingöngu skulu vera á ári kr. 1.700.

## 18. gr.

*Þjónusta utan skrifstofutíma.*

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað eftir þjónustu utan þess tíma skal að auki greiða fyrir vinnu starfsmanns samkvæmt útseldum taxta stofnunarinnar.

## 19. gr.

*Innheimta.*

Gjöld skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út.

## 20. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 með síðari breytingum, 9. gr. laga um skipa-mælingar nr. 146/2002, 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001, með síðari breytingum, 6. gr. laga um köfun nr. 31/1996, 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987, með síðari breytingum, 2. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga nr. 41/2003 og lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl. nr. 587/2002, með breytingu nr. 641/2002.

*Samgönguráðuneytinu, 17. desember 2003.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## REGLUR

### um (2.) breytingu á reglum nr. 401/2000 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

## 1. gr.

## 2. gr. orðast svo:

Endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum taka til eftirfarandi læknis-, lyfja- og þjálf-  
unarkostnaðar sjúkratryggðs sem stofnast hefur hérlendis:

- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við læknishjálpar, rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttimælingar skv. 4. gr., 5. gr., 6. gr., 1. mgr. 9. gr., 13. gr. og 14. gr. reglugerðar nr. 981/2003 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.
- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf skv. 5. gr., 6. gr. og 11. gr. reglugerðar nr. 948/2000 um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum.
- Lyf vegna barna til 18 ára aldurs sem afgreidd eru út á lyfseðil.
- Hluta sjúkratryggðs í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun skv. reglugerð nr. 841/2002 um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun, með síðari breytingum.

## 2. gr.

## 3. gr. orðast svo:

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður 3 mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
undir 1.749.999	0,7% af tekjum	90%
1.750.000-2.649.999	0,7% af tekjum	75%
2.650.000-3.749.999	0,7%	60%
3.750.000 og yfir		0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast til fjölskyldu.

Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækkun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast kr. 260.000 frá árstekjum.

Grunnkostnaður miðast við 3 mánuði í senn. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa náð kr. 3.750.000 er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum, sbr. þó 3. mgr. ef um börn er að ræða.

Ekkí verður greidd út lægri upphæð en kr. 1.000.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofsjóði og greiðslu fæðingarstyrks, sbr. reglugerð nr. 915/2002.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 62.121 kr. kemur: 65.227 kr.
- b. Í stað 86.096 kr. kemur: 90.401 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 39.232 kr. kemur: 40.409 kr.
- b. Í stað 88.544 kr. kemur: 91.200 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, öðlast gildi 1. janúar 2004. Enn fremur falla úr gildi 1. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 915/2002, um breytingu á reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofsjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000, sbr. reglugerð nr. 969/2001.

*Félagsmálaráðuneytinu, 22. desember 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Hermann Sæmundsson.*

## REGLUGERÐ

### um hámark ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa.

#### 1. gr.

Hámarksábyrgð á kröfum launamanna skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, skal vera 260.000 kr. miðað við hvern mánuð. Hámarksábyrgð á kröfum skv. c-lið 5. gr. laganna skal vera 416.000 kr.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Félagsmálaráðuneytinu, 22. desember 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Hermann Sæmundsson.*

## REGLUGERÐ

### um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2004, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

#### 2. gr.

Allar veiðar á Norðurishafsporski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsporski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðurishafsporski, á árinu 2004, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Aflamark einstaks skips á hvoru svæði fyrir sig ræðst af aflahlutdeild þess.

#### 4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínunum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 4.505 tonn af þorski, auk 1.352 tonna aukaafra af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínunum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.816 tonn af þorski, auk 845 tonna aukaafra af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafla, miðað við afla upp úr sjó.

#### 5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögum Noregs og Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir og möskvastærðir. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs. Íslenskum skipum er óheimilt að hefja veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en að fenginni staðfestingu Fiskistofu um að þeim sé það heimilt og frá hvaða tíma.

Skip þau, sem stunda veiðar í lögsögu Noregs, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

#### 6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark í Norð-uríshafsporski.

#### 7. gr.

Afli útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest heimildina.

#### 8. gr.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar á Norðuríshafsporski og innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Fiskistofu, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó, og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs og hve mikill í efnahagslögsögu Rússlands.

#### 9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússland, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðuríshafsporskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 2004 og birtist til eftirbreynti öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. desember 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kolbeinn Árnason.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 10.920 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 14.665 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3.225 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 8.115 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.490 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfsvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu- og vigtargjald að fjárhæð kr. 747 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 10.090 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 13.420 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 16.750 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindum verðum.

Fyrir klippikort m/vsk. greiðist kr. 6.000 fyrir A-kort, óendurvinnanlegt sorp. Fyrir B-kort, endurvinnanlegan bylgjupappír greiðist kr. 3.000 og fyrir C-kort endurvinnanlegt timbur greiðist kr. 3.000.

#### 5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 680 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

#### 6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Fyrir móttöku á stærri förmum af efnum sem ekki bera úrvinnslugjald er heimilt að innheimta fyrir útlögðum kostnaði. Innheimta skal greiðslu fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

#### 7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Flutningsaðilar á sorpi á móttökustað ábyrgjast greiðslu móttökugjalda skv. gjaldskrá í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili er ekki í viðskiptasambandi við Akraneskaupstað.

#### 8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l íláti. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

#### 9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness 18. desember 2003. Fyrri umræðan fór fram 25. nóvember 2003.

*Akranesi, 22. desember 2003.*

**Jón Pálmi Pálsson** bæjarritari.



## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar samkvæmt 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í ≤ 5 kg umbúðum	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	39
0408.9901	Soðin egg í ≤ 10 kg umbúðum	01.01 - 31.12.04	ótilgr.	0	91

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. desember 2003.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUR

### um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi, fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2004:

1. flokkur	≤ 600.000	Verð skv. lágmarksverði 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 600.000 og ≤ 3.000.000	2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (1,61 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).
3. flokkur	> 3.000.000	5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (4,04 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Einungis er verðfellt vegna líftölu. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2% og fyrir hvert sýni sem fer í 3. flokk skal verðfellt um 5%. Samanlögð prósentu einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 23. desember 2003.*

F.h. verðlagsnefndar búvöru,

**Ólafur Friðriksson** formaður.

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Austurbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Austurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	7.500 á hvert sorphlát.
Sorpeyðingargjald	6.500 á hvert sorphlát.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Austurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2004. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 934/2002.

*Fáskrúðsfirði, 22. desember 2003.*

F.h. Austurbyggðar,

**Steinþór Pétursson** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um ættleiðingar barna erlendis.

#### 1. gr.

Þeim sem óska eftir að ættleiða barn erlendis er skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur löggildingu dómsmálaráðherra samkvæmt 34. gr. ættleiðingarlaga, nr. 130/1999.

#### 2. gr.

Víkja má frá ákvæði 1. gr. í undantekningartilvikum ef umsækjendur um ættleiðingu, annar eða báðir, eru nátengdir því landi sem þeir óska eftir að ættleiða frá, eða ef aðrar alveg sérstakar ástæður mæla með ættleiðingu án milligöngu ættleiðingarfélags.

#### 3. gr.

Ef óskað er eftir að vikið verði frá ákvæði 1. gr. skulu umsækjendur leggja fram gögn frá viðkomandi ríki sem sýni að ættleiðingar sem þar fara fram séu í samræmi við íslensk ættleiðingarlög og grundvallarreglur Haag-samnings um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 1993 og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Enn fremur skulu umsækjendur leggja fram gögn um og/eða skýra nákvæmlega frá gangi ættleiðingarmáls í viðkomandi ríki, hvar og hvernig ættleiðing er veitt og gefa nákvæmar upplýsingar um þau gjöld sem greiða ber í því ríki og til hvers eða hverra þau greiðist. Þá skulu umsækjendur leggja fram ættleiðingarlög þess ríkis. Ráðuneytið getur aflað staðfestingar frá viðkomandi ríki um að veittar upplýsingar séu réttar.

#### 4. gr.

Verði ráðuneytið við beiðni um útgáfu forsamþykkis án milligöngu löggilts ættleiðingarfélags skal ráðuneytið senda forsamþykkið ásamt nauðsynlegum gögnum til þess ríkis sem óskað er ættleiðingar frá.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 35. gr. og 41. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 2003.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Björn Friðfinnsson.*

# REGLUGERÐ

## um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum.

### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi nær til ferskvatnsfiska sem nytjaðir eru eða kunna að vera nytjaðir á íslensku landgrunni eða á landi með eldi.

##### 2. gr.

Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

1. Botntóg; tóg í neðsta hluta netpoka sem tengir hliðar og botn saman.
2. Dauðfiskaháfur; háfur sem er hafður á botni netpokans og safnar dauðum fiski.
3. Eldiseining; kví eða eldisker eða þyrping samfastra eða mjög nálægra kvía.
4. Eldisker; ker með rennandi sjó, ferskvatni eða ísöltu vatni þar sem í eru alin eldisdýr.
5. Eldisstöð; starfsstöð í fiskeldi, rekin sem ein heild. Eldisstöð hefur að lágmarki eina eldiseiningu.
6. Festingar; samanstanda af tógi, keðjum, lásum, kósum, lásaplötum og ankerum. Festingar ganga frá floteiningu og niður í botn og halda kvínni á ákveðnum stað.
7. Floteining; sá hluti kvíar sem heldur einingunni á floti.
8. Heilmöskvi; innanmál möskva að viðbættum einum hnút (eða tveimur hálfum).
9. Hjálparbúnaður; fóðrarar, dauðfiskaháfur, ljós og búnaður sjókvíaeldisstöðvar annar en eldiseining og festingar.
10. Hoppnet; net fest ofan á sjólínutóg netpoka.
11. Leggur; hliðar möskva á milli hnúta eða samskeyta. Hver möskvi hefur fjóra leggi.
12. Leysisgarn; garn sem notað er til að sauma saman net í netpoka og til að sauma tóg á netpokana.
13. Lóðrétt tóg (lóðrétt styrktarlína); tóg sem saumað er á pokann lóðrétt frá toppi og niður að botni, til styrkingar á pokanum.
14. Kennialda; er skilgreind sem meðaltal af hæsta þriðjungi af öllum öldum.
15. Kví; netpoki sem hangir í fljótandi grind eða er festur á grind sem komið er fyrir undir yfirborði sjávar.
16. Kvíaþyrping; þyrping samfastra eða mjög nálægra kvía.
17. Krosstóg; tóg sem er í framhaldi af lóðréttu tóginu til að styrkja botn netpoka.
18. Netpoki; poki úr næloni eða öðrum efnum sem hleypir vatni í gegnum sig.
19. Netþak; það er lagt ofan á hefðbundinn netpoka og lokar þannig pokanum t.d. í sökkvanlegum kvíum.
20. Sjólínutóg; tóg sem saumað er lárétt ofan á netpokann allan hringinn við sjólínu.
21. Sjókvíaeldi; eldi fisks sem fer fram í kvíum í sjó eða í ísöltu vatni.
22. Sjókvíaeldisstöð; starfsstöð rekin sem ein heild. Getur verið hefðbundin sjókví, sökkvanleg kví eða fljótandi lokuð sjókví með sjódælingu.
23. Teygjanleiki; táknar þann eiginleika garnsins að stytast eftir að teygt hefur verið á því með átaki.
24. Topptóg; tóg efst á hoppneti.
25. Útskilnaðartími; sá tími sem tekur að losa lyf úr holdi fisks eftir lyfjagjöf.
26.  $\frac{1}{2}$  möskvi; helmingur af heilmöskva.

**II. KAFLI****Framleiðsludagbók.**

## 3. gr.

Í hverri eldisstöð skal haldin sérstök framleiðsludagbók í formi sem veiðimálastjóri gefur út. Heimilt er að færa framleiðsludagbækur á rafrænan hátt enda sé til þess notað forrit sem hlotið hefur samþykki veiðimálastjóra og skráning sé gerð samkvæmt leiðbeiningum veiðimálastjóra. Skal gerð krafa um að unnt sé að rekja allar breytingar sem kunna að verða gerðar á skráningum. Þá getur veiðimálastjóri m.a. gert kröfu um að byggt sé á tilteknum stöðlum.

Þær upplýsingar sem skráðar eru í framleiðsludagbók skal veiðimálastjóra vera heimilt að nota sem eftirlitsgögn og skal eftirlitsmönnum veiðimálastjóra heimill aðgangur að framleiðsludagbókunum. Forsvarsmenn einstakra eldisstöðva eru ábyrgir fyrir færslu bókana, þ.m.t. að þær séu færðar eins og mælt er fyrir um í viðauka 1. Jafnframt skulu þeir veita aðstoð við að sannreyna upplýsingar sem færðar hafa verið í framleiðsludagbækur.

**III. KAFLI****Slysasleppingar.**

## 4. gr.

Óheimilt er að sleppa laxfiskum úr eldiseiningu eða eldisstöð nema með leyfi veiðimálastjóra. Leyfishafa er skylt að viðhafa varúðarráðstafanir til að hindra slysasleppingar vegna eldis eða flutnings á fiski og í eldisstöð skal vera áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur.

Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun (viðauki 2) vegna slysasleppingar sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Viðbragðsáætlun vegna slysasleppingar skal innihalda leiðbeiningar um:

- a) Hvernig tilkynna skal um slysasleppingu.
- b) Hvernig endurheimta skal fisk sem sleppur.
- c) Hvernig hindra skal áframhaldandi slysasleppingar.

**IV. KAFLI****Búnaður og viðhald sjókvíaeldisstöðvar.**

## 5. gr.

Allur búnaður svo og efni og fyrirkomulag í eldisstöðinni skal vera hannað, smíðað, sett saman, vaktað og haldið við á þann hátt að komið sé í veg fyrir slysasleppingar.

Sjókvíar sem teknar eru í notkun eftir 1. janúar 2004 skulu hafa staðfestingu frá úttekta-araðila sem viðurkenndur er af embætti veiðimálastjóra um að búnaðurinn sé hannaður og hafi vottorð um að hann þoli hámarksstraumhraða, ölduhæð og vindstyrk sem vænta má á viðkomandi eldissvæði (viðauki 3).

Fyrir allar sjókvíar og annan búnað sjókvíaeldisstöðvar skal vera til staðar notkunar- og viðhaldshandbók.

## 6. gr.

Sjóeldiskvíar skulu vera merktar þannig að jaðar eldissvæðis skal afmarka með blikkljósum í samræmi við sérmerkingar Alþjóðavítastofnunarinnar. Ljóseinkenni: Gult leiftur á 3–5 sekúndna bili. Dagmerkingar skulu vera gul flot sem afmarka eldissvæðið. Landfræðileg hnit útmarka eldissvæðis, að legufærum meðtöldum, ásamt gerð merkinga skal tilkynna Siglingastofnun Íslands sem er umsagnaraðili um merkingar mannvirkja á sjó.

## 7. gr.

Leyfishafi skal vakta, meta og viðhalda eldiseiningum ásamt öðrum búnaði sem tilheyrir eldinu til að hindra slysasleppingar og til að uppgötva og koma tímanlega í veg fyrir að fiskur sleppi.

## 8. gr.

Skrá skal allt fyrirbyggjandi viðhald og fyrir hvern netpoka skal vera til staðar ferilskráning samkvæmt viðauka 4. Að lágmarki á 20 mánaða fresti skal hreinsa og yfirfara netpoka.

## 9. gr.

Bátar, sem notaðir eru við daglegan rekstur sjókvíaeldisstöðva skulu vera útbúnir með hlíf/leiðara fyrir skrófu til að koma í veg fyrir að skrófublöðin rífi gat á netpokann.

## V. KAFLI

**Gæðastjórnun fyrir sjókvíaeldisstöðvar.**

## 10. gr.

Innra eftirliti skal komið á í eldisstöðvum sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir slysasleppingar með því að;

- a. Koma á fyrirbyggjandi aðgerðum í formi verklagsreglna (viðauki 6), viðhaldsáætlanana og þjálfunar starfsmanna (viðauki 7).
- b. Koma á virku eftirliti þar sem fram kemur hvað á að vakta, hver á að annast vöktunina, hvenær vöktunin fer fram og hvernig vöktunin er framkvæmd. Við útfærslu á eftirlitinu skal fylgt leiðbeiningum í viðaukum 4 og 5.
- c. Skilgreina viðmiðanir fyrir þau eftirlitsatriði sem eru vöktuð.
- d. Skilgreina hver er ábyrgur fyrir framkvæmd úrbóta og lýsa aðferðum og aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til að leiðrétta frávik.
- e. Skrá allt eftirlit, úrbætur og viðhald, sem tengist innra eftirliti eldisstöðvar og geyma í minnst fimm ár. Allar skráningar skulu dagsettar og undirritaðar af eftirlitsaðila.
- f. Sannprófa innra eftirlit eldisstöðvar til að tryggja að það komi að tilætluðum notum (viðauki 8).

## 11. gr.

Fyrir hvert eldisvæði skal gera áhættumat og meta líkur á að afræningjar, lagnaðarís, rekís, hafís og ísing geti valdið tjóni á búnaði. Ef líkur eru taldar á því skal koma á innra eftirliti skv. 10. gr.

## 12. gr.

Rekstrarleyfishafi skal gefa út yfirlýsingu um að hann hafi yfirfarið og samþykkt innra eftirlit eldisstöðvar. veiðimálastjóri skal fara yfir og samþykkja innra eftirlit eldisstöðvar sem byggir á kröfum 10. gr. þessarar reglugerðar.

## VI. KAFLI

**Búnaður, viðhald og gæðastjórnun fyrir land- og seiðaeldisstöðvar og sláturaðstöðu.**

## 13. gr.

Í landeldis- og seiðaeldisstöðvum skal hindra slysasleppingar með því að koma fyrir búnaði í frárennsli sem tryggir að fiskur sleppi ekki út úr eldisstöð. Í rekstrarleyfi eldisstöðvar skal vera skilgreining á búnaði til að fanga fisk sem sleppur úr eldiseiningu og um viðhald og eftirlit með búnaðinum.

## VII. KAFLI

**Flutningur og geymsla á eldisfiski utan eldisstöðva.**

## 14. gr.

Tæki sem notuð eru til flutnings á lifandi eldisfiskum skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sóttthreinsa og skulu þau hreinsuð og ef með þarf sóttthreinsuð fyrir flutning. Ef vatn er notað í landflutningum skulu flutningatækin þannig úr garði gerð að vatn geti ekki lekið út meðan á flutningunum stendur.

Flutning á lifandi eldisfiski á sjó eða vatni skal tilkynna embætti veiðimálastjóra sem hefur eftirlit með flutningnum og gætir þess að flutningurinn sé í samræmi við lög og stjórnvaldsreglur. Veiðimálastjóri skal setja nánari reglur um tilkynningaskyldu og flutning á lifandi eldisfiski.

Flutningsaðili skal útbúa verklagsreglur þar sem fram kemur lýsing á búnaði sem notaður er til flutnings, framkvæmdinni lýst skref fyrir skref og hver ber ábyrgð á einstökum verkþáttum og réttum viðbrögðum ef eitthvað fer úrskaiðis.

Óheimilt er að losa eldisfisk af flutningatæki í sjókvíar eða aðrar geymslueiningar í sjó nema um sé að ræða flutning í eldisstöð sem hlotið hefur rekstrarleyfi veiðimálastjóra og úttekt hafi farið fram á eldisstöðinni í samræmi við 62. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

Þá er óheimilt að draga sjókvíar með eldisfiski út fyrir starfssvæði eldisstöðvar.

## 15. gr.

Óheimilt er að geyma eldisfisk í sjókvíum eða öðrum geymslueiningum í sjó sem ekki eru hluti af eldisstöð samkvæmt 62. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

## VIII. KAFLI

**Eftirlit.**

## 16. gr.

Veiðimálastjóri hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar og að uppfyllt séu skilyrði sem fram koma í ákvæðum hennar, sbr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Veiðimálastjóra er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi en eftirlitið skal þá framkvæmt á vegum veiðimálastjóra og eftir þeim reglum sem hann setur. Veiðimálastjóri setur nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins.

## IX. KAFLI

**Viðurlög o.fl.**

## 17. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970 með síðari breytingum. Um mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 18. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

## I.

Allir bátar sem notaðir eru við daglegan rekstur sjókvíaeldisstöðva skulu uppfylla skilyrði 9. gr. fyrir 1. júní 2004.

## II.

Rekstrarleyfishafi ber ábyrgð á að komið sé á innra eftirliti samkvæmt 10. gr. fyrir 1. júní 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 29. desember 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Sigríður Norðmann.*

**VIÐAUKI 1**  
**Framleiðsludagbók.**

1. Framleiðsludagbækur, sem ekki eru færðar á rafrænan hátt, skulu vera í tvíriti, innbundnar og með númeruðum síðum. Skal veiðimálastjóri hafa yfirlit yfir síðunúmer í bókum þeim sem ætlaðar eru til notkunar í hverri eldisstöð fyrir sig.
2. Allt sem fært er í framleiðsludagbók skal vera skýrt og læsilegt með varanlegu letri. Ekki má eyða eða gera á annan hátt ólæsilegt það sem eitt sinn hefur verið í þær fært þótt fyrst hafi verið misfært af vangá. Þurfi að gera breytingu á færslu skal það gert með annarri færslu eða þannig að hin ranga færsla verði áfram vel læsileg að leiðréttingu lokinni.
3. Heimilt er að færa framleiðsludagbækur á rafrænan hátt enda sé til þess notað forrit sem hlotið hefur samþykki veiðimálastjóra og skráning sé gerð samkvæmt leiðbeiningum veiðimálastjóra. Í rafrænar framleiðsludagbækur skal færa allar upplýsingar sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Skal vera unnt að rekja allar breytingar sem kunna að verða gerðar á skráningum. Þá getur veiðimálastjóri m.a. gert kröfu um að byggt sé á tilteknum stöðlum.
4. Skrá skal eftirfarandi upplýsingar í framleiðsludagbækur:
  - a. Nafn eldisstöðvar, númer rekstrarleyfis og staðsetningu.
  - b. Fjölda kvía eða kerja í notkun, ummál og dýpt.
  - c. Ef eldisfiskur er fluttur í eldisstöðina skal skrá:
    - I. fjölda einstaklinga,
    - II. meðallengd, meðalþyngd eða aldur eftir atvikum,
    - III. uppruna,
    - IV. flutningstæki.
  - d. Fjölda og þyngd dauðra fiska sem eru fjarlægðir úr kvíum eða kerjum.
  - e. Magn og gerð fóðurs sem gefið er.
  - f. Ef eldisfiskur er fluttur úr eldisstöð skal skrá:
    - I. fjölda einstaklinga,
    - II. meðallengd, meðalþyngd eða aldur eftir atvikum,
    - III. móttakanda,
    - IV. flutningstæki.



- g. Þegar eldisfiski er slátrað skal skrá:
- I. fjölda einstaklinga,
  - II. meðallengd, meðalþyngd eða aldur eftir atvikum,
  - III. slátrunarstað,
  - IV. vinnlustöð,
  - V. flutningstæki á slátrunarstað og/eða vinnlustöð.
- h. Bólusetningar og lyfjagjöf.
5. Að auki ber að færa í framleiðsludagbækur aðrar þær upplýsingar sem kveðið er á um í bókunum sjálfum.
  6. Allar færslur í framleiðsludagbækur skulu vera í samræmi við reglugerð þessa og leiðbeiningar í bókunum sjálfum.
  7. Skytt er að senda útfyllt og undirritað frumrit hverrar síðu framleiðsludagbóka til veiðimálastjóra innan tveggja vikna frá lokum hvers mánaðar.
  8. Skil á framleiðsludagbókum sem skráðar eru á rafrænan hátt skulu framkvæmd samkvæmt ákvörðun veiðimálastjóra.
  9. Framleiðsludagbækur skulu ávallt vera tiltækar í eldisstöð og skulu þær geymdar í a.m.k. tvö ár frá skilum frumrita til veiðimálastjóra.

## VIÐAUKI 2 Slyasleppingar.

*Fyrstu viðbrögð:* Ef slyaslepping hefur átt stað eða rökstuddur grunur leikur á um að fiskur hafi sloppið úr eldiseiningu eða eldisstöð skulu starfsmenn eldisstöðvar strax byrja að leita að orsökum og koma í veg fyrir að meira af fiski sleppi. Eins fljótt og mögulegt er skal hefja veiðar á fiski og tilkynna veiðimálastjóra um slyasleppingu, bæði munnlega og síðan skriflega á þar til gerðum eyðublöðum innan 12 klukkustunda í samræmi við leiðbeiningar á heimasíðu veiðimálastjóra ([www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is)).

*Framkvæmd veiða:* Samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax og silungsveiði með síðari breytingum er fiskeldisstöð sem missir út eldisfisk, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu, heimil veiði innan 200 metra frá stöðinni, enda sé það utan netlaga og veiðimálastjóra hafi verið tilkynnt um það. Heimild þessi takmarkast við þrjá sólahringa frá því að fiskur slapp út, ef þetta gerist á göngutíma laxfiska, og skal framkvæmd í samráði við fulltrúa veiðimálastjóra.

*Skrifleg skýrsla til veiðimálastjóra:* Leyfishafi skal innan viku frá slyasleppingu senda veiðimálastjóra skýrslu þar sem fram komi eftirtalin atriði:

- a) Áætluð tímasetning og staðsetning slyasleppingar.
- b) Fisktegund, meðalstærð og áætlaður fjöldi fiska sem slapp.
- c) Upplýsingar um lyfjanotkun og útskilnaðartíma á eldisfiski sem slapp.
- d) Uppruni fisksins, stofn og úr hvaða fiskeldisstöð fiskurinn kom.
- e) Hvenær fiskurinn var tekinn inn í eldisstöðina.
- f) Orsök eða líkleg orsök slyasleppingar.
- g) Greinargerð um árangur af veiðum á eldisfiski sem slapp.
- h) Greinargerð um til hvaða fyrirbyggjandi ráðstafana verði gripið svo koma megi í veg fyrir að meira af fiski sleppi.

Eyðublöð fyrir slyasleppingar skulu liggja frammi á skrifstofu veiðimálastjóra og einnig vera aðgengileg á heimasíðu veiðimálastjóra ([www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is)).

**VIÐAUKI 3**  
**Sjókvíaeldisstöð.**

*A – Hönnun og uppsetning á sjókvíaeldisstöð.*

1. Áður en ákvörðun er tekin um val á sjókvíum skulu liggja fyrir upplýsingar um umhverfisaðstæður á fyrirhuguðu eldissvæði.
  - a. Reikna skal út hámarksvind, straum og ölduhæð á 25 ára og 50 ára tímabili með viðurkenndum aðferðum. Framkvæma skal eftirtaldar mælingar í eitt ár eða í minnsta lagi yfir 3 mánaða tímabil yfir vetrarmánuðina:
    - I. Straummælingar að lágmarki á hálfu dýpi netpokans.
    - II. Vindhraða á eldissvæðinu eða í næsta nágrenni.
    - III. Mælingar á ölduhæð á eldissvæðinu.
  - b. Meta skal líkur á ísingu, lagnaðarís og rekís.
  - c. Reikna skal út mun á flóði og fjöru ásamt stormflóði.
  - d. Meta skal líkur á hvort afræningjar finnast á svæðinu sem geta hugsanlega valdið tjóni á búnaði.
  - e. Afla skal gagna fyrir val á heppilegum sjókvíum og skal það framkvæmt af aðilum sem hafa þekkingu og færni til að framkvæma ofangreindar mælingar og útreikninga.
2. Við val á sjókví skal liggja fyrir staðfesting frá viðurkenndum úttektaraðila á að búnaðurinn sé hannaður og prófaður fyrir aðstæður sem er að finna á viðkomandi eldisstað. Í því felst að búnaðurinn þoli hámarksstraumhraða, ölduhæð, vindstyrk og ísingu sem vænta má á eldissvæðinu.
3. Með búnaðinum skal fylgja handbók, sem inniheldur upplýsingar um notkun og viðhald og ef búnaðurinn er ekki samsettur við afhendingu skulu einnig fylgja upplýsingar um samsetningu.
4. Tryggja skal að botnfestingar skaðist ekki af grjóti og klettum á hafsbotni.
5. Leyfishafi skal tryggja að við uppsetningu og frágang starfi aðili með nægilega þekkingu við uppsetningu á búnaðinum til að fyrirbyggja slysasleppingu. Sjókví og annar búnaður sem tilheyrir eldinu skal settur saman með það að markmiði að koma í veg fyrir flækjur og núning við netpoka eða hlífðarnet.
6. Óheimilt er að festa fóðurpramma eða annan þungan búnað við sjókví, sem getur skemmt eða sökkt henni.

*B – Hönnun, uppsetning og slitþol á netpoka.*

1. Efni í netpokanum:
  - a. Skal vera úr næloni (polyamíð 6 og 6.6) eða úr öðrum sambærilegum efnum.
  - b. Við val á efni skal miðað við að það togni að lágmarki um 8% af upphaflegri lengd áður en það slitnar og teygjanleiki sé að lágmarki 4%. Það er þó heimilt að fara út fyrir þessi viðmiðunarmörk ef hægt er að sýna fram á með tilraunum að efnið henti betur í netpoka en nælon.
2. Styrkur efnis í netpokanum:
  - a. Styrkur netpoka skal valinn eftir aðstæðum á eldisstað. Kröfum um styrkleika netpoka er skipt í þrjá flokka eftir eldisaðstæðum:
    - I. Kennialda sem nemur allt að 1,0 metra og/eða 0,3 m/sek straumhraða.
    - II. Kennialda sem nemur allt að 2,0 metrum og/eða straumhraða upp í 0,5 m/sek.
    - III. Kennialda meiri en 2,0 metrar og/eða straumhraði meiri en 0,5 m/sek og skal þá

fylgja búnaði vottorð sem tilgreinir styrkleika netpokans og skal hann vera hannaður fyrir aðstæður á fyrirhuguðum eldisstað.

- b. Í 1. töflu eru netpokar flokkaðir eftir ummáli, dýpi og eldisaðstæðum í styrkleikaflokkana A til E.
- c. Í 2. töflu eru viðmið fyrir net og tóg í netpoka fyrir styrkleikaflokkana A til E.
- d. Leysisgarnið skal vera minnst einu þráðnúmeri sverara en netið. Ef notaðir eru tveir þræðir, má leysisgarnið vera tveimur númerum grennra en þó aldrei undir 235/8 x 3.

### 1. tafla - Stærðaflokkun á netpoka.

Ummál netpoka	Allt að 50 m		> 50 m til 60 m		> 60 m til 70 m		> 70 m til 80 m		> 80 m til 90 m		> 90 m til 110 m		> 110 m	
	I	II	I	II	I	II	I	II	I	II	I	II	I	II
Dýpi														
Upp í 5 m	A	B	A	B										
> 5 m til 10 m	A	B	A	B	B	C	C	D						
> 10 m til 15 m	A	B	B	C	B	C	C	D	D	E	D	E	E	
> 15 m til 20 m			B	C	C	D	D	E	D	E	D	E	E	
> 20 m til 30 m							D	E	D	E	E		E	
> 30 m									E		E		E	

A til E ákvarða styrkleikaflokk á netpoka. Dýpi er mælt frá sjólinutógi niður á botntóg.

### 2. tafla - Styrkleikaflokkar A til E.

Þyngd lóða í andrúmslofti miðast við steipt lóð. Ef notuð eru lóð úr öðrum efnum skal umreikna þyngd þeirra.

Styrkleikaflokkur A	
Möskvastærð	Lágmarks- mm 1/2 möskvi styrkur í vatni
8-12	31 kg
13-16,5	39 kg
17-22	47 kg
22,5-31	63 kg
Sjólinutóg	2500 kg
Lóðrétt tóg	1100 kg
Topptóg	1100 kg
Botntóg	1700 kg

Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 50 kg í lofti.

Styrkleikaflokkur B	
Möskvastærð	Lágmarks- mm 1/2 möskvi styrkur í vatni
8-12	39 kg
13-16,5	47 kg
17-22	63 kg
22,5-31	71 kg
Sjólinutóg	3400 kg
Lóðrétt tóg	1700 kg
Topptóg	2500 kg
Botntóg	2500 kg

Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 60 kg í lofti.

Styrkleikaflokkur C	
Möskvastærð	Lágmarks- mm 1/2 möskvi styrkur í vatni
13-16,5	55 kg
17-22	71 kg
22,5-31	79 kg
Sjólinutóg	3400 kg
Lóðrétt tóg	2500 kg
Topptóg	2500 kg
Botntóg	2500 kg

Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 75 kg í lofti.

Styrkleikaflokkur D	
Möskvastærð	Lágmarks- mm 1/2 möskvi styrkur í vatni
13-16,5	63 kg
17-22	79 kg
22,5-31	95 kg
Sjólinutóg	4100 kg
Lóðrétt tóg	3400 kg
Botntóg	3400 kg
Topptóg	3400 kg
Krosstóg	3400 kg

Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 100 kg í lofti.

Styrkleikaflokkur E	
Möskvastærð	Lágmarks- mm 1/2 möskvi styrkur í vatni
13-16,5	71 kg
17-22	95 kg
22,5-31	118 kg
Sjólinutóg	5000 kg
Lóðrétt tóg	4100 kg
Botntóg	3400 kg
Topptóg	3400 kg
Krosstóg	3400 kg

Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 125 kg í lofti.

3. Skurður og samsetning á nethlutum:
  - a. Við skurð á neti með hnútum skal farið eftir alþjóðlega staðlinum ISO 1532. Við skurð á hnútalesu neti skal farið eftir staðlinum þegar því er hægt að koma við.
  - b. Nethlutana skal sauma saman og til að koma í veg fyrir að þeir rakni skal sauma í lágmark þriðja möskva þegar saumaður er saman upptöku- eða síðukantur. Þegar saumaður er saman leggakantur skulu teknir lágmark 3 leggir.
  - c. Alltaf skal hnýtt að í hverjum möskva (hálfbragð). Þegar möskvastærðin er 22,5 mm  $\frac{1}{2}$  möskvi eða stærri, skulu í viðbót við hálfbragðið teknar tvær stungur í hvern möskva. Hálfbragð þýðir tvær stungur þar sem seinni stungan hnýtir að. Síðan skal hnýtt rækilega að með 10-12 cm millibili.
4. Samsetning á netpoka:
  - a. Á svæðum þar sem vænta má núnings og slits skal styrkja netpokann sérstaklega, t.d. þar sem dauðfiskaháfur liggur niður við botn.
  - b. Við fellingu á netpokanum skal þess gætt að netið hafi nægilegan slaka og sé jafnt strekkt, þannig að átak frá tógunum dreifist jafnt yfir á netið. Lokið skal við að sauma saman nethlutana áður en sjólínutóg er fest.
  - c. Tóg skal splæsa með minnst fimm innstungum og samskeyti lóðréttis tógs/sjólínutógs og lóðréttis tógs/botntógs skal festa tryggilega.
  - d. Uppsetning á netpoka miðast við að átak komi aðallega á sjólínutóg, botntóg og lóðrétt tóg.
  - e. Að hámarki skulu vera 5 metrar á milli lóðréttra tóga á netpoka.
  - f. Topptóg, lóðrétt tóg og krosstóg eru saumuð við netpoka með leysisgarni. Saumað skal í hvern möskva og hnýtt að með 10-12 cm millibili. Lágmark 3 stungur í hvert skipti, nema á sjólínutógi, þá lágmark 4 stungur. Þegar saumað er við net sem er 22,5 mm  $\frac{1}{2}$  möskvi, eða stærri, skal stungið tvisvar sinnum í hvern möskva. Einnig er hægt að sauma tóg við net með þar til gerðum saumavélum. Til að koma í veg fyrir að endar rakni skal saumað 20 cm yfir það svæði þar sem síðast var endað.
  - g. Fyrir styrkleikaflokka D og E (2. tafla) skal hafa tvöfalt net á þeim svæðum þar sem mest hætta er á núningi og sliti. Tvöfalt net skal haft á svæðum þar sem lóðrétt tóg og botntóg koma saman, að lágmarki 50 cm í allar áttir frá samskeytum.
5. Netpoki sem ekki hefur netþak skal hafa sjólínutóg í efri enda sem eingöngu er bundið við floteininguna. Ofan á sjólínutóg skal eingöngu festa hoppnet sem nær minnst einn metra yfir sjávaryfirborðið. Í þeim tilvikum þar sem þarf að setja niður hoppnet vegna ísingar yfir vetrarmánuðina skal sjólínutóg vera vel yfir sjávarborði til að koma í veg fyrir slysasleppingar.
6. Á netpokanum skal vera nægilegur fjöldi lóða eða þyngingar, jafnt dreift til að netpokinn haldi lögun sinni í sjónum. Þannig skal gengið frá festingu á lóði í netbotninn að átakið komi beint í lóðréttu tógið. Einnig er hægt að þyngja poka með því að hafa blý í botntóginu. Blýtogið saumast þá á sama hátt og venjulegt botntóg.
7. Möskvastærð skal vera nægilega lítil til að minnsti fiskurinn haldist inni í netpokanum.
8. Þræðir í netpoka skulu varðir fyrir útfjólubláum geislum. Vörnin skal vera nægileg til að lágmarksstyrkur haldist í 3-4 ár í sólarljósi.

## VIÐAUKI 4 Eftirlit með netpoka.

### *I. hluti – Móttökueftirlit.*

*Eftirlit:* Við móttöku á netpoka skal farið yfir hvort netpokinn sé í samræmi við pöntun og merkingar og vottorð skoðað.

Við sjósetningu á netpoka sem kemur úr viðgerð er gerð úttekt á þvotti, böðun með gróðurhamlandi efnum og athugað hvort göt eða slit finnist á pokanum.

*Viðmið:*

- a. Netpoki skal uppfylla kröfur í viðauka 3 í reglugerð þessari.
- b. Hver netpoki skal merktur með birgðanúmeri sem fest er með varanlegu merki innan eins metra fyrir neðan sjólinutóg á hringlaga netpoka eða á einu horni hans. Netpoki skal einnig merktur framleiðanda og framleiðsluári.
- c. Við flutning skal pakka netpoka í umbúðir til að tryggt sé að ekki verði skemmdir á honum við flutning.
- d. Með netpoka skal fylgja vottorð frá framleiðanda þar sem fram kemur:
  - Nafn framleiðanda, birgðanúmer netpoka og framleiðsluár.
  - Stærð netpoka og styrkleikaflokkur.
  - Efnisgerð, styrkleiki nets, leysisgarns og tógs sem notað er til að styrkja netpokann.
  - Staðfesting á að netpokinn sé unninn samkvæmt pöntun, að hann hafi verið framleiddur eftir viðurkenndum staðli og að haft hafi verið eftirlit með framleiðslunni.
  - Tilvísun í notkunar- og viðhaldshandbók.
  - Undirskrift forsvarsmanns eldisstöðvar og starfsmanns í gæðaeftirliti.
- e. Í notkunar- og viðhaldshandbók skulu koma fram leiðbeiningar um; hvernig festa á netpoka við floteiningu og lóð við netpoka, eftirlit, hreinsun og böðun á netpoka með gróðurhamlandi efnum, meðhöndlun hans við flutning og við hvaða aðstæður skal geyma hann.
- f. Ef netpoki er að koma úr viðgerð frá netaverkstæði skulu fylgja með niðurstöður eftirlitsins samkvæmt kröfum í viðauka 4, II. hluta í reglugerð þessari.

*Úrbætur:* Ef fram kemur í eftirliti að einhverju sé ábótavant skal netpoki endursendur eða gert við hann og það tilkynnt framleiðanda/netaverkstæði.

*Skráning:* Við móttöku á nýjum netpoka skal komið á ferilskráningu þar sem niðurstöður móttökueftirlits og aðrar upplýsingar um netpokann eru vistaðar. Niðurstöður eftirlits með netpoka sem er að koma úr viðgerð eru vistaðar í ferilskrá viðkomandi netpoka.

### *II. hluti – Ofansjávareftirlit.*

*Eftirlit:* Að lágmarki á 18 mánaða fresti skal gera úttekt á ástandi netpokans af starfsmönnum eldisstöðvar, netaverkstæði eða af öðrum hæfum aðilum. Fylgt skal eftirtöldum leiðbeiningum:

1. Byrjað skal á að framkvæma sjónrænt mat á sliti og götum á netpoka.
2. Mæla skal slitþol möskva á öllum netpokum sem eru eldri en tveggja ára. Tækjabúnaður sem notaður er við slitþolsmælingu skal uppfylla alþjóðlega staðalinn ISO 1806:2002 og kvarðaður minnst einu sinni á ári samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Við framkvæmd á slitþoli möskva skal fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

- a. Mæla skal slitþol möskva jafnt dreift yfir nótna, þrjár mælingar á hoppneti, þrjár á efsta metranum undir sjólínutóg, þrjár á miðju dýpi og þrjár á botni pokans.
- b. Mælingu á styrkleika möskva skal framkvæma áður en netpoki er baðaður. Með böðunarefni skal fylgja vottorð sem lýsir þeim breytingum sem eiga sér stað á styrk og eiginleika netmöskva eftir böðun.
- c. Þau svæði sem valin eru til sýnatöku skulu valin m.t.t. að þau séu dæmigerð fyrir ástand netpokans í heild sinni. Ef tekið er af viðgerðum svæðum eða netpokinn er settur saman úr mismunandi gerðum af möskvum, skal taka sýni til slitþolsmælingar af möskvum af mismunandi gerð og aldri.
- d. Við slitþolsmælingu skal þess gætt að slaki sé á netinu á þeim stað sem mælingin fer fram og þannig komið í veg fyrir að átak sé á möskvana sem geti haft áhrif á niðurstöðurnar.
- e. Slitþolsmælinguna er hægt að framkvæma bæði á þurrum og blautum möskvum. Mælingu skal ekki framkvæma á frosnum möskvum.
- f. Mælinguna skal framkvæma á einum möskva í einu og átakið skal koma á legginn í möskvanum en ekki í hnút eða samskeyti á hnútalausum möskvum.

*Viðmiðanir:* Möskvar í netpokanum skulu uppfylla að lágmarki 70% af slitþoli sem gefið er upp sem viðmiðun í töflu 2 í viðauka 3. Fyrir hoppnet er þó nægilegt að slitþolið sé 65%.

*Úrbætur:* Ef styrkleiki í hoppneti er undir viðmiðunarmörkum skal skipta um hoppnet. Heimilt er að stytta netpoka ef styrkur möskva er undir viðmiðunarmörkum eingöngu í efstu metrunum. Ef styrkleika netpoka er ábótavant á takmörkuðu svæði vegna slits skal gert við en ef styrkleiki er undir viðmiðunarmörkum yfir stóran hluta netpokans skal honum skipt út.

*Skráningar:* Niðurstöður sjónmats á sliti og götum á netpoka skal merkja með staðsetningu inn á kort. Slitþolsmælingar skal skrá í viðeigandi reit á sama eyðublað dagsett og undirskrifað af þeim aðila sem framkvæmir eftirlitið. Allar skráningar skulu vistaðar í ferilskrá viðkomandi netpoka.

## II.1 hluti – Neðansjávarfirtlit.

*Eftirlit:* Netpoka skal skoða með minnst 90 daga millibili með köfun eða með neðansjávarmyndavél. Neðansjávarfirtlit skal einnig framkvæma:

- a. Áður en nýr hópur af fiski er settur í eldiseininguna.
- b. Eftir meðhöndlun eða uppákomu sem eykur líkur á óhappi, s.s. eftir slæm veður, nótaskipti, flutning á fiski, eftir áhlaup afræningja, skemmdarverk á netpoka eða öðrum búnaði og eftir drátt á kví.
- c. Eftir slátrun, flokkun og aðra vinnu þar sem talið er að líkur séu á að netpoki hafi orðið fyrir skemmdum.

Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða litla, stutta og léttu netpoka er hægt að draga hverja hlið upp í yfirborð til að leita að götum.

*Viðmiðanir:* Engin göt eða slit á netpoka. Festingar úr netpoka í floteiningu í lagi. Engar flækjur eða núningur festinga eða búnaðar við netpoka.

*Úrbætur:* Viðgerðir skulu framkvæmdar strax. Ef gat á netpoka er það stórt að talin sé hætta á að fiskur hafi komist út um það skal það tilkynnt veiðimálastjóra og fylgt viðbragðsáætlun eldisstöðvar vegna slysasleppinga.

*Skráningar:* Niðurstöður eftirlits og úrbætur skulu skráðar í ferilskráningu fyrir viðkomandi netpoka með dagsetningu og undirskrift þess aðila sem framkvæmdi eftirlitið. Fram skal koma staðsetning kvíar, kafari, aðstoðarkafari, sjólýsing/skyggni í sjó, köfunartími og fjöldi kafana. Í þeim tilvikum sem gat á netpoka er það stórt að fiskur kemst út um það skal send skýrsla til veiðimálastjóra samkvæmt viðauka 2 með reglugerð þessari.

#### VIÐAUKI 5 Eftirlitsveiðar.

*Eftirlit:* Eftirlitsveiðar skal stunda á tímabilinu 1. október til og með 1. maí inn á milli kvíaþyrpinga í eldisstöðinni með það að markmiði að uppgötva slysasleppingar. Fyrir hverja kvíaþyrpingu skal nota tvö net, sem eru 25 metra löng og 4 til 6 metrar að dýpt. Val á möskvastærð miðast við þann fisk sem er í kvíaþyrpingum í eldisstöðinni á hverjum tíma. Netin skulu merkt með leyfisnúmeri eldisstöðvarinnar og skal hafa þau í yfirborði sjávar. Miðað skal við að framkvæma eftirlitið alla virka daga, ef veður hamlar ekki eftirlitinu.

*Viðmiðanir:* Engir laxfiskar í netum.

*Úrbætur:* Ef laxfiskar veiðast skal það tilkynnt veiðimálastjóra. Með köfun eða neðan-sjávarmyndatöku skal skoðað hvort gat sé á netpokum. Fiskur skal sendur til veiðimálastjóra til að meta hvort um sé að ræða eldisfisk. Ef gat finnst á netpokanum skal fylgja viðbragðs-áætlun eldisstöðvar vegna slysasleppinga.

*Skráningar:* Niðurstöður eftirlits skal skrá á sérstakt eyðublað og ef um er að ræða slysasleppingu skal skrifa skýrslu til veiðimálastjóra samkvæmt viðauka 2 með þessari reglugerð.

#### VIÐAUKI 6 Verklagsreglur.

1. Veiðimálastjóri skal gefa út verklagsreglur um viðbrögð við slysasleppingum þar sem fram komi markmið, skilgreining helstu áhættuþátta er orsaka slysasleppingu, hver sé ábyrgur og lýsing á framkvæmd í einstökum þáttum. Þegar það á við skal einnig nota teikningar eða myndir. Í verklagsreglum skal fjalla um eftirfarandi verkþætti:
  - a. Skipti á netpoka:
    - Skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að skipta um netpoka.
    - Skoðun á hvort netpoki sé of þungur vegna gróðurs og annarra ásæta og hvort líkur séu á að hann rifni við meðhöndlun.
    - Skoðun á nýrri nót áður en fiskur er settur í hana til að ganga úr skugga um að engin göt séu á henni og að frágangur á henni sé í lagi (sjá viðauka 4, I. mótökueftirlit).
    - Skilgreining á lágmarksfjölda starfsmanna við verkið og verksviði hvers en m.a. skulu nýir starfsmenn teknir með sem aukamenn til að læra rétt handbrögð.
    - Leiðbeiningar um lágmarksmöskvastærð miðað við tiltekna fiskstærð.
    - Samanburður á möskvastærð á nýjum netpoka og mældri stærð á fiski í gömlu nótinni áður en skipt er um netpoka til að staðreyna að möskvar séu nægilega litlir til að halda fiski inni í pokanum.

- Leiðbeiningar um hvernig á að festa netpoka í flotgrind og lóð í botntóg. Tryggja skal að nótpoki liggi eðlilega í sjó og fyrirbyggja þannig að hann lendi í skrúfu þjónustubáta.
  - Neðansjávarfirtlit með köfun eða myndatöku þegar lokið hefur verið við að skipta um netpoka.
- b. Aðrir verkþættir:
- Hreinsun á netpokum í sjó til að draga úr sliti og álagi netmöska.
  - Losun á dauðum fiski úr netpoka.
  - Meðhöndlun á fiski við móttöku, afhendingu, slátrun og flokkun.
  - Móttaka á stærri þjónustubátum sem ekki tilheyra daglegum rekstri eldisstöðvarinnar.
  - Aðgerðir til að koma í veg fyrir að rekis valdi tjóni á sjókví.
  - Aðferðir við að framkvæma drátt á sjókví með lifandi fiski.

#### VIÐAUKI 7

##### **Þjálfun starfsmanna í sjókvíaeldisstöðvum.**

1. Tryggja skal að starfsmenn fái þjálfun sem hefur það að markmiði að hindra slysasleppingar og hafi þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef slysasleppingar eiga sér stað.
2. Innan árs eftir að starfsmaður hóf störf hjá eldisstöð skal hann hafa sótt námskeið viðurkennt af veiðimálastjóra. Á námskeiðinu skal farið yfir:
  - a. Tjón sem getur átt sér stað á náttúrulegum laxastofnum við slysasleppingu.
  - b. Helstu ástæður fyrir slysasleppingum og hvernig best er að koma í veg fyrir þær.
  - c. Hvaða reglur gilda um veiðar á eldisfiski, sem sleppur úr kví og hvernig framkvæma skal veiðar á þeim.
3. Öllum starfsmönnum skal kynnt gæðakerfi eldisstöðvar og þær verklagsreglur sem farið er eftir við stjórnun í eldisstöðinni. Á meðan á þjálfun stendur skal nýliði vinna með vönum starfsmanni. Fyrir hvern starfsmann skal útbúin þjálfunarskrá sem inniheldur upplýsingar um:
  - a. Menntun og námskeið sem starfsmaðurinn hefur tekið.
  - b. Staðfestingu á að starfsmanninum hafi verið kynnt gæðakerfi eldisstöðvar.
  - c. Verkþætti sem starfsmaðurinn hefur fengið þjálfun í.
  - d. Starfsmenn sem hafa fengið þjálfun í framkvæmd eftirlits og hvernig grípa skuli til viðeigandi ráðstafana, ef frávik eiga sér stað.
4. Í þjálfunarskrá skal koma fram að til staðar sé staðgengill eða staðgenglar fyrir öll störf í stöðinni.

#### VIÐAUKI 8

##### **Sannprófun.**

1. Sannprófa skal innra eftirlit eldisstöðvar að lágmarki einu sinni á ári eða alltaf eftir slysasleppingu og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar. Við sannprófun eftir slysasleppingu skal vera unnt að sýna fram á að gerðar hafi verið fyrirbyggjandi ráðstafanir til að tryggja að slysaslepping endurtaki sig ekki. Þegar breytingar eru gerðar á búnaði, skipulagi eða stjórnun á eldisstöðinni, skal fara yfir breytingarnar og meta hvort líkur á slysasleppingu hafi aukist.



2. Í árlegri sannprófun skal fara yfir allar skráningar á innra eftirliti eldisstöðvarinnar í heild sinni og hafa til viðmiðunar eftirtalin atriði:
  - a. Hvort fyrirbyggjandi ráðstöfunum hafi verið framfylgt:
    - I. Viðhaldi á eldisstöðinni.
    - II. Þjálfun starfsmanna.
    - III. Verklagsreglum.
  - b. Hvort eftirlit og úrbætur hafi verið framkvæmdar eins og gert er ráð fyrir í innra eftirliti eldisstöðvar.
  - c. Hvort ástæða sé til að breyta þeim viðmiðunum sem notaðar eru.
  - d. Hvort fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar þegar farið er yfir athugasemdir sem gerðar hafa verið af eftirlitsmanni veiðimálastjóra.
3. Í árlegri sannprófun skal framkvæmd ítarleg úttekt á öllum búnaði eldisstöðvarinnar. Við eftirlit með köfun eða neðansjávarmyndatöku skal m.a. haft til hliðsjónar:
  - a. Hvort festingar séu í lagi.
  - b. Hvort floteining sé heil.
  - c. Sannprófun viðhaldsáætlunar eldisstöðvar.
4. Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirskrifaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar og gerð skal tímasett úrbótaáætlun fyrir þau atriði sem var ábótavant.

## REGLUGERÐ

### um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

#### 1. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir:

Opinberir aðilar að frátöldum sveitarfélögum, stofnunum þeirra, öðrum opinberum aðilum á þeirra vegum eða samtökum sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

Vörukaup	13.422.320 kr.
Þjónusta	20.649.757 kr.
Verkframkvæmdir	516.243.832 kr.

Sveitarfélög, stofnanir þeirra, aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum og samtök sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

Vörukaup	20.649.757 kr.
Þjónusta	20.649.757 kr.
Verkframkvæmdir	516.243.832 kr.

Viðmiðunarfjárhæð vegna kynningarauglýsingar á Evrópska efnahagssvæðinu vegna áætlaðra kaupa á einu ári er 77.436.589 kr.

## 2. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir skv. 1. gr. reglugerðar þessarar gilda einnig um útboðsskyldu vegna innkaupa samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup sem Ísland er aðili að.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 8. gr. og 56. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum, og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 513/2001 um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

*Fjármálaráðuneytinu, 23. desember 2003.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Stefán Jón Friðriksson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Verðlauna- og styrkjasjóð á sviði læknisfræði.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður í læknisfræði“.  
Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru lækarnir:  
Árni Kristinsson, kt. 180235-7369, Kaplaskjólsvégi 52 í Reykjavík og Þórður Harðarson, kt. 140340-4649, Hellulandi 10 í Reykjavík.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun og/eða styrki til rannsókna og framþróunar í læknisfræði á Íslandi.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hverju sinni þrjár einstaklingar. Við skipti á stjórnarmönnum skulu sitjandi stjórnarmenn ákveða nýjan aðila í stjórn. Formaður stjórnar skal kjörinn af stjórn sjóðsins.

## 5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 700.000 og má ekki skerða það.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og frjáls framlög, hverju nafni sem nefnast.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ávöxtun hans og á hvern hátt fé sjóðsins skuli varið innan þess ramma sem 3. gr. skipulagsskrárinnar segir til um.

## 8. gr.

Sjóðsstjórn skal halda fundagerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum, sbr. þó ákvæði 11. greinar stofnskrárinnar.

## 9. gr.

Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

## 10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 30. júní næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytis. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 3. gr. um tilgang sjóðsins né heldur ákvæðum 12. gr. um ráðstöfun á eignum við sjóðsslit.

## 12. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til tækjakaupa fyrir Landspítala - háskólasjúkrahús samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar spítalans.

## 13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
990	9. des.	Reglugerð um (5.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð .....	2863
991	16. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um Happraetti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976, með síðari breytingum ...	2863-2864
992	19. des.	Reglugerð um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum .....	2864
993	19. des.	Gjaldskrá fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast .....	2865
994	10. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Súðavík .....	2865
995	17. des.	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum .....	2866
996	17. des.	Gjaldskrá fyrir fráveitugjald í Bessastaðahreppi .....	2866-2867
997	16. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit .....	2867
998	10. des.	Gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Súðavíkurhreppi .....	2868-2869
999	22. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brekku, Borgarbyggð .....	2869
1000	22. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða .....	2869
1001	17. des.	Gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands .....	2870-2876
1002	22. des.	Reglur um (2.) breytingu á reglum nr. 401/2000 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar .....	2876-2877
1003	22. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, sbr. reglugerð nr. 915/2002 .....	2877
1004	22. des.	Reglugerð um hámark ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa .....	2878
1005	23. des.	Reglugerð um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2004, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands ...	2878-2880
1006	22. des.	Gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi .....	2880-2881
1007	23. des.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum .....	2882
1008	23. des.	Reglur um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu ....	2883
1009	22. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Austurbyggð .....	2883
1010	17. des.	Reglugerð um ættleiðingar barna erlendis .....	2884
1011	29. des.	Reglugerð um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum .....	2885-2898
1012	23. des.	Reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup .....	2898-2899
1013	17. des.	Skipulagsskrá fyrir Verðlauna- og styrkjasjóð á sviði læknisfræði .....	2899-2900

